



UMHVERFISSTOFNUN

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull



Samantekt um Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Viðauki III með verndaráætlun





**Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.
Samantekt fyrir verndaráætlun.**

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sími: 591 2000
Símbref: 591 2020

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
Klettsbúð 7
360 Snæfellsbær
Sími: 436 6860
Símbref: 436 6861

Texti: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Margrét Valdimarsdóttir, Umhverfisstofnun.

Kortagerð: Jón Örvar G. Jónsson, Margrét Valdimarsdóttir.

Forsíðumynd: Snævarr Guðmundsson.

Aðrar myndir: Snævarr Guðmundsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.

© Umhverfisstofnun, Reykjavík, 2010

Formáli

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001 samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd og er þjóðgarðurinn í umsjón Umhverfisstofnunar. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er eitt af fjölmörgum friðlýstum svæðum á Íslandi en Umhverfisstofnun hefur umsjón með flestum þeim svæðum sem friðlýst eru samkvæmt lögum um náttúruvernd. Stofnunin hefur margþætt hlutverk varðandi umsjón, rekstur, fræðslu og eftirlit á friðlýstum svæðum. Hún er jafnframt leyfisveitandi á svæðunum og á það jafnt við um hvers konar framkvæmdir eða mannvirkjagerð sem og rannsóknir. Markmið verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul er að tryggja vernd náttúru- og menningarminja. Í þessu felst m.a. að náttúra þjóðgarðsins fái að þróast eftir eigin lögmálum eins og kostur er um leið og almenningi er gert kleift að njóta þess sem svæðið hefur upp á að bjóða. Fleiri ferðamönnum fylgir aukið álag á náttúruna og eykur það þörfina á skipulagi vegna verndunar innan þjóðgarðsins.

Verndaráætlunin felur í sér stefnumörkun til framtíðar. Framkvæmdaáætlun (viðauki I), sem lýsir þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að framfylgja markmiðum verndaráætlunarinnar, var unnin samhliða verndaráætluninni. Verndaráætlunin er því einnig stjórnæki sem tekur m. a. á landvörslu, skipulagi, vernd og stjórnun.

Verndaráætlun er samvinnuverkefni fjölda hagsmunaaðila s.s. sveitarstjórnar, Umhverfisstofnunar og ferðaþjónustuaðila. Þjóðgarðurinn hefur ásamt sveitarfélögunum á Snæfellsnesi hlotið Earth Check umhverfisvottun fyrir umhverfisvæna starfsemi og er verndaráætlunin í samræmi við hana. Verndaráætlun er í samræmi við reglugerð um þjóðgarðinn Snæfellsjökul nr. 568/2001.

Eins og kveðið er á um í 52 gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og í 22. gr. reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul er þessi tillaga að verndaráætlun og landnotkun lögð fyrir umhverfisráðherra til staðfestingar.

Þakkarorð

Margir aðilar lögðu hönd á plóginn við gerð þessarar samantektar. Ber sérstaklega að þakka sérfræðingum hjá Umhverfisstofnun og ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins. Einnig skal þakkað þeim stofnunum, samtökum og einstaklingum sem lásu samantektina yfir, sendu inn athugasemdir og bentu á hvað betur mætti fara. Síðast en ekki síst ber að þakka þeim sem hafa í samtölum við starfsmenn kveikt hugmyndir og rætt mál sem leitt hafa til frjórri skoðanaskipta og hugmyndaavinnu.

Lykilatriði

Þjóðgarðar eru stofnaðir til að varðveita sérstætt landslag, lífríki og menningarminjar og veita almenningi upplýsingar um landsvæðið og aðgang að því eftir tilteknum reglum. Sérstaða þjóðgarðsins felst í að jökullinn sjálfur, Snæfellsjökull er innan hans, í fjölbreytilegum jarðmyndunum, nálægð við sjóinn og merkum sögulegum minjum tengdum árabátaútgærd. Meginmarkmið verndarinnar og aðferðir til að ná þeim eru eftirfarandi:

Kortlagning svæðisins – Helstu náttúrafarseinkenni og landslagsgerð, s.s. strandgerð, hraun, graslendi, votlendi og fjallendi eru kortlögð. Út frá þessu er svæðinu skipt upp og flokkað eftir verndargildi, hættu á raski og hversu viðkvæmt landið er fyrir breytingum. Þetta skapar grundvöll fyrir skipulag á verndun og uppbyggingu til framtíðar.

Mörk og eignarhald á landi – Innan ystu marka þjóðgarðsins eru landsvæði sem ekki tilheyra þjóðgarðinum. Til að auðvelda heildstæða stjórnun er nauðsynlegt að þau komist í eigu ríkisins og umsjón þjóðgarðsins. Ef litið er til nærliggjandi náttúruverndarsvæða og landslagsheilda er æskilegt að framtíðarmörk þjóðgarðsins liggja um Fróðárheiði. Stærri svæði skapar betri heild en um leið er nauðsynlegt að skipta landnotkun nánar eftir svæðum innan þjóðgarðsins þar sem taka þarf tillit til fleiri og margþættari landnotkunar en nú er gert, s.s. landbúnaðar, sumarhúsabyggingar, sjósóknar og friðunar. Ef af slíkri stækkun verður kallar það á gott samstarf og samráð við alla hagsmunadila.

Jarðfræði – Verndargildi þjóðgarðsins felst að stórum hluta í fjölbreyttum jarðmyndunum. Markmið þjóðgarðsins er að viðhalda þessu verndargildi með því að rýra ekki jarðfræðilega fjölbreytni svæðisins. Markmiðið næst með því að verndun jarðmyndana sé ávallt höfð að leiðarljósi við skipulag, framkvæmdir og aðra uppbyggingu og að markvisst sé unnið að fræðslu um mikilvægi þeirra.

Lífríki – Markmið þjóðgarðsins er að vernda lífríki svæðisins í sem upprunalegasti mynd í anda samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Náttúra svæðisins á að fá að þróast sem mest án inngripa mannsins og óheimilt er að flytja inn framandi tegundir í þjóðgarðinn. Öll endurheimt og/eða stjórnun búsvæða, vistgerða eða vistkerfa sem hugsanlega verður ákveðin skal taka mið af framangreindu. Óheimilt er að stunda fiskeldi eða skógrækt innan þjóðgarðsins eða hvaða þá starfsemi sem er líkleg til að samrýmast ekki framangreindum markmiðum. Innan þjóðgarðsins er að finna þrjár plöntur á valista. Fjöldi sjófugla er við sjóinn, refagreni eru í þjóðgarðinum, fjörur eru fjölbreyttar og gróðurfar í hraunum fjölskrúðugt.

Aðgerðir sem stuðla að verndun – Meðal aðgerða sem stuðla að verndun er að eyða framandi plöntutegundum og dýrategundum sem hafa áhrif á ríkjandi vistkerfi á svæðinu. Laga þarf lýti sem hafa orðið á landslagi, s.s. með því að ganga frá malartökustöðum og sorpurðunarstöðum og laga þá að landinu og hindra jafnframt losun mengandi efna. Byggja þarf upp ákveðna þjónustu, t.d. að leggja góða göngustíga á völdum stöðum til að beina fólki frá viðkvæmari svæðum og inn á aðra áhugaverða staði.

Menningarminjar – Verndargildi þjóðgarðsins felst m.a. í menningarminjum frá þeim tíma þegar gert var út á árabátum frá verstöðvum víða við ströndina. Tryggja þarf að menningarminjar séu verndaðar m.a. með því að stuðla að skráningu, rannsóknum og fræðslu, og sjá til þess að hvergi sé við þeim hróflað nema með samþykki viðkomandi stjórnvalds, Fornleifaverndar ríkisins.

Landslag – Snæfellsjökull er megineinkenni þjóðgarðsins og landshlutans. Landslag þjóðgarðsins hefur mikið verndargildi á alþjóðavísu, enda einkennist það og er mótað af fjölbreyttum jarðmyndunum og eldvirkni. Við hönnun mannvirkja þarf að hafa að

leiðarljósi að þau falli vel að heildarsvipmóti umhverfisins þannig að þau skerði ekki hughrif fólks af landslaginu.

Útivist og ferðapjónusta – Náttúran er helsta aðráttarafl Íslands fyrir erlenda ferðamenn. Útivist í þjóðgarðinum byggist að stærstum hluta á náttúrunni en menningarminjar, sögur og sagnir og aðrir menningartengdir þættir hafa einnig mikla þýðingu fyrir ferðamenn á svæðinu. Nauðsynlegt er að uppbygging innan þjóðgarðsins stuðli að góðu aðgengi fyrir alla og að hún verndi jafnframt náttúruna. Upplýsa þarf gesti um þær umgengnisreglur sem gilda, s.s. varðandi gistingu í þjóðgarðinum og umferð á Snæfellsjökli.

Aðstaða fyrir gesti – þjónusta – Kjarnar þjónustu verða tveir, þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi og gestastofa á sunnanverðu Snæfellsnesi. Báðir staðirnir eru fyrir utan núverandi mörk þjóðgarðsins en á þessu svæði er slíkt fyrirkomulag talið ákjósanlegt og stuðla að betri nýtingu á ýmiss konar aðstöðu. Önnur aðstaða, s.s. áningarstaðir, bílastæði, salerni, stígar og skilti í þágu ferðapjónustu, verða á vinsælum viðkomustöðum innan þjóðgarðsins. Gert er ráð fyrir að gistiaðstaða, þar með talin aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi og húsbíla, verði utan núverandi þjóðgarðsmarka. Við uppbyggingu í þjóðgarðinum er lögð áhersla á aðgengi fyrir alla.

Vinsælir viðkomustaðir – Þjóðgarðinum er skipt í tíu svæði m.t.t. til núverandi nýtingar og framtíðaruppbyggingar fyrir ferðamenn. Innan hvers svæðis eru vinsælir viðkomustaðir. Gerð er grein fyrir núverandi ástandi og framtíðaráformum þegar fjallað er um hvern þeirra fyrir sig síðar í verndaráætluninni. Markmiðið er að aðstaða á hverjum stað fullnægi þörfum gesta og tryggi verndun náttúrunnar.

Kynning, fræðsla og samstarf – Gert er ráð fyrir að öll fræðsla og upplýsingagjöf taki mið af aðferðafræði umhverfistúlkunar þar sem m.a. er gert ráð fyrir virkni þjóðgarðsgesta. Almennum ferðamönnum er gefinn kostur á að taka þátt í fræðsludagskrá á sumrin en einnig er lögð áhersla á móttöku sérhópa. Landverðir sjá um meginþunga fræðslunnar á sumrin. Í gestastofu á Hellnum, og síðar einnig á Hellissandi, verður aðstaða til að taka á móti hópum. Auk þess geta almennir ferðamenn leitað sér fræðslu og upplýsinga í gestastofu. Stefnt er að því að byggja upp fræðsluefni fyrir öll stig skólakerfisins og í framhaldi af því að koma á fót náttúruskóla. Ráðgert er að þjóðgarðurinn verði með sína eigin heimasíðu.

Þátttaka heimamanna – Íbúar í sveitarfélaginu Snæfellsbæ fóstora þjóðgarðinn fyrir alla landsmenn. Það er því mikilvægt út frá atvinnu-, félagslegum- og verndarsjónarmiðum að bæði starfsmenn þjóðgarðsins og samfélagið á staðnum vinni saman og séu virkir þátttakendur í starfsemi og uppbyggingu þjóðgarðsins. Þetta má m.a. gera með vinnu- og fræðslufundum eða fræðsluferðum með þátttöku heimamanna þar sem málefni þjóðgarðsins eru tekin fyrir.

Hagrænt gildi – Þjóðgarðurinn er hluti þeirrar jákvæðu ímyndar sem nýtt er í markaðssetningu ferðapjónustu á svæðinu. Tækifæri í ferðapjónustu nýtast heimamönnum við að skapa atvinnu. Vegna vegagerðar í þjóðgarðinum var efni til hennar tekið tímabundið innan þjóðgarðsins. Siglingastofnun starfrækir þrjá vita á svæðinu. Slysavarnafélagið Landsbjörg rekur þjálfunarbúðir á Gufuskálum. Sauðfjárbætur er leyfð innan þjóðgarðsins og kvikmyndun er háð skilyrðum.

Rannsóknir – Nauðsynlegt er að þjóðgarðurinn eigi gott samstarf við þá aðila sem stunda rannsóknir á svæðinu. Tryggt verði að þjóðgarðinum berist niðurstöður rannsókna, að til sé ítarlegur listi yfir þær og verði hann aðgengilegur á Netinu.

Vöktun – Gera þarf vöktunaráætlun fyrir þjóðgarðinn til lengri tíma þar sem tekið er á ýmsum þáttum. Meðal þess sem þarf að vakta eru fágætar plöntur, refir, fjöldi ferðamanna og viðhorf þeirra, ástand göngustíga, jarðmyndana og menningarminjar. Við gerð vöktunaráætlana er mikilvægt að samstarf verði haft við fagaðila.

Starfsmenn – Í þjóðgarðinum starfar þjóðgarðsvörður og sérfræðingur/landvörður allt árið. Yfir sumarið koma landverðir til starfa. Ljóst er að með frekari stækkun og kröftugra starfi verður þörf fyrir fleiri heilsársstarfsmenn og landverði. Lenging ferðamannatímans spilar þar einnig inn í og auk þess sú staðreynd að þjóðgarðurinn er víðfemur.

Fjármögnun – Unnið verði að því að leiðrétta rekstrargrunn þjóðgarðsins. Sótt verði um þá styrki sem mögulegt er og aðrar fjármögnunarleiðir nýttar í samræmi við þær reglur sem gilda hjá Umhverfisstofnun. Tryggja þarf að styrktaraðilar lagi sig að því að um er að ræða þjóðgarð þar sem ákveðnar reglur gilda. Tryggja þarf að auglýsingar styrktaraðila brjóti t.d. ekki í bága við markmið þjóðgarðsins og laga um náttúruvernd.

Endurskoðun – Gildistími verndaráætlunarinnar er tíu ár. Með verndaráætluninni fylgir verkefnaáætlun til fimm ára sem endurskoðuð er árlega áður en fjárhagsáætlun er gerð.

Efnisyfirlit

Þakkarorð	3
Lykilatriði.....	4
Efnisyfirlit.....	7
Korta-, mynda- og töfluskrá. Viðaukar við verndaráætlun.	9
1 Almenn kynning.....	10
1.1 Yfirlit.....	10
1.2 Almenn viðmið – gildi.....	11
1.3 Samráð.....	15
2 Leiðir til stjórnunar.....	16
2.1 Lagaleg umgjörð og skipulagsrammi.....	16
2.2 Stefna og markmið.....	17
2.3 Hlutverk og ábyrgð stofnana, stjórnáætlun og hagsmuna- og félagsamtaka.....	18
3 Landnotkun.....	20
3.1 Mörk og eignarhald á landi.....	20
3.2 Svæðisskipting.....	21
3.3 Tenging við nærliggjandi svæði.....	22
3.4 Vegir.....	22
4 Verndun og verndarmarkmið.....	26
4.1 Yfirlit.....	26
4.2 Jarðfræði.....	26
Jarðmyndanir.....	26
Vatnafar.....	28
Hellar.....	28
Snæfellsjökull.....	29
4.3 Lífríki.....	30
Ströndin.....	31
Gróðurfar.....	32
Fuglar.....	33
Dýr, önnur en fuglar.....	36
4.4 Menningarminjar.....	37
4.5 Landslag.....	40
5 Sérstækar aðgerðir sem stuðla að verndun.....	42
5.1 Vistkerfi.....	42
Gróðurfar.....	42
Dýralíf.....	42
5.2 Búsetulandslag.....	43
5.3 Frágangur efnistökusvæða.....	43
5.4 Frágangur sorpurðunarstaða.....	44
6 Útivist og ferðaþjónusta.....	46
6.1 Yfirlit.....	46
6.2 Aðstaða fyrir gesti – þjónusta.....	47
6.3 Gönguleiðir.....	48
6.4 Ferðir á Snæfellsjökul.....	49
6.5 Fuglaskoðun.....	51
6.6 Hestaferðir.....	52
6.7 Hellaskoðun.....	52
6.8 Tjaldsvæði.....	53
6.9 Aðgengi fyrir alla.....	54

6.10	Öryggi gesta	56
6.11	Vinsælir viðkomustaðir	56
	Snæfellsjökull	58
	Gufuskálar	58
	Öndverðarnes	59
	Eysteinsdalur - Harðibali	59
	Saxhóll – Djúpudalir	60
	Beruvík	60
	Hólahólar	61
	Purkhólahraun	61
	Djúpalónssandur og Dritvík	61
	Svalpúfa og Lóndrangar, Malarrif	63
7	Kynning, fræðsla og samstarf	64
7.1	Umhverfisfræðsla og umhverfistúlkun	64
7.2	Auglýsingar	65
7.3	Þátttaka heimamanna	66
8	Hagrænt gildi	67
8.1	Yfirlit	67
8.2	Leyfisveitingar	67
8.3	Jarðefnanám	67
8.4	Búfjárbætur – sauðfjárbætur	69
8.5	Eggjataka	69
8.6	Kvikmyndun	70
8.7	Þjónusta	70
	Vitar	70
	Starfsmannaaðstaða Siglingastofnunar á Malarrifi	70
	Starfsemi á Gufuskálum	71
8.8	Minnisvarðar	71
9	Rannsóknir og vöktun	73
9.1	Rannsóknir	73
9.2	Vöktun	74
10	Framkvæmd verndaráætlunar	75
10.1	Starfsfólk og stjórnun	75
10.2	Fjármögnun	75
	Fjárlög	75
	Styrkir og kostun	75
10.3	Endurskoðun verndaráætlunar	76
10.4	Forgangsröðun	76
11	Heimildir	78
12	Fylgiskjal I Athugasemdir sem bárust vegna verndaráætlunar	80
13	Fylgiskjal II Reglugerð um þjóðgarðinn Snæfellsjökul	92

Korta-, mynda- og töfluskrá. Viðaukar við verndaráætlun.

Kort 1-1 <i>Mörk Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls</i>	11
Kort 3-1 <i>Náttúrufar</i>	21
Kort 4-1 <i>Menningarminjar</i>	39
Kort 5-1 <i>Frágangur sorpurðunarstaða</i>	44
Kort 6-1 <i>Gönguleiðir</i>	48
Kort 6-2 <i>Aðgengi breyfihamlaðra</i>	55
Kort 6-3 <i>Vinsalir við komustaðir</i>	57
Kort 8-1 <i>Jarðefnanám</i>	68
Mynd 4-1 <i>Saxból</i>	27
Mynd 4-2 <i>Öndverðarnesfjara</i>	31
Mynd 4-3 <i>Stuttnefjur í Saxbólshjarga</i>	34
Mynd 4-4 <i>Töfur</i>	36
Mynd 5-1 <i>Við túngarðshliðið á Saxbóli</i>	43
Mynd 6-1 <i>Hellaskoðun í Ísbelli</i>	53
Mynd 6-2 <i>Fiskebyrgi við Gufuskála</i>	58
Mynd 6-3 <i>Göngubrú yfir Móðulæk í Eysteinsdal</i>	59
Mynd 6-4 <i>Frá Djúpalónssandi</i>	62
Mynd 7-1 <i>Í gestastofu</i>	64
Mynd 9-1 <i>Ferlaufungur</i>	74
Tafla 1-1 <i>Viðmið við mat á verndargildi</i>	13
Tafla 1-2 <i>Breytingar á Snæfellsjökli skv. mælingum</i>	30
Tafla 1-3 <i>Talning á fimm tegundum sjófugla</i>	35

Viðauki I Framkvæmdaáætlun. Leiðir til að ná markmiðum verndaráætlunar.

Viðauki II Verkefnaáætlun.

Viðauki III Samantekt um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul vegna verndaráætlunar.

Viðauki IV Jarðfræði.

Viðauki V Lífríki.

Viðauki VI Menningarminjar.

1 Almenn kynning

1.1 Yfirlit

Þjóðgarðar eru stofnaðir skv. 51. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þeir eru á landsvæði sem ástæða þykir til að vernda vegna sérstæðs landslags eða náttúrufars eða ef á því hvílir söguleg helgi. Markmiðið með friðlýsingu Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er annars vegar að vernda sérstæða náttúru og sögulegar minjar og hins vegar að auðvelda fólki umgengni um svæðið og kynni af því.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður þann 28. júní 2001. Friðlýsing Snæfellsjökuls og vestasta hluta Snæfellsness átti sér nokkuð langan aðdraganda. Fyrstu opinberu hugmyndir um friðun svæðisins má rekja til Eysteins Jónssonar ráðherra og formanns Náttúruverndarráðs 30 árum fyrir stofnun þjóðgarðsins. Á fyrsta náttúruverndarþingi árið 1972 var ályktað um að stofna þjóðgarð á utanverðu Snæfellsnesi. Náttúruverndarráð skoðaði svæðið sumarið 1974 og árið 1977 var lögð fram tillaga að friðlandi undir Jökli. Verulegur skriður komst á málið árið 1994 þegar þáverandi umhverfisráðherra, Össur Skarphéðinsson, skipaði undirbúningsnefnd til að vinna að friðlýsingu svæðisins. Formaður þeirrar nefndar var Sturla Böðvarsson sem var samgönguráðherra þegar þjóðgarðurinn var stofnaður. Aðrir nefndarmenn voru Magnús Eiríksson, Skúli Alexandersson, Margrét Björk Björnsdóttir og Sveinn Elínbergsson. Nefndin skilaði lokaskýrslu árið 1997. Sú skýrsla er grunnur að þeirri vinnu sem fram fór í kjölfarið. Árið 2000 var síðan ákveðið að stofna þjóðgarðinn árið 2001. Um miðjan maí það ár skipaði Siv Friðleifsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, fimm manna starfshóp til að annast undirbúning að stofnun hans. Formaður þeirrar nefndar var Stefán Jóhann Sigurðsson og aðrir nefndarmenn voru Ásbjörn Óttarsson, Kristinn Jónasson, Guðríður Þorvarðardóttir og Pétur S. Jóhannsson. Nefndin skilaði lokaskýrslu í júní það ár og stofndagur þjóðgarðsins var, eins og fyrir segir, þann 28. júní árið 2001.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er í Snæfellsbæ. Að sunnan liggja mörk þjóðgarðsins um eystri jaðar Háahrauns í landi Dagverðarár, meðfram austurjaðri Snæfellsjökuls og norðurmörkin liggja um austurmörk Gufuskálalands (sjá kort 1.1). Fjölbreytileiki jarðmyndana er óvíða jafn mikill og á Snæfellsnesi. Snæfellsjökull er kjarni eldvirkinnar í þjóðgarðinum en verndargildi þjóðgarðsins felst einkum í mörgum og fjölbreyttum gosmyndunum. Snæfellsjökull skipar auk þess sérstakan sess í hugum fólks enda er kraftur jökulsins margrómaður. Sérstæða þjóðgarðsins felst einnig í nálægð við sjóinn og fjölbreyttri strandlengju en þjóðgarðurinn er sá fyrsti hér á landi sem nær í sjó fram. Menningarminjar tengdar búsetu og sjósókn frá tímum arabátautgerðar eru einnig mikilvægar. Hraunin á svæðinu eru gljúp svo að mjög lítið vatn er á yfirborði, sem aftur takmarkar möguleika á uppbyggingu, t.d. salernisadstöðu og tjaldstæðum.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull heyrir undir Umhverfisstofnun sem tilheyrir umhverfisráðuneyti. Umhverfisstofnun fer með stjórn þjóðgarðsins en henni til ráðgjafar starfar ráðgjafarnefnd með fulltrúum Snæfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Ferðamálasamtaka Snæfellsness og Umhverfisstofnunar. Þjóðgarðsvörður sér um daglegan rekstur þjóðgarðsins en auk hans er heilsársstöðugildi sérfræðings við þjóðgarðinn. Á sumrin eru starfandi landverðir sem sjá um daglegan rekstur gestastofu á Hellnum, sumardagskrá þjóðgarðsins, viðhald og eftirlit í þjóðgarðinum og friðlöndunum í Búdahrauni og ströndinni á milli Arnarstapa og Hellna ásamt náttúruvættinu Bárðarlaug.

Verndaráætlun þessi var unnin af starfsmönnum Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls þeim Margréti Valdimarsdóttur, sem hafði yfirumsjón með vinnunni í byrjun, og Guðbjörgu Gunnarsdóttur. Aðrir starfsmenn Umhverfisstofnunar sem störfuðu á sviði náttúruverndar, einkum Trausti Baldursson og Guðríður Þorvarðardóttir, komu að gerð

hennar, auk annarra fagaðila sem leitað var til. Við gerð áætlunarinnar voru hafðar til hlíðsjónar verndaráætlanir frá öðrum löndum. Haft var samráð við fjölmarga aðila um gerð verksins.



Kort 1-1 Mörk Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

1.2 Almenn viðmið – gildi

Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem gefin var út árið 2003 og unnin af Umhverfisstofnun í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands var fjallað um 75 svæði á landinu sem ástæða þykir til að friðlýsa.¹ Hugmyndafræði áætlunarinnar byggist á neti friðlýstra svæða sem, ásamt sértækri friðlýsingu sjaldgæfra plantna og dýra, á að tryggja verndun þeirra fugla, plantna og jarðminja, sem og ákveðinna vistgerða, s.s. náttúrulegra birkiskóga og mikilvægra vatnakerfa. Með öðrum orðum þá mynda svæðin skipulegt net verndarsvæða sem eiga að tryggja líffræðilega fjölbreytni og að mörgu leyti líka verndun jarðfræðilegrar fjölbreytni. Það skal þó tekið fram að mikið vantar af grunnupplýsingum og er framgreind áætlun sú fyrsta sinnar tegundar og verður hún í stöðugri þróun. Forsendur fyrir vali svæðanna felast í fyrirliggjandi upplýsingum um náttúru Íslands og sérstöðu hennar ásamt skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi. Þessar skuldbindingar

¹ Umhverfisstofnun, 2003.

koma einkum fram í samningnum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni (1992) og Bernar-samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (1983). Fjölbreytni náttúrunnar, bæði líffræðileg fjölbreytni og svipmót landsins, hvílir að mestu leyti á jarðfræðilegri fjölbreytni. Enn sem komið er eru engir alþjóðasamningar til um verndargildi jarðminja og Ísland hefur ekki gerst aðili að evrópska landslagssamningnum (2004). Íslendingar hafa hins vegar tekið þátt í erlendu starfi um vernd jarðminja og jarðfræðilegan fjölbreytileika t.d. í norrænu verkefni, Geodiversitedt i nordisk naturvård.²

Í náttúruverndaráætlun er viðfangsefninu skipt í viðföng og viðmið. Viðföng eru mála-flokkarnir, þ.e. jarðmyndanir, vatnafar, lífverur, vistkerfi, landslag, víðerni og menningar- og söguminjar. Viðmiðin eru hins vegar þau atriði sem notuð eru til að meta sérstöðu eða verndargildi mismunandi málaflokka innan hvers svæðis. Auk þessara viðmiða er tekið fram hvort ákvæði náttúruverndarlaga um sérstaka vernd eigi við.³

Í þessari verndaráætlun er fjallað um eitt svæði, þ.e. þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Ástæða er til að draga sérstöðu þjóðgarðsins fram á enn skýrari hátt en gert er í náttúruverndar-áætlun þar sem fjallað er um mörg svæði. Þau viðmið sem notuð eru til að meta verndargildi þjóðgarðsins eru þau sömu og í náttúruverndaráætlun en hér eru þau sundurliðuð enn frekar en þar. Viðmiðin eru talin upp í töflu 1.1. Einungis er merkt við þá reiti sem eiga við. Í töflunni kemur fyrir viðfangið *viðerni* þó svo það eigi ekki við um þjóðgarðinn. Vistgerðir innan þjóðgarðsins hafa ekki verið kannaðar. Á eftir töflunni er gerð nánari grein fyrir hverju viðmiði í stuttu máli. Í kafla 4, um verndun og verndarmarkmið, er síðan ítarlegri umfjöllun um hvern málaflokk, jarðfræði, lífríki, menningarminjar og landslag, en í þeirri umfjöllun eru viðmiðin sem hér koma fram höfð til hliðsjónar. Auk þess er í viðaukum með verndaráætluninni fjallað ítarlegar um jarðfræði, lífríki og menningarminjar.

² Norræna ráðherranefndin, 2000.

³ Umhverfisstofnun, 2003.

Tafla 1-1 Viðmið við mat á verndargildi.

Þau atriði sem eiga við um þjóðgarðinn eru merkt með x.

Almenn viðmið	Jarðmyndanir	Vatnafar	Plöntur	Dýr	Vistkerfi, vistgerðir, búsv.	Landslag	Víðerni	Menningar- og söguminjar
Sjaldgæfar tegundir, fágætar náttúruminjar	x		x					
Tegundir í útrýmingarhættu			x					
Óvenjulega tegundarík svæði	x							
Svæði sem eru viðkvæm fyrir röskun	x		x					
Sérstaklega fjölbreyttar náttúruminjar	x							
Viðhald sterkra stofna								
Viðhald náttúrulega þróunarferla								
Samfelldar, heildstæðar eða óraskaðar náttúruminjar	x					x		
Alþjóðlegt náttúruverndargildi								
Alþjóðleg ábyrgð				x				
Vísindalegt gildi	x	x						x
Félagslegt gildi	x				x	x		x
Efnahagslegt gildi	x				x	x		x
Menningarlegt gildi								x
Einkennandi fyrir náttúrufar svæðisins / landshlutans	x					x		
Sjónrænt gildi	x					x		
Önnur viðmið sem eru sérstaklega tilgreind sbr. 37. og 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd								
Eldvörp, gervigígar, eldhraun	x		Stöðuvötn og tjarnir, $\geq 1000 \text{ m}^2$		Náttúrulegir birkiskógar			
Fossar			Mýrar og flóar, $\geq 3 \text{ ha}$		Skógar til útivistar			
Hverir og heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður			Sjávarfitjar og leirur					

Sjaldgæfar tegundir – Fágætar náttúruminjar – Innan þjóðgarðsins er að finna friðlýstu plöntutegundina ferlaufung (*Paris quadrifolia*) sem talin er í nokkurri hættu og því á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Steindirnar *tenorite* og *atacamite* hafa fundist í hellum í Purkhólahreuni en þær hafa ekki fundist annars staðar hér á landi.

Tegundir í útrýmingarhættu – Tvær lágplöntur innan þjóðgarðsins eru taldar í bráðri hættu skv. valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þetta eru tegundirnar gígnæfra (*Lobaria scrobiculata*) og gulrenda (*Pseudocyphellaria crocata*).

Óvenjulega tegundarík svæði – Ekki eru óvenjulega tegundarík svæði innan þjóðgarðsins að frátöldum jarðmyndunum, sem eru mjög fjölbreyttar.

Svæði sem eru viðkvæm fyrir röskun – Úfin hraun með mosagróðri eru mjög viðkvæm fyrir raski. Sama er að segja um svæði þar sem fornleifar eru fyrir hendi. Upp að vissu marki má segja að sum hraunin verndi sig sjálf þar sem þau eru erfið yfirferðar, t.d. Háhraun.

Sérstaklega fjölbreyttar náttúruminjar – Innan þjóðgarðsins eru sérstaklega fjölbreyttar jarðmyndanir sem allar tengjast eldstöðvakerfi Snæfellsjökuls. Á tiltölulega litlu svæði eru t.d. hraunbreiður sem eru ólíkar að gerð og aldri, gígar af mismunandi gerð, hraunhellar með dropsteinum, vikurlög, stuðlaberg, móbergs- og líparítfjöll, jökulsorfið land, sjávarhamrar og margbreytilegar fjörur.

Viðhald sterkra stofna – Hér er lagt mat á hvort svæðið sé mikilvægt fyrir stóran hóp ákveðinnar tegundar (>1%). Þetta á ekki við um þjóðgarðinn. Þó má nefna að yst á Snæfellsnesi eru nokkuð stór fuglabjörg, með þeim stærstu á svæðinu frá sunnanverðu Reykjanesi að Barðaströnd.

Viðhald náttúrulegra þróunarferla – Þarna er átt við samfelld heildstæð svæði sem mikilvæg eru til viðhalds náttúrulegra þróunarferla. Þetta viðmið á ekki við um þjóðgarðinn.

Samfelldar, heildstæðar náttúruminjar eða óraskaðar náttúruminjar – Innan þjóðgarðsins er hluti eldstöðvakerfis sem er lítið raskað. Til þess að um heildstæða mynd sé að ræða, þ.e. heilt eldstöðvakerfi, þurfa mörk þjóðgarðsins að stækka.

Alþjóðlegt náttúruverndargildi – Mikilvægi þjóðgarðsins á alþjóðavísu felst fyrst og fremst í jarðfræðilegri fjölbreytni. Hins vegar hefur þjóðgarðurinn einnig lagt ríka áherslu á samspil mannsins við umhverfið. Menningarminjar segja sögu erfiðrar lífsbaráttu sem er tengd því náttúrulega umhverfi sem fólkið bjó í. Víða erlendis er svæðið við Snæfellsjökul fyrst og fremst þekkt vegna skáldsögunnar *Leyndardómar Snæfellsjökuls* eftir Jules Verne.

Alþjóðleg ábyrgð – Þær fuglategundir sem Íslendingar bera alþjóðlega ábyrgð á og verpa í þjóðgarðinum eru: álka, fýll, langvía, teista, kría, sandlóa, sendlingur, æður, heidlóa, lóupræll, spói, stelkur, steindepill og snjótittlingur. Skógarþröstur og músarrindill verpa einnig hugsanlega innan þjóðgarðsins. Auk þeirra verpa eftirtaldar tegundir í jaðri þjóðgarðsins eða eru umferðarfuglar: rauðbrystingur, sanderla, jaðrakan, grágæs, margæs og tildra.⁴

Vísindalegt gildi – Jarðfræðiminjar hafa vísindalegt gildi. Vatnafar svæðisins er sérstætt þar sem mestur hluti vatnsins streymir neðanjarðar sem grunnvatn til sjávar og fáar ár og litlar eru sjáanlegar á yfirborði. Merkar menningarminjar bíða rannsókna, s.s. fiskbyrgin við Gufuskála og verminjar við ströndina. Einnig eru við Írskubúðir merkar fornleifar frá landnámsöld sem ekki hafa verið fullrannsakaðar. Engar rannsóknir eru til um lífríki fjörunnar í þjóðgarðinum.

Félagslegt gildi – Gildi hreyfingar í heilnæmu og fallegu umhverfi er óumdeilanlegt fyrir bæði líkamlega og andlega heilsu. Á tímum stöðugt vaxandi áreitis mun gildi náttúruverndarsvæða í þessum tilgangi aukast. Einn megintilgangur þjóðgarða er fræðsla um náttúru og náttúruvernd. Fjölbreytt og stórbrotin náttúra og merkar sögulegar minjar gerir svæðið áhugavert og því kjörið til fræðslu. Þjóðgarðurinn er útivistarsvæði Snæfellinga. Nálægð við höfuðborgarsvæðið gerir dagsferðir þaðan raunhæfar og eykur það fræðslugildi svæðisins.

Efnahagslegt gildi – Svæðið hefur aðdráttarafl á ferðamenn og hefur því efnahagslegt gildi, m.a. fyrir ferðaþjónustu. Jarðefnanám vegna vegagerðar og annarra framkvæmda er meðal þess sem gefur svæðinu efnahagslegt gildi en gert er ráð fyrir að það sé tímabundið. Fegurð og mikilfengleiki svæðisins gerir það að verkum að sjónrænt hefur svæðið viðskiptalegt gildi, t.d. fyrir kvikmyndun.

Menningarlegt gildi – Innan þjóðgarðsins er að finna merkar menningarminjar frá tímum arabátautgerðar, til að mynda kjalför báta í sjávarklöppum, fiskbyrgi, fiskreiti og

⁴ Jóhann Óli Hilmarsson, munnleg heimild.

rústir. Rústir bændabýla, jafnvel allt frá söguöld, eru einnig greinilegar. Gamlar þjóðleiðir liggja um þjóðgarðinn og með sumum þeirra eru fallega hlaðnar vörður. Svæðið kemur einnig mjög við sögu í skáldskap og listum, innanlands og utan.

Einkennandi fyrir náttúrufar landshlutans – Megineinkenni landshlutans, Snæfellsjökull, er innan þjóðgarðsins. Á svæðinu er að finna móbergsfjöll frá ísöld og hraun og eldvörp frá nútíma, auk líparítmyndana. Þessi fjölbreytni gerir það að verkum að svæðið getur talist einkennandi fyrir fjölbreytta jarðfræði landshlutans, þ.e. Snæfellsness.

Sjónrænt gildi – Snæfellsjökull hefur mikilvægt sjónrænt gildi fyrir alla þá sem sjá hann. Jökullinn er einkar formfagur og hefur staðlað útlit eldfjalls ef svo má að orði komast, en hann er eldkeila. Það eykur mjög gildi Snæfellsjökuls hversu víða að hann sést, til að mynda frá Faxaflóasvæðinu, Barðaströnd og víðar. Landslag, þ.e. hraun og samspil lands og sjávar við ströndina, hefur einnig mikilvægt sjónrænt gildi.

Sérstök ákvæði sbr. 37. og 39 gr. náttúruverndarlaga – Svæði innan þjóðgarðsins falla undir a-lið í 37. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd eldvarpa, gervígíga og eldhrauna.

1.3 Samráð

Vegna vinnu við verndaráætlunina var haft samráð við nokkra aðila. Má þar nefna Fornleifavernd ríkisins, Náttúrustofu Vesturlands, Hellarannsóknafélag Íslands og Fuglaverndarfélag Íslands. Auk þess veitti fjöldi einstaklinga, s.s. ýmsir heimamenn, gagnlegar upplýsingar. Samráðið var í formi samtala og funda með einstökum aðilum en einnig var haldinn samráðsfundur með hagsmunaaðilum og almennum borgurum í Snæfellsbæ 7. mars 2005 þar sem rætt var um umferð og umgengni á Snæfellsjökli.

Drög að verndaráætlun voru yfirfarin af ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins, starfsmönnum Umhverfisstofnunar og bæjarstjórn Snæfellsbæjar. Drögin voru að því loknu send eftirfarandi aðilum til umsagnar: Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Stykkishólmsbæ, Fornleifavernd ríkisins, Fuglaverndarfélagi Íslands, Hellarannsóknafélagi Íslands, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands, Háskólaþingi Snæfellsness, framkvæmdaráði Snæfellsness, Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF), Ferðamálastofu, Ferðamálaþingi Íslands, Ferðamálasamtökum Snæfellsness, Ferðamálasamtökum Vesturlands, Siglingastofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Sjálfsbjörg-landssambandi fatlaðra, LÍV, Ferðaklúbbnum 4x4, Ferðaþjónustunni Snjófélli, Ferðafélagi Íslands og Landvarðafélaginu.

Jafnframt lágu eintök frammi á opinberum stöðum (í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi) og auk þess voru drögin kynnt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Fjallað var um innsendar athugasemdir hjá Umhverfisstofnun og ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins og tekin afstaða til þeirra.

2 Leiðir til stjórnunar

2.1 Lagaleg umgjörð og skipulagsrammi

Umhverfismál hafa fengið aukið vægi í samfélaginu á síðari árum. Nægir þar að nefna stofnun umhverfisráðuneytisins árið 1990 og ýmsar endurbætur á löggjöf á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála. Eitt af því sem einkennir íslenska löggjöf um náttúruvernd er frjáls réttur manna til umgengni um landið, almannarétturinn.⁵

Gerð verndaráætlaða fyrir friðlýst svæði, þ.m.t. þjóðgarða, byggist á 6. og 52. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Tilgangur laganna er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Löggin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum en jafnframt verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Einnig eiga löggin að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul byggist á framangreindri lagastoð og er í samræmi við 22. gr. reglugerðar um þjóðgarðinn nr. 568/2001. Við gerð verndaráætlunarinnar er tekið tillit til annarra laga en náttúruverndarlaga, s.s. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, þjóðminjalaga nr. 107/2001 og skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Íslendingar hafa undirritað ýmsa alþjóðasamninga á sviði náttúruverndar og skuldbundið sig til að fylgja ýmsum viðmiðum sem koma fram í þeim. Ýmis ákvæði alþjóðasamninga hafa fyrst bein áhrif þegar þau verða hluti af íslenskri löggjöf. Þeir alþjóðasamningar sem Umhverfisstofnun telur helst eiga við um þjóðgarðinn Snæfellsjökul eru samningurinn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni frá 1992 og Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu frá 1983.⁶ Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull hefur ekki verið tilnefndur sem alþjóðlega mikilvægt svæði, hvorki t.d. á heimsmínjaskrá né sem Ramsar-svæði. Breiðafjörður hefur oft verið nefndur sem hugsanlegt Ramsar-svæði. Þar sem þjóðgarðurinn er að hluta til við Breiðafjörð og liggur að sjó er rétt að huga að því að stjórnun innan hans skerði ekki þann möguleika að skilgreina Breiðafjörð sem verndað votlendi samkvæmt Ramsar-samningnum.

Stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands til ársins 2020 um sjálfbæra þróun er birt í ritinu *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*. Í þeirri stefnumörkun kemur fram hver skulu vera áhersluatriði við útfærslu ýmissa þátta samfélagsins, þ.m.t. þátta er varða náttúruvernd, s.s. lífríkisvernd og vernd jarðfræðiminja, vernd landslags og víðernis og útivist í sátt við náttúruna. Við gerð þessarar verndaráætlunar er tekið mið af þessari stefnumörkun. Sjá einnig 2.2.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er skipulagsyfirvald á svæðinu. Framkvæmdir og rannsóknir innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar eftir atvikum. Um framkvæmdir á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúrumínjaskrá fer samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og ber því að hafa það í huga þegar rætt er um hugsanlegar framkvæmdir innan marka þjóðgarðsins í verndaráætluninni og viðaukum hennar. Rannsóknir og umsýsla með fornleifum, s.s. viðhald og merkingar á minjum, eru auk þess háðar leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Þá hefur Fornleifavernd ríkisins lögbundið hlutverk varðandi varðveislu fornleifa

⁵ Umhverfisráðuneytið, 2002.

⁶ Umhverfisstofnun, 2003 (bls. 4).

sbr. lög nr. 107/2001, þannig að allar ákvarðanir um minjar 100 ára og eldri eru teknar í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Þegar gerð verndaráætlunar er lokið er eðlilegt að þeir hlutar hennar sem geta flokkast undir aðalskipulag sveitarfélagsins verði staðfestir sem slíkir. Gert er ráð fyrir að unnið sé deiliskipulag fyrir framkvæmdir þar sem þess er þörf. Nánar er fjallað um leyfisveitingar í kafla 8.2.

2.2 Stefna og markmið

Eins og kemur fram í kafla 2.1 birtist stefna og markmið sem Umhverfisstofnun fylgir í náttúruverndarmálum fyrst og fremst í því lagaumhverfi sem henni er ætlað að vinna eftir. Verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul er því afleiðing af því lagaumhverfi, ásamt reglugerð um þjóðgarðinn. Áætlunin er einnig mótuð af þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að auk stefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Líta má á stefnu stjórnvalda, sem birtist m.a. í *Velferð til framtíðar*, sem túlkun þeirra á atriðum í alþjóðasamningum sem ekki hafa beina lagastoð.

Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 er lögð áhersla á svæðisbundna náttúruvernd með því að byggja upp skipulagt net verndarsvæða en áætlunin byggir á sömu aðferðafræði og Evrópubandalagið gerir. Að þessu leyti er Ísland samstiga Evrópubandalaginu þó að náttúruvernd sé ekki hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þær breytingar á alþjóðavettvangi náttúruverndar sem snerta þjóðgarðinn Snæfellsjökul lúta að auknu vægi jarðfræðilegrar fjölbreytni, auk þess sem áhersla á strand- og sjávarvernd mun aukast á næstu árum í Evrópu.⁷

Stefna og markmið í náttúruvernd felast m.a. í því að ákveða hvernig afskiptum manna af náttúrunni eigi að vera háttað. Áður fyrir mótaðist náttúruvernd fyrst og fremst af fagurfræðilegum, menningarlegum og siðferðislegum sjónarmiðum auk þess sem áhersla var lögð á það sem þótti sérstakt. Nú á dögum eru hins vegar hagnýt og efnisleg rök einnig talin mikilvæg. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda er þannig einnig talin vera hluti af náttúruvernd. Þá má nefna að með því að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni viðhöldum við ekki eingöngu tegundum heldur komum við í veg fyrir ofnýtingu og að verðmætar erfðaupplýsingar glatist. Mikilvægt er að viðhalda lykilstærkerfum og koma í veg fyrir frekari hnignun þeirra en einnig geta falist mikil verðmæti í að endurheimta þau, t.a.m. náttúrulega birkiskóga,⁸ jarðveg og votlendissvæði. Vaxandi áhersla er lögð á verndun jarðfræðilegара myndana en ákveðnar gerðir þeirra mynda grunn fyrir lífverur t.d. hverasvæði.

Útivist og aðgengi að náttúru er í nútímaborgarsamfélagi talið til mikilvægra lífsgæða.⁹ Stöðugt vex skilningur á því að mikilvægt er að hreyfa sig í heilnæmu og fallegu umhverfi enda er gildi hreyfingar óumdeilanlegt fyrir bæði líkamlega og andlega heilsu. Af þessu leiðir að skilningur á félagslegu gildi friðlýstra svæða fer vaxandi. Aukin umferð fólks um friðlýst svæði kallar á umgengnisreglur og ýmsa uppbyggingu innan þeirra. Reynslan sýnir að mikill meirihluti ferðamanna fylgir þeim reglum og leiðbeiningum sem settar eru til að koma í veg fyrir átroðning. Í þessu sambandi skiptir fræðsla einnig miklu máli enda stuðlar vitneskja um forsendur friðunar að meiri virðingu fyrir viðkomandi svæði, sem stuðlar enn frekar að því að reglur séu virtar.

Eins og áður segir hafa íslensk stjórnvöld undir forystu umhverfisráðuneytisins unnið stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til ársins 2020.¹⁰ Þar kemur fram stefna stjórnvalda í ýmsum málaflokkum sem varða sjálfbæra þróun (efnahagsvöxt,

⁷ Umhverfisstofnun, 2003 (bls. 21).

⁸ Umhverfisstofnun, 2003 (bls. 12).

⁹ Umhverfisráðuneytið, 2002 (bls. 24).

¹⁰ Umhverfisráðuneytið, 2002.

félagslega velferð og vernd umhverfisins). Meðal þeirra málaflokka sem fjallað er um er útivist í sátt við náttúruna og verndun náttúru Íslands. Þar kemur fram að markmið stjórnvalda sé að almannaréttur verði ekki skertur nema brýna nauðsyn beri til vegna náttúruverndarsjónarmiða, að tekið skuli tillit til útivistargildis við skipulag landnýtingar og að vexti ferðapjónustu skuli mætt með aðgerðum sem komi í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar.

Í allri umfjöllun um verndun náttúru Íslands er mikilvægt að hafa í huga að óspillt náttúra hefur gildi í sjálfu sér en auk þess er hún forsenda margvíslegra grunnæða sem erfitt er að leggja hagfræðilegt mat á. Í áðurnefndri stefnumörkun kemur fram að sérstök áhersla er lögð á vernd lífríkis, sérstæðra jarðmyndana og víðerna. Markmiðið með verndun lífríkis er að viðhalda fjölbreytileika tegunda og vistgerða, forðast að skerða votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi og að unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa. Jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu eru verndaðar. Forsendur verndunarinnar er að unnið verði skipulegt yfirlit jarðmyndana hér á landi. Markmiðið með verndun víðerna er að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands, að mannvirki standi sem mest utan þessara skilgreindu svæða og að þau mannvirki sem nauðsynlegt er að reisa valdi sem minnstu raski og sjónmengun.

2.3 Hlutverk og ábyrgð stofnana, stjórnsýslu og hagsmuna- og félagasamtaka

Stefnt er að því að stuðla að árangursríku samstarfi þeirra aðila sem hafa skilgreindu hlutverki að gegna við skipulag og uppbyggingu þjóðgarðsins.

Þær stofnanir og stjórnsýsluáðilar sem hafa hlutverk við gerð verndaráætlunarinnar og framkvæmd hennar eru, auk umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar, Snæfellsbær, Ferðamálasamtök Snæfellsness, Fornleifavernd ríkisins, Landmælingar Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, Vegagerðin, Siglingastofnun Íslands, Hellarannsóknafélag Íslands og sýslumaðurinn í Stykkishólmi. Þjóðgarðurinn á nú þegar í góðu samstarfi við þessa aðila en það mætti efla enn frekar. Hlutverk ráðgjafarnefndar þjóðgarðsins er að vera til ráðgjafar um rekstur og skipulag þjóðgarðsins og er því eðlilegt að fulltrúar í henni komi meira að vinnu við þessa verndaráætlun en aðrir.

Þjóðgarðurinn er í sveitarfélaginu Snæfellsbæ sem á fulltrúa í ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins. Ferðamálasamtök Snæfellsness eru hagsmunasamtök ferðapjónustuaðila á Snæfellsnesi og eiga einnig fulltrúa í nefndinni. Fornleifavernd ríkisins á einnig fulltrúa í henni en hlutverk Fornleifaverndarinnar er að tryggja varðveislu menningarssögulegra minja í upprunalegu umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af þeim og greiða fyrir rannsóknnum. Jafnframt á Fornleifavernd ríkisins að láta skrá allar þekktar fornleifar og gefa út skrá um friðlýstar fornleifar.¹¹ Landmælingum Íslands er ætlað að tryggja að ávallt séu til staðar landfræðileg gögn¹² sem nauðsynleg eru fyrir samfélagið. Náttúrufræðistofnun og Náttúrustofu Vesturlands er ætlað að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrufræðingum.¹³ Umhverfisstofnun er heimilt að fela náttúrustofum með sérstökum samningi að annast eftirlit með náttúru landsins.¹⁴ Vegir innan þjóðgarðsins, aðrir en styrkvegir, eru í umsjón Vegagerðarinnar. Innan þjóðgarðsins eru þrjár vitar í umsjón Siglingastofnunar. Samkvæmt sérstökum samningi milli Náttúruverndar ríkisins (Umhverfisstofnunar) og Hellarannsóknafélags

¹¹ Þjóðminjalög nr. 107/2001.

¹² Landmælingar Íslands, heimasíða.

¹³ Lög um Náttúrufræðistofnun nr. 60/1992.

¹⁴ Náttúruverndarlög nr. 44/1999.

Íslands hefur félagið ákveðnum skyldum að gegna við verndun og eftirlit með hellum. Lögreglu, og þar með sýslumanninum í Stykkishólmi, ber að taka á ólöglegu framferði, s.s. skotveiði og utanvegaakstri innan þjóðgarðsins. Þess ber að geta að eftir að verndaráætlunin var vel á veg komin voru tvær rannsóknarstofur á sviði náttúruvísinda settar á laggirnar á Snæfellsnesi. Það er annars vegar Háskólasetur Snæfellsness í Stykkishólmi, sem ætlað er að stunda og efla rannsóknar- og fræðastarf á svæðinu, og hins vegar Vör-sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð, sem staðsett er í Ólafsvík og ætlað er að efla rannsóknir á lífríki sjávar en leggja megináherslu á rannsóknir á vistkerfinu í Breiðafirði. Þjóðgarðurinn á nú þegar gott samstarf við þessi nýju rannsóknarsetur.

Aðgerðir:

1. Stuðlað verði að áframhaldandi markvissu og góðu samstarfi þjóðgarðsins við þá aðila sem sinna eiga náttúruvísindis- og menningarrannsóknum.
2. Ársskýrsla þjóðgarðsins verði öllum aðgengileg á Netinu.

3 Landnotkun

Landi er ráðstafað á marga vegu, s.s. undir íbúðabyggð, iðnað, landbúnað og samgöngur. Ein tegund landnotkunar er að friðlýsa land og er þess sérstaklega getið í aðalskipulagi sveitarfélaga. Markmið friðlýsinga samkvæmt náttúruverndarlögum getur verið margþætt en oftast er meginmarkmiðið að vernda náttúruminjar. Land og auðlindir þess eru einnig verndaðar af menningarlegum, hagrænum og efnahagslegum ástæðum. Tilgangur með svæðisbundinni náttúruvernd er sjaldnast alger friðun. Oftast eru settar ákveðnar umgengnisreglur um svæðið og eiga þær að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra náttúruminja sem verndaðar eru.

3.1 Mörk og eignarhald á landi

Stefnt er að því að tryggja að markmið friðlýsingar náist og að mörk þjóðgarðsins skapi landfræðilega heild.

Samkvæmt 51. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 skulu landsvæði þjóðgarða vera í ríkiseign nema að sérstakar ástæður mæli með öðru. Núverandi mörk þjóðgarðsins Snæfellsjökuls réðust að nokkru af því hvaða land ríkinu bauðst til kaups. Tvö svæði innan þjóðgarðsmarka eru ekki í eigu ríkisins. Annars vegar Hríshóll, 25 ha svæði í landi Gufuskála og hins vegar jörðin Einarlón sem er 324 ha að stærð og er í einkaeign. Þessi mörk eru sýnd á korti 1.1. og lýst í 4. gr. reglugerðar um þjóðgarðinn. Að auki á Skógrækt ríkisins Gufuskálaland sem er um 3.435 ha að stærð. Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur aðstöðu á Gufuskálum og felur hún í sér afnot af húsum og lóð umhverfis þau. Starfsmannafélag Siglingastofnunar hefur afnotarétt af íbúðarhúsi og vélarhúsi á Malarrífi.

Nauðsynlegt er að þau svæði innan þjóðgarðsins sem ekki tilheyra honum komist undir hans stjórn. Má þar nefna að óþægindi hafa skapast vegna Einarlóns sem m.a. annars tengjast uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðamenn á Djúpalónssandi. Við skipulag Gufuskálasvæðisins fékkst góðfúslegt leyfi frá Skógrækt ríkisins til uppbyggingar á svæðinu.

Færa má rök fyrir því að eðlileg landfræðileg mörk þjóðgarðsins liggi um Fródárheiði.¹⁵ Með því yrðu friðlönd og náttúruvætti í nágrenninu (Búðahraun, ströndin á milli Arnarstapa og Hellna og Bárðarlaug) innan þjóðgarðsins, auk annarra merkra og lítt snortinna svæða vestan Fródárheiðar. Ölkeldur myndu falla innan þjóðgarðs en þær eru sérstaklega algengar á Snæfellsnesi þó að engin slík sé innan núverandi þjóðgarðs. Með stækkun þjóðgarðsins yrði til landslagsheild þar sem allur jökullinn og nánasta umhverfi hans væri innan þjóðgarðsins og nær heilt eldstöðvakerfi. Þetta myndi auka náttúruverndargildi þjóðgarðsins, auk þess sem að auðveldara er að tryggja verndun með stærri og samfelldari svæðum en nú er hægt. Innan þjóðgarðsins myndi land flokkast í mismunandi verndarflokka. Óbyggð svæði utan þéttbýlis og bújarða gætu flokkast á svipaðan hátt og land innan núverandi þjóðgarðs en þéttbýli og bújarðir yrðu utan þjóðgarðs. Sömu reglur myndu þannig ekki gilda á öllu svæðinu. Í þessu sambandi má benda á að í þjóðgördum erlendis eru stundum bæir og borgir þó að slíkt þekkist ekki hér, enn sem komið er.

¹⁵ Umhverfisstofnun, 2003.

Aðgerðir:

1. Ríkið kaupi það land innan núverandi marka þjóðgarðsins sem ekki er í eigu þess.
2. Stuðlað verði að því að í framtíðinni nái þjóðgarðurinn að Fróðarheiði, utan þéttbýlis og bújarða.

Samstarfsaðilar: Umhverfissráðuneytið, landeigendur Einarslóns, Síminn, Skógrækt ríkisins, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Siglingastofnun Íslands og Snæfellsbær.

3.2 Svæðisskipting

Markmiðið með svæðisskiptingu er að auðvelda skipulag og stjórnun innan þjóðgarðsins.

Á meðfylgjandi korti er þjóðgarðurinn skipt upp í ákveðin svæði eftir landslagsgerðum, gróðurfari og strandgerð. Kortlagning af þessu tagi er forsenda skipulagningar. Út frá kortinu má sjá hvaða svæði eru viðkvæm og hvaða svæði þola álag og þar af leiðandi hvar best er að byggja upp þjónustu.

Náttúrufar



Kort 3-1 Náttúrufar.

3.3 Tenging við nærliggjandi svæði

Stefnt er að því að nærliggjandi svæði skapi samfellu með þjóðgarðinum.

Þjóðgarðsmörk eru tilbúin lína sem ræðst ekki endilega af landfræðilegum aðstæðum eða landslagi. Eins og fram kemur í kafla 3.1 um mörk og eignarhald á landi þá er í framtíðinni stefnt að stækkun þjóðgarðsins. Þessi stefna og friðlýst svæði í nágrenni þjóðgarðsins auka mikilvægi þess að samstarf við hagsmunaaðila á nærliggjandi svæðum sé gott og stuðli að sameiginlegum markmiðum í náttúruvernd. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að uppbygging aðstöðu utan þjóðgarðsins, t.d. göngu- og reiðleiða haldist í hendur við aðstæður og uppbyggingu innan þjóðgarðsmarka. Því er æskilegt að þjóðgarðurinn, landeigendur á nærliggjandi svæðum og Snæfellsbær stuðli að því í sameiningu að samræmi sé í skipulagi og stefnumörkun er varðar landnotkun. Núverandi aðalskipulag Snæfellsbæjar er frá því fyrir stofnun þjóðgarðs og því ekki samfella í göngu- og reiðleiðum. Í gagnagrunni bæjarins sem unnið er með í dag eru göngu- og reiðleiðir hins vegar merktar.

Umgengni á Jökulhálsi (utanvegaakstur) er vandamál sem snertir þjóðgarðinn þó að svæðið sé utan hans. Utanvegaakstur er náttúruverndarmál og þar sem að Jökulháls myndar landlagsheild með landi þjóðgarðsins hefur slæm umgengni þar áhrif innan þjóðgarðsins. Því væri æskilegt að þjóðgarðurinn hefði mannafla til að sinna ákveðnu eftirliti á svæðinu. Nauðsynlegt er að eiga áframhaldandi gott samstarf við lögreglu og sýslumann um mál sem varða lögbrot eins og utanvegaakstur. Þjóðgarðurinn mun setja upp fræðsluskilti við Jökulhálsveg um umgengni á Jöklinum, sbr. kafla 6.4. Þar verða einnig upplýsingar um akstur utan vega. Önnur náttúruverndarmál á nærliggjandi svæðum sem þjóðgarðurinn lætur sig varða eru t.d. fuglaverndarmál í Rifi þar sem er eitt stærsta kríuvarp á landinu. Stefnt er að samstarfi við Snæfellsbæ um verndun fuglasvæða við Rif en bærinn hefur m.a. byggt þar fuglaskoðunarskýli.

Gera þarf þjóðgarðinn sýnilegri utan marka hans s.s. á skiltum.

Aðgerðir:

1. Skilti um umgengni á Jöklinum og akstur utan vega verði sett upp við Jökulhálsveg.
2. Þjóðgarðurinn geri samning við Snæfellsbæ um verndun fugla við Rif (Rífsós og kríuvarp) í samstarfi við Fuglaverndarfélagið.
3. Tryggt verði að uppbygging göngu- og reiðleiða sé samfelld utan þjóðgarðsmarkanna, t.d. á Ingjaldshóli og á milli Arnarstapa, Hellna, Dagverðarár og þjóðgarðsins.
4. Við Vatnaleið þurfa að vera skilti sem vísa á þjóðgarðinn.

Samstarfsaðilar: Snæfellsbær, landeigendur, Fornleifavernd ríkisins, Vegagerðin, sýslumaður Snæfellinga.

3.4 Vegir

Verndaráætlun er stefnumarkandi um það hvada vegum og vegslóðum skal viðhaldið í þjóðgarðinum en vegir eru sýndir á aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

Útnesvegur, vegur nr. 574, liggur í gegnum þjóðgarðinn. Bundið slitlag var lagt á veginn á árunum 2008 og 2009. Framkvæmdin skiptir mjög miklu máli fyrir samgöngur í þjóðgarðinum og umhverfismál. Jarðvegur á svæðinu er afar gljúpur og heldur illa vatni. Mikið ryk var því jafnan þegar ekið var um veginn og sífellt þurfti að bera í hann. Við hönnun vegarins var tekið tillit til óska þjóðgarðsins um bílastæði og útskot. Vegur F570 liggur um Jökulháls. Hann er opin og sumarlagi en hann þyrfti að vera fær öllum bílum. Margir erlendir ferðamenn vilja fara veginn á bílaleigubílum en mega það ekki nema á fjórhjóladrifnum bílum samkvæmt reglum sem bílaleigurnar setja.

Út frá framangreindum tveimur vegum liggja aðrir vegir og slóðar. Í árána rás hafa slóðar myndast þar sem menn hafa t.d. farið til rjúpna eða á greni. Mikilvægt er að velja ákveðna slóða og skilgreina þá sem vegi en loka öðrum og græða upp þannig að landið nái að jafna sig. Nokkuð ber á akstri utan vega í þjóðgarðinum en með því að skilgreina vegi er reynt að koma í veg fyrir slíkt.

Í samstarfi við björgunarsveitina í Snæfellsbæ og Slysavarnafélagið Landsbjörg verður öryggisáætlun fyrir þjóðgarðinn unnin. Í henni verður m.a. gerð grein fyrir þeim leiðum sem heppilegast er að fara með farartæki í neyðartilvikum. Leiðirnar verða gps-mældar og þær upplýsingar vistaðar hjá björgunarsveit og þjóðgarðinum.

Í þessum kafla er ekki gerð grein fyrir öllum bílastæðum og eru fleiri nefnd í kafla 6.11. Hér á eftir verða taldir upp þeir vegir/slóðar sem ráðgjafarnefndin leggur til að verði haldið við og lagfærðir. Einnig eru nefndir nýir vegir. Í stórum dráttum er talið frá norðri og suður Útnesveg, upp Jökulháls og niður á Útnesveg aftur.

Taka skal fram að samkvæmt lið 10c í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru m.a. nýir vegir og endurbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjasrá, tilkynningarskyld framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu.¹⁶ Í samræmi við skipulagslög veitir sveitarfélagið framkvæmdaleyfi. Hér verða taldar upp hugmyndir að breytingum og lagfæringum á slóðum og vegum innan þjóðgarðsins sem þarf skv. því sem að framan er nefnt að tilkynna til Skipulagsstofnunar.

- Vegur út á Öndverðarnes. Vegurinn er landsvegur og fjölfarinn. Halda þarf honum vel við og leggja bundnu slitlagi en á þann hátt að vegurinn fylgi landinu og verði ekki byggður upp. Sumarið 2008 fékkst fjármagn til að leggja bundið slitlag á fyrsta hluta vegarins frá Útnesvegi í Skarðsvík. Ljúka þyrfti verkinu öllu á næstu tveimur árum. Skálasnagaveg þarf að fá samþykktan sem landsveg.
- Vegur að Írskubúðum. Marka þarf eina ákveðna leið við Írskubúðir utan Gufuskála. Þar hefur verið ekið þvers og kruss um gamlan flugvöll en starfsmenn þjóðgarðsins hafa lokað sumum leiðanna með steinum og rótað upp í slóðunum. Þeir hafa mótað akstursleið með trjábolum. Enn er ekið utan leiða sem hafa verið markaðar.
- Vegur við Djúpudali. Ofan við Djúpudali liggur gamli þjóðvegurinn uppi á hæð. Hann verður áfram opin og þarf að laga aðkeyrslu að honum frá Útnesvegi.
- Vegur að Klofningsrétt. Fyrir nokkrum árum var vegurinn að Klofningsrétt lagfærður. Hann þyrfti að leggja bundnu slitlagi. Frá veginum liggur slóði um graslendi í átt að Litlálóni. Lagt er til að þann slóða verði áfram leyft að aka, hann lagfærður og gert verði bílastæði á völdum stað þannig að ekki sé ekið yfir blautt svæði við enda slóðans.
- Vegur upp með Beruvíkurlæk. Slóði liggur upp með Beruvíkurlæk um gras- og mólendi. Lagt er til að hann verði skilgreindur sem vegur. Skoða þarf vel hve langt hann á að ná og hvar heppilegast væri að gera bílastæði.
- Vegur að Berudal í Hólahólum. Lagt er til að hann halda sér en laga þarf hann þannig að ekki sé þar ekið utan vega. Innkeyrslu inn í gíginn verði lokað og bílastæði gert utan við mynni gígsins.
- Vegur að Hrafnabjörgum/Flæðivík. Vegurinn var lagaður sumarið 2004. Hann þyrfti að leggja bundnu slitlagi.

¹⁶ Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

- Vegur um Fögrubrekkur. Um er að ræða gamlan veg og er lagt til að hann haldi sér. Einn slóði verði áfram opin að gróðurlundi vestan við Fögrubrekkur.
- Á móts við veginn að Hrafnabjörgum/Flæðivík en ofan Útnesvegur hefur nokkuð verið ekið í átt til fjalla. Lagt er til að slóða sem næstur er hraunjarðinum verði haldið opnum en aðeins stuttan spöl þannig að ferðafólk geti áð þar. Sú hætta fylgir að ekið verði langt upp með hrauninu því fátt stoppar bíla á þessum slóðum og svæðið er viðkvæmt. Því þarf að skoða aðstæður vel áður en ákvörðun er tekin um að halda slóðanum, eða hluta hans, opnum.
- Vegur að Sandhólum. Um er að ræða slóða sem brýnt er að verði lagfærður og skilgreindur betur en nú er.
- Vegur að Djúpálónssandi. Góður en mjór vegur og er orðið brýnt að bæta við útskotum meðfram honum. Stækka þarf bílastæði.
- Vegir á Jökulhálsi. Út frá aðalveginum yfir Jökulháls lágu til skamms tíma þrjár meginlóðar í átt að Jöklinum. Fyrstan skal nefna slóða í átt að skíðalyftu, síðan er slóði nálægt Sandkúlum upp á hæð þaðan sem útsýni er gott, en ekki er þaðan farið að Jöklinum, og að lokum er slóði norður undir Geldingafelli sem ferðaþjónustan Snjófell notaði síðla sumars í tengslum við ferðir á Jökulinn. Gert er ráð fyrir að fyrri slóðarnir tveir haldi sér en þeim við Geldingafell verði lokað og ummerki hans afmáð eins og kostur er. Verði það gert í tengslum við nýjan veg sem Snjófell sótti um að leggja nokkru norðar. Sá vegur bætir aðkomu að Jöklinum og gerir ferð á hann öruggari en áður. Gert var ráð fyrir að vegurinn yrði um 400 m langur. Ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins samþykkti fyrir sitt leyti breytinguna. Nýlega urðu eigendaskipti á Snjófelli og hafa nýir eigendur ráðist í framkvæmdirnar.
- Vegur upp með Móðulæk. Rétt norðan brúar yfir Móðulæk á Útnesvegi liggur vegur upp Eysteinsdal um Harðabala, upp með Blágili og á Jökulháls. Gert er ráð fyrir að sá vegur verði lagfærður og gerður fær öllum bílum. Mikið rask er með veginum þegar kemur á Harðabala og langleiðina austur að Geldingafelli frá því að vikurnám var á svæðinu. Gengið verður frá námasvæðinu í samráði við Snæfellsbæ og í samstarfi við Vegagerðina. Ofarlega við Blágil klofnar vegurinn og hluti hans liggur áfram upp í átt að jöklinum og var sá vegur lengdur nýlega en ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins og umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar höfðu fyrir sitt leyti samþykkt það. Vegurinn mun bæta aðgengi að Jöklinum og að landsvæðinu þar í norðvestur fyrir göngu- og skíðafólk. Skipulagsstofnun úrskurðaði um að framkvæmdir við vegina þyrftu ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Vegina þarf að fá samþykkt sem landsvegi.
- Þess ber að geta að þjóðgarðinum hefur borist erindi frá björgunarsveitinni Lífsbjörg í Snæfellsbæ. Þar er þess farið á leit að heimilt verði að leggja akfæran veg niður á Eyrar í Beruvík. Ekki er gert ráð fyrir vegi þar í núverandi aðalskipulagi Snæfellsbæjar. Björgunarsveitin telur mjög mikilvægt að stytta vegalengdina sem ekki er ökufær á milli Skálasnaga og Beruvíkur með slíkri vegagerð svo auðveldara verði að komast á slysstað við ströndina á þessu svæði ef þess yrði þörf. Vegslóði var áður um svæðið sem nú er að mestu uppgróinn. Svæðið sem vegurinn myndi liggja um er að mestu helluhraun. Ströndin er margbreytileg og

sérstök, fögur vötn og mikilfenglegt umhverfi. Með veginum myndi öllu ferðafólki og náttúruunnendum opnast svæði sem á ekki marga sína líka. Lagt er til að í samstarfi við björgunarsveitina í Snæfellsbæ og Slysavarnafélagið Landsbjörg verði mögulegt vegstæði kannað og þörf á vegi inn á svæðið með tilliti til björgunar.

Aðgerðir:

1. Merkja þarf vegi og slóða sem má aka. Allur akstur annars staðar telst vera akstur utan vega nema að leyfi liggi fyrir frá þar til bærum aðilum.
2. Lagfæra og græða upp vegi og slóða sem verða aflagðir.
3. Stækka bílastæði við Djúpálónssand.
4. Lagfæra veg upp með Móðulæk að Jökulhálsvegi.
5. Laga, en ekki byggja upp, vegi út á Öndverðarnes, að Nýjubúð, Klofningsrétt, Hólahólum, með Hrafnabjörgum, um Fögrubrekkur og að Malarriði. Leggja bundið slitlag á þá.
6. Vegur að Skálasnaga verði landsvegur.
7. Marka veg að Írskubúðum.
8. Mögulegt vegstæði að Eyrum í Beruvík verði kannað með tilliti til þarfa vegna björgunarstarfa.

Samstarfsaðilar: Snæfellsbær, Vegagerðin, Fornleifavernd ríkisins, ferðaþjónustuaðilar, björgunarsveitir.

4 Verndun og verndarmarkmið

4.1 Yfirlit

Meginmarkmiðið með stofnun þjóðgarðsins er að vernda náttúru- og menningarminjar innan hans og veita almenningi aðgang að svæðinu eftir tilteknnum reglum.

Óspillt náttúra hefur gildi í sjálfu sér. Auk þess er hún forsenda fyrir margvíslegum lífsgæðum manna og velferð sem ekki er einfalt að leggja hagfræðilega mælistiku á. Hún hefur einnig aðdráttarafl fyrir útivistarfólk og ferðamenn. Vegna strjálbýlis hefur maðurinn haft minni áhrif á suma þætti í náttúru landsins en víðast hvar í þeim löndum sem næst okkur eru. Má þar nefna jarðfræðileg fyrirbæri. Hins vegar hefur gróðurfar tekið miklum breytingum frá því að land byggðist.¹⁷

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull státar af fjölbreyttri náttúru. Fyrr á tímum var fjölmennt undir Jökli á þeim árstíma þegar róið var og vermenn bjuggu víða við ströndina. Hins vegar var alltaf erfitt að stunda þar búskap bæði vegna rýrra landkosta og skorts á vatni. Búskapur lagðist að mestu leyti af áður en vélvæðing í landbúnaði hélt innreið sína af fullum þunga og hefur t.d. framræsla votlendis því ekki haft mikil áhrif á landið, ólíkt því sem á við um Ísland í heild. Landi hefur því verið lítið breytt í aldanna rás. Vitað er að lyng og hrís var tínt til eldiviðar áður fyrr og sauðfjár- og hrossabeit var nokkur fyrir stofnun þjóðgarðsins. Þeir sem fylgst hafa með gróðrinum þykjast sjá að hann sé nú þegar farinn að taka við sér. Fram á síðustu ár hafa vegir í og við þjóðgarðslandið verið frekar slæmir og umferð ekki mjög mikil. Ummerki eftir ágang ferðafólks eru því lítil ef undanskilin eru för eftir bíla sem ekið hefur verið allvíða utan vega. Efnistaka hefur verið nokkur og mjög áberandi í landinu, bæði á láglandi og nær Jöklinum. Gjallgígur hafa þannig verið skemmdir og mikið rask er nálægt Jöklinum þar sem vikurnám var stundað en lítið hefur verið lagt upp úr frágangi á námasvæðinu á sínum tíma. Ströndin hefur haldist nær óröskuð.

4.2. Jarðfræði¹⁸

Jarðmyndanir

Markmið þjóðgarðsins er að vernda sérstæðar jarðmyndanir og viðhalda þannig jarðfræðilegri fjölbreytni.

Jöklar, jarðhiti, eldvirkni, jarðskjálftar, fallvötn, haf, úrkoma, vindur og frosthreyfingar stuðla sífellt að mótun landsins. Sú heildarmynd af jarðfræðilegum fyrirbærum sem sjá má, á tiltölulega litlu svæði, hér á landi er einstök. Einstaka þættir íslenskrar jarðfræði eiga sína líka erlendis en aðrir eru fágætari. Fjölbreytileiki móbergsmýndana á Íslandi er mikill en annars staðar í heiminum er móberg ekki algengt.¹⁹

Jarðfræði Snæfellsness er óvenjufjölbreytt en svæðið hefur að geyma jarðmyndanir frá öllum tímabilum í jarðsögu Íslands. Ysti hluti gosbeltisins á Snæfellsnesi er eldstöðvaþyrping kennd við Snæfellsjökul. Eldvirkninni má skipta í tvennt, annars vegar virkni í og við toppinn á fjallinu og hins vegar eldvörp á láglandi allt í kringum Jökulinn. Norðvestan í toppi Snæfellsjökuls er mikill gígur og eru Jökulþúfurnar á barmi hans. Jökullinn er hulinn nútímahraunum að sunnan og vestan en að norðan og austan ber meira á móbergi og hraunum frá hlýskeyðum ísaldar. Eldvirkni á nútíma, þ.e. síðustu tíu þúsund ár, hefur

¹⁷ Umhverfisráðuneytið, 2002.

¹⁸ Sjá viðauka I hér að aftan (Jarðfræði).

¹⁹ Umhverfisstofnun, 2003 (bls. 24).

verið allmikil því að gosið hefur að minnsta kosti 20 sinnum í eða við Snæfellsjökul. Þar af eru þrjú mjög stór þeytigos, það síðasta fyrir um 2000 árum. Þótt ekki hafi gosið í Jöklinum um nokkurt skeið er hann enn virk eldstöð. Hraun á láglandi í kringum Snæfellsjökul hafa ýmist runnið niður hlíðar Jökulsins frá toppgígnum eða gígum í hlíðum fjallsins eða frá eldvörpum á láglandi. Hraunin eru ýmist úfin apalhraun eða sléttari helluhraun. Víða má sjá fallegar og margbreytilegar hraunmyndanir og svæðið er auðugt af hellum.

Eitt mikilvægasta verndargildi þjóðgarðsins felst í mörgum og fjölbreyttum jarðmyndunum. Innan þjóðgarðsins er stór hluti eldstöðvakerfis Snæfellsjökuls. Snæfellsjökull er formfögur eldkeila. Suðurhlíðar Jökulsins eru sérstæðar, Háahraun og Svartahraun eru gróf apalhraun, við Svalþúfu og Lóndranga má sjá þversnið gjóskugígs, Purkhólhraun er eitt hellaauðugasta hraun landsins og ströndin frá Malarrífi að Hólahólum er prýdd margs konar hraunmyndunum. Í Dritvík er hellishvelfingin Tröllakirkja og fjallsraninn Bárðarkista uppi við Jökulinn og móbergsfjöll í kringum hann sýna gott þversnið af gosmyndunum sem orðið hafa til við gos undir jökli. Öndverðarneshólar er sérstakt gígasvæði sem, með Neshrauni, mynda nær óraskaða heild og Væjuhraun er yngsta hraunið í þjóðgarðinum með ótal bollum og lægðum. Að lokum má nefna að innan þjóðgarðsins eru gjallgígar en slík eldvörp eru í þeim flokki náttúruvænna sem hafa mest verndargildi. Eldstöðvar úr gjalli eru eitt helsta séreinkenni Íslands og finnast óvída annars staðar í þessum heimshluta. Verndargildi gjallgíganna í þjóðgarðinum er mikið ekki síst vegna þess að mjög hefur verið gengið á gjallgíga annars staðar á landinu.

Nánari umfjöllun um jarðfræði Snæfellsness, Snæfellsjökuls og þjóðgarðsins er að finna í viðauka IV við verndaráætlunina.

Jarðfræði leggur grunn að fjölbreytileika lífríkis og landslags og er því mikilvægur hluti náttúruverndar.²⁰



Mynd 4-1 Saxbóll.

Aðgerðir:

1. Kortleggja jarðmyndanir innan þjóðgarðsins
2. Afla upplýsinga um áþekk svæði innanlands og utan.
3. Við hvers kyns uppbyggingu og skipulag í þjóðgarðinum skal ávallt taka tillit til þess að jarðmyndanir eru viðkvæmar.
4. Fylgjast skal vel með umgengni um viðkvæmar jarðmyndanir, t.d. Öndverðarneshóla, (með vöktun) og grípa til aðgerða áður en í óefni er komið.

Samstarfsaðilar: Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, Jöklarannsóknafélag Íslands.

²⁰ Umhverfisstofnun, 2003 (bls. 12).

Vatnafar

Markmið þjóðgarðsins er að starfsemi eða athafnir í þjóðgarðinum hafi ekki neikvæð ábrif á vatnafar.

Berggrunnur þjóðgarðsins einkennist af nútímahraunum og móbergi. Nútímahraun eru mjög vatnsleiðandi en móbergsmyndunum má skipta í tvennt, vatnsleiðandi bólstraberg og samlímda gjósku sem vatn kemst treglega um. Á utanverðu Snæfellsnesi er lítið um sprungur en þær hafa alla jafna mikla þýðingu þegar grunnvatnsrennsli er annars vegar. Urkoma sem fellur á hálendið hripar ofan í gljúp hraunin og lausan jarðveginn og rennur að langmestu leyti neðanjarðar til sjávar. Innan þjóðgarðsins er vatn á yfirborði sjaldséð. Á nokkrum stöðum þar sem yfirborð sker grunnvatnsborðið eru tjarnir, t.d. Djúpulón, Svörtulón, Einarslón og Lambhagatjarnir. Lækir á yfirborði innan þjóðgarðsins eru Hólalækur, sem á upptök sín í Hólakinn ofan Hólahóla, Beruvíkurlækur (Stakkabrekkulækur), sem á upptök í Heiðum við rætur Snæfellsjökuls, Skaði sem á rætur sínar við Blákollu og Saxhóslækur, sem á upptök sín neðan við Bárðarkistu. Lækir þessir ná sjaldnast alla leið til sjávar nema í miklum rigningum og leysingum. Það vatnsfall sem skilar mestu jökulvatni til sjávar er Móðulækur sem á upptök sín í Geldingafelli. Móðulækur nær þó heldur ekki til sjávar nema í vatnavöxtum. Mjög skyndilega getur vaxið í honum þannig að lækurinn verði að stórfljóti á skammri stundu. Annars hverfur hann í jörð á Gufuskálamóðum. Af þessum sökum mætti ætla að lindir væru við ströndina. Innan þjóðgarðsins hefur það ekki verið kannað en Djúpulón, Svörtulón og tjarnir í Beruvík eru kunnar uppsprettur. Sagt er að við ákveðnar aðstæður sjáist ferskvatn koma út í sjóinn við Malarrif. Rétt utan þjóðgarðs eru lindir bæði að norðan- og sunnanverðu. Má þar nefna Balalind á milli Hellissands og Rifs, Gvendarbrunn (Maríulind) á Hellnum og lindir sem koma undan Klifhrauni.²¹ Þekktir brunnar eru nálægt ströndinni innan þjóðgarðsins og rétt utan hans t.d. Írskrbrunnur við Gufuskála, Fálki á Öndverðarnesi, Ásgrímsbrunnur á Hellnum og brunnur við Írskubúdir. Árið 2003 vann Bjarni Reykr Kristjánsson M.S. - ritgerð við Háskóla Íslands sem fjallaði um jarðvatn á utanverðu Snæfellsnesi. Í ritgerðinni er fjallað um efnafræði vatnsins og vatnafarskort fylgir henni.²²

Aðgerðir:

1. Við framkvæmdir skal þess gætt að vatn mengist ekki.
2. Halda skal við gömlum brunnum.

Samstarfsaðilar: Náttúrustofa Vesturlands, vatnamælingar, Snæfellsbær, Fornleifavernd ríkisins.

Hellar

Markmið þjóðgarðsins er að vernda hella og myndanir í þeim.

Í hraunum innan þjóðgarðsins er víða að finna hella og hellisskúta. Langflestir hellanna eru svokallaðir hraunrásarhellar sem myndaðir eru á þann hátt að bráðið hraun rennur undan harðnaðri skorpu svo að eftir verður lokuð hraunrás. Hellarnir eru ýmist langir eða stuttir, þröngir eða rúmgóðir.

Margir hellanna í þjóðgarðinum eru vel þekktir en aðrir eru vandfundnari. Í jarðfræðiumfjöllun í viðauka IV við verndaráætlunina eru þekktustu hellarnir nafngreindir í umfjöllun um ákveðin hraun. Purkhólahraun er talið eitt hellaauðugasta hraun landsins.²³ Steindirnar tenorite og atacamite hafa fundist í hellum í Purkhólahrauni en þær hafa ekki fundist annars staðar hér á landi²⁴ og hafa ekki fengið íslenskt heiti. Þrátt fyrir þetta teljast

²¹ Bjarni Reykr Kristjánsson, 2003.

²² Bjarni Reykr Kristjánsson, 2003.

²³ Björn Hróarsson, 1990.

²⁴ Sigurður Sveinn Jónsson, munnleg heimild.

ekki margir hellar í Þjóðgarðinum hafa sérstöðu á lands- eða heimsvísu t.d. vegna stærðar eða gerðar. Vatnshellir þykir þó hafa sérstöðu á landsvísu vegna stærðar sinnar, eða lofthæðar, og gerðar. Þá er hellirinn Langiþröngur númer 118 í röð lengstu hraunhella jarðarinnar og sá þrettándi lengsti á Íslandi. Hann er í hópi þeirra hella sem eru um eða yfir kílómetri á lengd.²⁵ Hellarnir hafa verndargildi vegna jarðfræðilegs gildis, auk þess sem þeir hafa ótvírætt fræðslugildi. Hellarnir hafa einnig sagnfræðilega þýðingu enda tengist nýting þeirra menningarsögunni.

Ekki liggur fyrir heildarúttekt eða kortlagning á hellum innan Þjóðgarðsins eins og æskilegt væri. Ákveðin svæði innan Þjóðgarðsins, til að mynda Purkhólahraun, hafa verið kortlögð af áhugamönnum í Hellarannsóknafélagi Íslands. Á heimasíðu félagsins er að finna skrá yfir 20 hella í Þjóðgarðinum. Umfjöllun um hellana er að finna víðar, til að mynda í bókinni Hraunhellar á Íslandi.²⁶

Fjallað er um hellaskoðun og umgengni um hella í kafla 6.8.

Aðgerðir:

1. Rannsaka og gera úttekt á hellum Þjóðgarðsins með tilliti til jarðmyndana og lífríkis.
2. Hellar verði kortlagðir í samvinnu við Hellarannsóknafélag Íslands.
3. Aflað verði og safnað heimildum um notkun hellanna fyrr á tímum og koma upplýsingum á aðgengilegt form.
4. Fylgjast með umgengni í og við hellana.

Samstarfsaðilar: Hellarannsóknafélag Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fornleifavernd ríkisins, háskólastofnanir.

Snæfellsjökull

Markmið þjóðgarðsins er að vernda jökulinn og eldstöðina Snæfellsjökul, einkenni þjóðgarðsins.

Snæfellsjökull er virkt eldfjall sem síðast gaus fyrir um 2000 árum stóru þeytigosí. Þrátt fyrir að Jökullinn hafi verið þögull um hríð er hann enn virkt eldfjall. Snæfellsjökull er skapari og einkenni þjóðgarðsins. Fjallið er sérlega formfögur eldkeila og hefur sem slíkur mikið verndargildi. Stór hluti þess eldstöðvakerfis sem tilheyrir Snæfellsjöklum er innan þjóðgarðsins en eins og fram kemur í kafla 3.1 er stefna þjóðgarðsins að mörk hans verði stækkuð þannig að allt eldstöðvakerfið sé innan þjóðgarðsins.

Um langt árabíl hafa verið stundaðar reglulegar mælingar á framgangi og hopun Jökulsins. Mælingarnar eru gerðar á Hyrningsjöklum og eru í umsjón Jöklarannsóknafélags Íslands. Skilyrði þess að jöklar myndist er að meira snjó á veturna en bráðnar á sumrin um langt árabíl. Jöklar bregðast við loftslagsbreytingum og breytist stærð þeirra mest eftir hitafari. Snæfellsjökull er nú um 12 km² en um aldamótin 1900 var hann nær 15 km². Kuldatímabil sem stóð frá miðöldum og til upphafs 20. aldar olli því að umfang jökla hér á landi jókst. Á árunum 1925-1965 var hlýindakafli og minnkaði Snæfellsjökull þá verulega. Í samræmi við tíðarfar bætti Jökullinn á sig næsta aldarfjórðunginn en síðan 1996 hefur hann hopað.

Í kafla 6.4. er fjallað um ferðir á Snæfellsjöklum.

²⁵ Björn Hróarsson, munnleg heimild.

²⁶ Björn Hróarsson, 1990.

Tafla 1-2 Breytingar á Snæfellsjökli skv. mælingum.²⁷

Ár	1930–1960	1960–1990	1993–1994	2002–2003
Hyrningsjökull	- 935	+ 107	+ 28	- 2
Jökulháls	- 753	ekki mælt	ekki mælt	- 24

Mínus fyrir fram töluna táknar rýrnun á jöklinum en plús að um framrás hafi verið að ræða. Mælt er í metrum.

Aðgerðir:

1. Umgengni gesta og rekstraraðila um Snæfellsjökul sé þannig að hún skaði ekki jarðmyndanir á eða við Jökulinn eða valdi mengun.
2. Upplýsingar um framgang og hopun Jökulsins liggi fyrir hjá þjóðgarðinum og verði aðgengilegar á heimasíðu hans.
3. Safna upplýsingum um ljósmyndir, loftmyndir, kvikmyndir, teikningar, málverk o.fl. sem tengist Jöklinum.

Samstarfsaðilar: Náttúrufræðistofnun Íslands, Jöklarannsóknafélag Íslands, Orkustofnun, Snæfellsbær.

4.3 Lífríki

Markmið þjóðgarðsins er að vernda lífríkið innan hans og líffræðilega fjölbreytni.

Þar sem Ísland er eyja í miðju Atlantshafi er lífríki landsins fremur fábreytt vegna einangrunar. Mikilvirk náttúruöfl hafa einnig áhrif, s.s. tíð eldgos og lausbundinn eldfjallajarðvegur. Fjöldi tegunda á landi er frekar lítill en fjöldi einstaklinga af ákveðnum tegundum er oft mikill, til að mynda sjófugla. Lífríkið hefur breyst mikið af völdum mannsins m.a. vegna gróðureyðingar og framræslu votlendis. Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að skrá lífverur landsins og meta útbreiðslu þeirra og ástand. Enn er mikil vinna eftir í þeim efnum.²⁸

Lífríkið innan þjóðgarðsins hefur lítið verið rannsakað. Afar brýnt er að bæta úr því. Fuglar í björgum hafa verið taldir nokkrum sinnum en mófuglalíf hefur ekki verið kannað. Gróðurfarið hefur verið kannað nokkuð t.d. vegna gróðurkortagerðar en vinna þarf ítarlegri tegundalista. Gera má ráð fyrir að gróður sé orðinn gróskumeiri vegna minni beitar en áður var. Gróðurfur í Búðahrauni í nágrenni þjóðgarðsins er vel þekkt en innan þjóðgarðsins eru hraun með fjölbreyttum gróðri í hraungjótum sem lítið hefur verið kannaður. Útbreiðsla sjaldgæfra tegunda og tegunda í útrýmingarhættu hefur einnig lítt verið könnuð. Vegna þess hve jarðvegur er gljúpur er lítið um vatn á svæðinu og þar af leiðandi nær ekkert votlendi. Eina votlendið sem eitthvað kveður að er í Beruvík en auk þess eru tjarnir við Hólahóla, Rauðhól, í Væjuhrauni og í Dritvík. Gróðurfur og lífríki votlendisins hefur ekki verið kannað sérstaklega. Mikil áhersla er í dag lögð á líffræðilega fjölbreytni. Í samræmi við samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni sem staðfestur hefur verið hér á landi er mjög mikilvægt að vernda það litla votlendi sem er innan

²⁷ Oddur Sigurðsson, 1998 og 2004.

²⁸ Umhverfisráðuneytið, 2002 (bls. 37-38).

þjóðgarðsins. Strönd þjóðgarðsins er margbreytileg og strandgróður fjölbreyttur. Nauðsynlegt er að kanna lífríki strandarinnar en rannsóknir á því eru af skornum skammti. Þrjár tegundir villtra landspendýra lifa innan þjóðgarðsins, hagamús, minkur og refur. Refaveiðar eru bannaðar innan þjóðgarðsins og hefur Náttúrustofa Vesturlands fylgst með fjölda grenja í ábúð frá sumrinu 2002. Einnig hefur hún fylgst með fjölda minka.²⁹

Í kafla 5.1 er fjallað um verndun vistkerfa, þ.e. brottnám aðfluttra tegunda. Þar er einnig fjallað um sérstækar aðgerðir sem stuðla að verndun.

Í kafla 9.2 er fjallað um vöktun.

Aðgerðir:

1. Aflað verði skipulega grunnupplýsinga um lífríki innan þjóðgarðsins.
2. Við allt skipulag innan þjóðgarðsins skal sérstaklega gætt að því að vernda búsvæði og tegundir dýra og plantna sem eru viðkvæmar fyrir ágangi manna.
3. Leggja ber áherslu á að varðveita líffræðilega fjölbreytni svæðisins.

Samstarfsaðilar: Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, Háskólaþing Snæfellsnes, Vör – sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð.

Ströndin

Markmið þjóðgarðsins er að tryggja verndun lífríkis og fjölbreytni fjörunnar innan hans.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er eini þjóðgarðurinn hér á landi sem nær í sjó fram. Af þeim sökum er lögð sérstök áhersla á lífríki sjávar og fjöru og samskipti manna og sjávar í starfsemi þjóðgarðsins.



Mynd 4-2 Öndverðarnesfjara.

Ströndin innan þjóðgarðsins er sérstaklega fjölbreytt þar sem skiptast á grjótfjörur, malar- og sandfjörur, sjávarhamrar, fuglabjörg og sjávarfitjar. Fjaran er í raun aðgengilegasti hluti sjávarins og því kjörinn vettvangur til kynningar og fræðslu um lífríkið. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki fjörunnar innan þjóðgarðsins og er nauðsynlegt að bæta þar úr.

Hafrannsóknastofnun fór í rannsóknarleiðangur á Snæfellsnes sumarið 2005. Vegna óhagstæðs veðurfars tókst ekki að ljúka rannsókn á öllum þeim stöðum sem

fyrirhugað var og voru strendur þjóðgarðsins þeirra á meðal. Sýni voru tekin í fjörunni í Krossavík, sem er rétt utan þjóðgarðs. Sumarið 2007 gerði Hafrannsóknastofnun frumathugun á botnþörunugum innan þjóðgarðsins og var sýnum safnað á Öndverðarnesi og við Malarrif. Skýrslu um rannsóknirnar var skilað haustið 2007 og fékk þjóðgarðurinn til varðveislu eintak af stærri tegundunum sem þurrkaðar höfðu verið og settar upp á pappírsarkir. Um 80 tegundir fundust á hvorum stað fyrir sig. Gróður staðanna reyndist líkur að því er varðaði stærstu og mest áberandi tegundirnar en samsetning smærri tegunda var nokkuð ólík. Skýrsluhöfundar leggja til að gerð verði rannsókn á a.m.k. þremur öðrum stöðum til viðbótar, fjörudýr verði einnig skoðuð og mældar verði breytingar á þekju og þéttleika dýra og þörungna með hæð í fjöru. Út frá þeim rannsóknum væri kominn góður efniviður og grunnur fyrir sýningu og fræðslu um

²⁹ Sjá viðauka II hér að aftan (Lífríki).

lífríki fjörunnar. Ljóst sé að í fjörunum er lífríkið fjölskrúðugt og vert að rannsaka það og nýta til fræðslu.³⁰

Aðgerðir:

1. Rannsaka og kortleggja lífríkið í fjörum þjóðgarðsins. Leitað verður eftir styrkjum til verkefnisins og samstarfi við fagstofnanir.
2. Gerður verði listi yfir þær tegundir dýra og jurta sem lifa við strönd þjóðgarðsins.
3. Unnin verði vistgerða-/búsvæðakort fyrir lífverur strandarinnar þannig að sjá megi þá líffræðilegu fjölbreytni sem þar er að finna.
4. Fræðsla og skilningur manna á fjörunni og því lífi sem þar þrífst verði aukinn með því að setja upp fræðsluskilti, vinna fræðsluefni og bjóða upp á fræðsluferðir í fjörun.
5. Lendingar og aðrar menningarminjar við ströndina verði mældar upp og kortlagðar.

Samstarfsaðilar: Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, Háskólasetur Snæfellsness, Vör – sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð, Fornleifavernd ríkisins.

Gróðurfar³¹

Markmið þjóðgarðsins er að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni með því vernda og vakta fágatar plöntutegundir og hefja útbreiðslu innfluttra tegunda.

Gróðurfar innan þjóðgarðsins hefur ekki verið mikið kannað og ekki hafa verið gerðar rannsóknir á gróðurfari sem takmarkast við þjóðgarðinn. Sumarið 2009 hóf þó þjóðgarðurinn þátttöku í verkefninu Sóley sem er rannsókn á langtímaáhrifum loftslagsbreytinga á plöntur og gróður á Íslandi. Gróðurkortlagning af svæðinu er frá árunum 1982-1984 og þarfnast því endurskoðunar. Útbreiðsla háplantna er nokkuð vel þekkt³² en um lágplöntur er minna vitað. Jarðvegsrof á svæðinu er lítið og að mestu bundið við litla bletti, t.d. þar sem skeljasandur hefur borist á land.

Strandgróður er mjög fjölbreyttur innan þjóðgarðsins, t.d. lyngvaxin hraun, grös og starir. Móar eru útbreiddir og víða er gott berjaland. Í hraunum hefur birki³³ víða náð sér vel á strik, auk þess sem finna má fallegar reynivíðarplöntur.³⁴ Í gjótum er einnig fjölbreyttur blómgróður og burknar. Nokkuð er um tón sem tilheyra gömlum eyðibýlum þar sem er mikil gróska fyrri hluta sumars. Lambhagatjarnir í Beruvík eru helsta dæmið um votlendi í þjóðgarðinum en einnig má nefna tjarnir við Rauðhól og í Væjuhrauni. Til fjalla er að finna snjóðældagróður, t.d. grasvíði³⁵ í 400-800 m hæð yfir sjó, og annan fjallagróður á milli mela og tinda.

Á Íslandi er 31 plöntutegund friðlýst.³⁶ Með friðlýsingunni er lagt bann við að slíta af plöntunum sprota, blöð, blóm eða rætur, traðka á þeim, grafa þær upp eða skerða á annan hátt. Í valista fyrir plöntur³⁷ er að finna lista yfir tegundir sem taldar eru í útrýmingarhættu. Sú hættu sem hverri tegund er búin er metin eftir alþjóðlegu flokkunarkerfi og skiptist í bráða hættu, í hættu, í yfirvofandi hættu og í nokkurri hættu. Innan þjóðgarðsins er ein háplöntutegund og tvær lágplöntutegundir á valista. Um er að

³⁰ Hafrannsóknastofnun, 2007.

³¹ Sjá viðauka II hér að aftan (Lífríki).

³² Sjá viðauka II hér að aftan (Lífríki).

³³ Latneskt heiti: *Petula pubescens*.

³⁴ Latneskt heiti: *Sorbus aucuparia*.

³⁵ Latneskt heiti: *Salix herbacea*.

³⁶ Auglýsing um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda nr. 184/1978.

³⁷ Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996.

ræða háplöntutegundina ferlaufung,³⁸ sem talin er í nokkurri hættu, en hana má finna í gjótum í Neshrauni. Ferlaufungur er friðlýstur. Fléttutegundirnar á valista eru gígnæfra,³⁹ sem hér á landi hefur aðeins fundist í Berudal, og gulrenda,⁴⁰ sem fundist hefur við Lóndranga. Þær eru báðar taldar í bráðri hættu.

Sú friðlýsing sem nú er í gildi nær aðeins til háplantna en í náttúruverndaráætlun er lagt til að 67 tegundir háplantna og 45 tegundir mosa verði verndaðar.

Aðgerðir:

1. Stuðlað verði að frekari rannsóknum á gróðurfari innan Þjóðgarðsins í samráði við fagstofnanir.
2. Endurskoðaður verði listi yfir þær tegundir jurta sem lifa í Þjóðgarðinum.
3. Endurskoða úttekt og kortlagningu á gróðurfari Þjóðgarðsins.
4. Vistgerða-/búsvæðakort fyrir jurtir í Þjóðgarðinum verði unnin.
5. Gerð verði vöktunaráætlun fyrir valda vaxtarstaði ferlaufungs og annarra plantna á valista. Ef hætta er talin á að búsvæði þeirra raskist þarf að grípa til sérstakra aðgerða skv. ráðleggingum fagaðila.

Samstarfsaðilar: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Náttúrufræðistofnun Íslands,
Náttúrustofa Vesturlands, Háskólasetur Snæfellsness,
háskólastofnanir.

Fuglar⁴¹

Markmið þjóðgarðsins er að tryggja vernd fugla og búsvæða þeirra innan hans.

Þótt lífríki á Íslandi sé fremur fábrotið eru fuglar áberandi. Það gildir einnig um Þjóðgarðinn. Helstu fuglar innan hans eru sjófuglar. Víða við ströndina eru þéttsetin fuglabjörg. Algengustu tegundirnar eru rita,⁴² fýll⁴³ og svartfugl, þ.e. langvía,⁴⁴ stuttnefja,⁴⁵ álka⁴⁶ og teista.⁴⁷ Stöku lundi⁴⁸ sést, auk þess sem toppskarfur⁴⁹ er nokkuð algengur á skerjum við ströndina. Sjá má súlu⁵⁰ stinga sér eftir síld en hún verpir ekki á svæðinu. Einnig er nokkuð um aðrar máfategundir en ritu, t.d. svartbak⁵¹ og stöku silfur máfs-⁵² og hvít máfspör.⁵³ Mófuglalíf hefur lítið verið kannað en algengustu tegundir þeirra, s.s. heiðlóa,⁵⁴ spói⁵⁵ og þúfuttlingur,⁵⁶ verpa á svæðinu og hrafn⁵⁷ er algengur. Rjúpa⁵⁸ sést víðast hvar en hún er friðuð innan Þjóðgarðsins. Eitt stærsta kríuvarp landsins er í Rífi í

³⁸ Latneskt heiti: *Paris quadrifolia*.

³⁹ Latneskt heiti: *Lobaria scrobiculata*.

⁴⁰ Latneskt heiti: *Pseudocyphellaria crocata*.

⁴¹ Sjá viðauka II hér að aftan (Lífríki).

⁴² Latneskt heiti: *Rissa tridactyla*.

⁴³ Latneskt heiti: *Fulmarus glacialis*.

⁴⁴ Latneskt heiti: *Uria aalge*.

⁴⁵ Latneskt heiti: *Uria lomvia*.

⁴⁶ Latneskt heiti: *Alca torda*.

⁴⁷ Latneskt heiti: *Cepphus grylle*.

⁴⁸ Latneskt heiti: *Fratercula arctica*.

⁴⁹ Latneskt heiti: *Phalacrocorax aristotelis*.

⁵⁰ Latneskt heiti: *Morus bassanus*.

⁵¹ Latneskt heiti: *Larus marinus*.

⁵² Latneskt heiti: *Larus argentatus*.

⁵³ Latneskt heiti: *Larus hyperboreus*.

⁵⁴ Latneskt heiti: *Charadrius apricaria*.

⁵⁵ Latneskt heiti: *Numenius phaeopus*.

⁵⁶ Latneskt heiti: *Anthus pratensis*.

⁵⁷ Latneskt heiti: *Corvus corax*.

⁵⁸ Latneskt heiti: *Lagopus mutus*.

næsta nágrenni þjóðgarðsins og er krían⁵⁹ einkennisfugl Snæfellsbæjar. Lítið er af votlendisfuglum innan þjóðgarðsins en við nokkrar tjarnir í Beruvík er fuglalíf fjölskrúðugt. Stundum sjást flækingar á svæðinu.



Mynd 4-3 *Stuttnefjur í Saxbólsbjargi.*

Varpstofnar sumra fuglategunda hér á landi eru oft stór hluti Evrópu- eða heimsstofns viðkomandi tegundar. Þessar tegundir eru kallaðar ábyrgðartegundir.⁶⁰ Þannig eru flestir stofnar sjófugla hér við land mikilvægir á alþjóðamælikvarða. Þær fuglategundir sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á og verpa í þjóðgarðinum eru: álka, fýll, langvía, teista, kría, sandlóa,⁶¹ sendlingur,⁶² æður,⁶³ heiðlóa, lóupræll,⁶⁴ spói, stelkur,⁶⁵ steindepill⁶⁶ og snjótittlingur.⁶⁷ Ekki er vitað fyrir víst hvort skógarþröstur⁶⁸ og músarrindill⁶⁹ verpa innan marka þjóðgarðsins en þeir sjást þar. Auk þeirra verpa eftirtaldar tegundir í jaðri þjóðgarðsins eða eru umferðafuglar: rauðbrystingur,⁷⁰ sanderla,⁷¹ jaðrakan,⁷² grágæs,⁷³ margæs⁷⁴ og tildra.⁷⁵ Stuttnefja er ekki ábyrgðartegund en er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands og flokkast sem tegund í yfirvofandi hættu. Henni hefur fækkað um meira en 20% á tíu árum. Talið er að um 0,2% stofnsins verpi í þjóðgarðinum og nær hann því ekki viðmiðinu sem þarf til þess að svæðið sé mikilvægt á heimsvísu fyrir tegundina en það viðmið er 1%. Hins vegar er aðgengi að stuttnefju óvenjugott í þjóðgarðinum og svæðið því mikilvægt fyrir þá sem vilja skoða fuglinn.⁷⁶

Nokkuð er til af heimildum um fuglalíf á utanverðu Snæfellsnesi, fæstar þessar heimildir eiga við um þjóðgarðinn sérstaklega nema upplýsingar um talningar í einstökum fuglabjörgum. Fuglalíf inn til landsins hefur lítið verið kannað. Ekki liggja fyrir nýlegar rannsóknir um stærð varpstofns allra þeirra tegunda sem Ísland telst bera alþjóðlega ábyrgð á innan þjóðgarðsins. Bjargfuglar voru taldir árið 1983 og minni talning var gerð árið 1992. Sumarið 2005 taldi nemi við líffræðiskor Háskóla Íslands fugla í nokkrum björgum á utanverðu Snæfellsnesi og bar saman við niðurstöður úr talningum árin 1983 og 1992. Áhersla var lögð á langvíu, stuttnefju, álku, fýl og ritu. Í ljós kom að þremur tegundanna hafði fækkað, þ.e. langvíu, stuttnefju og álku, en fjöldi fýls og ritu var svipaður og áður. Í heildina hafði sjófuglum fækkað og taldi neminn sem vann að talningunni það stafa af fæðuskorti, einkum skorti á loðnu og sandsíli. Samsvarandi niðurstöður hafa fengist víðar við Atlantshaf. Ekki er nægilega mikið vitað um íslensku bjargfuglana til að geta útskýrt snöggar breytingar. Úr þessu þarf að bæta þar sem margt bendir til að miklar breytingar eigi sér stað á umhverfi strandsjávar um þessar mundir

⁵⁹ Latneskt heiti: *Sterna paradisaea*.

⁶⁰ Umhverfisstofnun, 2003 (bls. 28).

⁶¹ Latneskt heiti: *Charadrius hiaticula*.

⁶² Latneskt heiti: *Calidris maritima*.

⁶³ Latneskt heiti: *Somateria mollissima*.

⁶⁴ Latneskt heiti: *Calidris alpina*.

⁶⁵ Latneskt heiti: *Tringa totanus*.

⁶⁶ Latneskt heiti: *Oenanthe oenanthe*.

⁶⁷ Latneskt heiti: *Plectrophenax nivalis*.

⁶⁸ Latneskt heiti: *Turdus iliacus*.

⁶⁹ Latneskt heiti: *Troglodytes troglodytes*.

⁷⁰ Latneskt heiti: *Calidris canutus*.

⁷¹ Latneskt heiti: *Calidris alba*.

⁷² Latneskt heiti: *Limosa limosa*.

⁷³ Latneskt heiti: *Anser anser*.

⁷⁴ Latneskt heiti: *Branta bernicla*.

⁷⁵ Latneskt heiti: *Arenaria interpres*.

⁷⁶ Jóhann Óli Hilmarsson, munnleg heimild.

vegna fiskveiða og mengunar.⁷⁷ Þess má geta að síðla sumars 2005 veittu landverðir og gestir því athygli að margir dauðir rituungar lágu í fjörunni við Hellna og voru nokkrir þeirra sendir til rannsókna á Náttúrufræðistofnun Íslands. Fuglarnir voru magrir og líklegt er að fæðuskortur hafi valdið dauða þeirra. Svipað ástand hefur verið síðan og á það við víða um land.

Sumarið 2009 fylgdist Hákon Ásgeirsson landvörður með afkomu ritunnar í Keflavíkurbjargi, Svörtuloftum og á Arnarstapa. Var verkefnið hluti af BS-verkefni Hákonar og unnið í samstarfi við Háskólaþing Snæfellsness. Niðurstöður Hákonar sýndu mikinn mun á vaparangri á milli staða. Framleiðnin var mest í Keflavíkurbjargi og þar komust einnig flestir ungar á legg. Verst var ástandið í Svörtuloftum. Fæðuframboð virtist ekki vera nægjanlegt og veldur því að brestur verður í varpi. Einnig er athyglisvert að fæðuframboð virðist vera breytilegt eftir svæðum meðfram ströndinni. Borið saman við talningar árið 2005 hafði afkoman versnað síðan þá á Arnarstapa og í Svörtuloftum en ekki var þá talið í Keflavíkurbjargi.⁷⁸

Nauðsynlegt er að fylgjast með sjófuglunum næstu árin og sjá hvernig þeim reidir af.

Fjallað er um vöktun fugla í kafla 9.2.

Tafla 1-3 Talning á fimm tegundum sjófugla.

Fremri talan er frá árinu 1983 og sú aftari frá 2005 (16.-20. júní).⁷⁹

Tegund	Langvía		Stuttnefja		Álka		Fýll		Rita	
	1983	2005	1983	2005	1983	2005	1983	2005	1983	2005
Þúfubjarg-Svalpúfa	1807	643	213	82	216	57	431	216	1443	1565
Lóndrangar	92	70	124	62	13	8	169	90	0	0
Lónsbjörg	13	0	0	0	104	1	32	79	0	0
Nesbjarg-Saxhólsbjarg	1586	765	1203	231	869	262	109	65	2986	2678

Á sjó við Svalpúfu, Þúfubjarg og Lóndranga var talin 91 langvía, 95 álkur en engin stuttnefja. Við Nesbjarg/Saxhólsbjarg voru taldar 274 langvíur, 50 stuttnefjur og 218 álkur.

Samkvæmt reglum um loftför skal þeim ekki flogið neðar en 500 fet yfir fuglabjörgum. Varast skal sérstaklega flug loftfara nálægt björgunum á þeim tíma árs þegar fugl er í þeim og sérstakt tillit skal taka til þess að um þjóðgarð er að ræða.

Aðgerðir:

1. Rannsaka hvaða tegundir fugla verpa innan þjóðgarðsins og hver útbreiðsla og fjöldi þeirra er.
2. Þeim sem bjóða upp á útsýnisflug verði bent á að fljúga ekki nálægt fuglabjörgum.

⁷⁷ Bornaechaea, P.G. & Arnþór Garðarsson, 2006.

⁷⁸ Hákon Ásgeirsson, 2010.

⁷⁹ Bornaechaea, P.G. & Arnþór Garðarsson, 2006.

Samstarfsaðilar: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, Líffræðistofnun Háskólans, Háskólasetur Snæfellsness, Vör – sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð.

Dýr, önnur en fuglar

Markmið þjóðgarðsins er að vernda dýralíf innan hans og stuðlað að eðlilegum viðgangi refastofnsins.

Aðeins eitt landspendýr, refurinn,⁸⁰ er upprunalegt hér á landi. Önnur spendýr, hagamús,⁸¹ húsamús,⁸² rotta,⁸³ minkur⁸⁴ og hreindýr,⁸⁵ hafa verið flutt til landsins af mönnum. Auk þessara landspendýra kæpir landselur⁸⁶ og útselur⁸⁷ hér við land.

Við stofnun þjóðgarðsins voru refaveiðar innan hans bannaðar. Á svæðinu eru þekktir 26 staðir sem refir hafa einhvern tímann notað sem greni. Vafalaust eru staðirnir fleiri enda er landið þannig að erfitt getur verið að finna ný greni. Sumarið 2002 hóf Náttúrustofa Vesturlands að vakta fjölda grenja í ábúð. Tilgangurinn er að fylgjast með fjölda grenja í ábúð og nota sem vísbendingu um breytingar á þéttleika eftir friðun. Síðustu áratugi hafa 2-5 af þekktum grenjum svæðisins verið í ábúð. Vöktun refagrenja bendir ekki til þess að miklar breytingar hafi orðið á fjölda þeirra eftir friðunina. Þó er nær öruggt að fleiri yrðlingar komast upp árlega nú en áður. Vöktunin segir ekki til um fjölda refa í þjóðgarðinum heldur gefur hún vísbendingar um langtímabreytingar á refastofninum á svæðinu.

Mynd 4-4 Tófur



Minkur var fyrst fluttur til Íslands árið 1931 til ræktunar. Talið var að lítið væri af mink innan þjóðgarðsins vegna slæmra skilyrða, s.s. klettöttra stranda og lítills votlendis. Nýjar rannsóknir Náttúrustofu Vesturlands benda hins vegar til að þéttleiki minka á svæðinu sé meiri en áður var talið. Sérstaklega er mikið af mink við Malarrif, Þrælavík, Beruvík, Skarðsvík, Móðuvör og Gufuskála. Lengst af voru veiðar á svæðinu innan þjóðgarðsins óverulegar en mink hefur verið haldið niðri af meindýraeyði Snæfellsbæjar. Tilraunaverkefni á vegum umhverfisráðuneytisins um svæðisbundna útrýmingu minks var hleypt af stokkunum árið 2006. Markmið verkefnisins var að útrýma mink á tveimur völdum svæðum á landinu á árunum 2006 – 2009. Tilgangur verkefnisins var sá að kanna möguleika á að útrýma mink á landsvísu. Svæðin sem valin voru í tilraunina voru Snæfellsnes og Eyjafjörður. Fyrsta árið voru 58 minkar veiddir í lífgildrum á Snæfellsnesi, þeir merktir og senditæki sett í þá. Fylgst var með ferðum þeirra og afdrifum í nokkra mánuði en í kjölfarið hófust veiðar. Árið 2007 var 101 minkur veiddur á Snæfellsnesi, ári síðar 67 minkar og árið 2009 voru þeir 35. Árangur verkefnisins hefur því verið ágætur og minna hefur orðið vart við mink en áður. Verið er að vinna skýrslu um niðurstöður og árangur verkefnisins og í kjölfar hennar verða ákvarðanir teknar um framhald þess.

⁸⁰ Latneskt heiti: *Alopex lagopus*.

⁸¹ Latneskt heiti: *Apodemus sylvaticus*.

⁸² Latneskt heiti: *Mus musculus*.

⁸³ Latneskt heiti: *Rattus norvegicus*.

⁸⁴ Latneskt heiti: *Mustela vison*.

⁸⁵ Latneskt heiti: *Rangifer tarandus*.

⁸⁶ Latneskt heiti: *Phoca vitulina*.

⁸⁷ Latneskt heiti: *Halichoerus grypus*.

Ekki eru stór sellátur í þjóðgarðinum en selir sjást við Gufuskála, á Dritvíkurflögum og í Lóndal neðan við Einarlón.

Upplýsingar um útbreiðslu músa innan þjóðgarðsins eru ekki til.

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á smádýralífi innan þjóðgarðsins og vantar allar upplýsingar um það. Á það bæði við um þær lífverur sem lifa á þurrlendi, í fjöru og í sjávarborðinu.

Aðgerðir:

1. Dýralíf í þjóðgarðinum verði rannsakað og fylgst með því. Leitað verði eftir styrkjum til verkefnisins í samstarfi við fagstofnanir.

Samstarfsaðilar: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Náttúrustofa Vesturlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnun, Háskólasetur Snæfellsness, Vör-sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð, Snæfellsbær.

4.4. Menningarminjar

Markmið þjóðgarðsins er að tryggja að menningarminjar verði verndaðar og að fræða gesti um þær.

Menningarminjar eru samnefni ymissa þátta sem á einhvern hátt tengjast menningu, til að mynda sögur, sagnir, örnefni og minjar í landinu, sem og þjóðleiðir eða búsetuminjar. Þessar minjar eru misáþreifanlegar og misgamlar. Til fornleifa teljast „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á“⁸⁸. Allar minjar eldri en hundrað ára kallast fornleifar og eru sjálfkrafa friðaðar en einnig er heimilt að friðlýsa yngri minjar. Til er skrá yfir friðlýstar fornleifar innan þjóðgarðsins en samkvæmt lögum skal friðlýsingarskrá gefin út af Fornleifavernd ríkisins á þriggja ára fresti.⁸⁹ Friðlýsing fornleifa innan þjóðgarðsins er í endurskoðun.

Eitt helsta verndargildi þjóðgarðsins felst í þeirri merku sögu og minjum sem tengjast sjósókn frá tímum árabátaútgærðar en fjöldi minja er einnig frá tímum búskapar á svæðinu. Hellar hafa verið nýttir sem sauðabyrgi eða matvælageymslur og það hlutverk gefur þeim menningarlegt gildi. Gamlar þjóðleiðir eru einnig menningarminjar sem hætta er á að hverfi sé þeim ekki viðhaldið með því að nýta þær sem göngu- og reiðleiðir (sbr. kafla 6.7 um hestaferðir). Innan þjóðgarðsins eru fjölmörg áhugaverð rannsóknarefni á sviði fornleifafræði. Má þar nefna Írskubúðir, fiskbyrgin á Gufuskálum, Dritvík og minjar við Drangsvog og Hólavog. Við forgangsröðun rannsókna er nauðsynlegt að hafa í huga að hvaða minjum hætta steðjar, t.d. vegna rofs sjávar, en það á til að mynda við um sjávarútvegsmínjar í Drangsvogi við Lóndranga og við Gufuskála.

Sumarið 2008 fór fram fornleifarannsókn á verbúðaleifum á milli Gufuskálavara og Írskrabrúns. Umsjón með henni hafði Lilja Björk Pálsdóttir fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands en rannsóknin var unnin í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins og þjóðgarðinn. Fornleifasjóður fjármagnaði verkefnið. Rannsóknarsvæðið var mælt upp og snið teiknuð til að komast að því hvers konar fornleifar væri um að ræða. Rannsóknin beindist einkum að fornum öskuhaug, að því er talið var. Ekki reyndist eingöngu um öskuhaug að ræða því í ljós komu hleðslur og fundust þar m.a. renndur taflmaður og útskorin koparhespa. Sniðin bera með sér að búsetusaga Gufuskála sé löng. Í hólunum eru að minnsta kosti þrjár kynslóðir húsa. Ekki er vitað hvaða fornminjar nákvæmlega hér er um að ræða en rannsóknin er afar áhugaverð og verður vonandi hægt að halda henni áfram en sjórin brýtur mikið á landinu og fornleifarnar því í hættu⁹⁰.

⁸⁸ Þjóðminjalög nr. 107/2001.

⁸⁹ Þjóðminjalög nr. 107/2001.

⁹⁰ Lilja Björk Pálsdóttir o.fl., 2009.

Veturinn 2008 – 2009 hrundu vegghleðslur í Írskrabrunni. Sennilega hefur það gerst í ofsaroki og miklum sjógangi sem gekk yfir svæðið í desember 2008. Nauðsynlegt er að endurhlaða brunninn og verður unnið að því sumarið 2010.

Skráning fornleifa – Íslendingar eru fremur stutt á veg komnir í skráningu fornleifa miðað við nágrannalöndin. Gerð og þéttleiki fornleifa hér á landi fer eftir staðhættum og náttúrufari á hverjum stað. Fyrir stofnun þjóðgarðsins vann Bjarni F. Einarsson fornleifaskráningu á svæðinu.⁹¹ Sú skráning er góð grunnheimild um minjar en þó er vitað að göt eru í henni. Nauðsynlegt er að fylla í þessi göt með hjálp heimamanna sem til þekkja. Þetta verk var hafið sumarið 2005 í samráði við minjavörð Vesturlands. Skráningu minja lýkur seint því að ávallt geta fundist fleiri minjar sem þarf að skrá og aðrar er nú hægt að skrá nákvæmar en áður. Má í því sambandi nefna Beruvík og Dritvík þar sem minjar eru mjög þéttar. Í þeim tilvikum skiptir nákvæmari staðsetning en sú sem fékkst með skráningu Bjarna árið 1996 miklu máli. Þetta er sérstaklega mikilvægt í Beruvík þar sem gróður er ágengur. Staðsetningartæki hafa orðið nákvæmari á síðustu árum en á þeim tíma þegar minjarnar voru skráðar voru skekkjumörk 20 – 30 metrar.

Fornleifar – Búsetuminjar innan þjóðgarðsins eru frá mismunandi tímum. Helstu minjar um búsetu eru á Gufuskálum, Öndverðarnesi, Saxhóli, í Beruvík (Garðar, Nýjabúð, Hella og Helludalur), Litlalóni, Hólahólum, Einarslóni og á Malarrífi. Umfang búskapar og fjöldi íbúa var mjög misjafn eftir tímabilum en búseta hafði alls staðar lagst af á þessum stöðum um miðja 20. öldina, fyrir utan Malarríf þar sem búið var fram til 1997. Hólahólar voru stórbýli en Dritvík tilheyrði jörðinni. Byggð lagðist af á Hólahólum árið 1878. Sumarið 2005 skráði minjavörður Vesturlands rústir við Prestahraungötu. Rústirnar á eftir að kanna nánar en þær eru umfangsmiklar og líklega mjög gamlar.

Þekktustu sjávarútvegsminjar í þjóðgarðinum eru eflaust steintökin á Djúpalónssandi, útgerðarstaðurinn í Dritvík og fiskbyrgi og vör við Gufuskála. Auk þessara staða eru minjar um sjósókn í Drangsvogi við Lóndranga, á Malarrífi, í Beruvík, í Hólavogi og á Öndverðarnesi.

Samkvæmt fornleifaskráningu⁹² eru merkar fornar minjar um landnámsbýli á Írskubúðum. Þar er að finna heillegar minjar landnámsjarðar með nánast öllum þeim rústum sem slíkum býlum fylgir. Skammt frá bænum er kumlið Hákonarhóll. Friðlýstar fornleifar innan þjóðgarðsins eru:⁹³ verbúðatóftir og völundarhús í Dritvík, Svalþúfurúst á Þúfubjörgum, Berutóftir (Beruvík forna), Forni-Saxhóll, brunnurinn Fálki og dómaragarðurinn á Öndverðarnesi, Írskubúðir/Gerðubergsrústir, Hákonarhóll, Gufuskálavör, fiskbyrgin, verbúðaleifar og önnur forn mannvirki við Gufuskála.

Sögur og sagnir – Ýmsar merkar sögur tengjast svæðinu. Má þar nefna Bjarnarsögu Hítðalakappa og Bárðarsögu en fjöldi örnefna í þjóðgarðinum og nágrenni hans tengjast þeirri síðarnefndu. Dulmagn Jökulsins er margrómað en margir telja að sérstakur kraftur stafi frá Snæfellsjökli.


Örnefni – Mikil menningarleg auðæfi felast í örnefnum sem m.a. tengjast búskaparhættum fyrri tíma. Eftir að jarðir fara í eyði og fyrrverandi íbúar hverfa af sjónarsviðinu er hætt við að sú auðlind sem felst í örnefnum glatist. Til eru greinagóðar örnefnaskrár af svæðinu. Til þess að þær nýtist gestum þjóðgarðsins er nauðsynlegt að færa örnefni inn á loftmyndir. Heppilegt gæti verið að taka fyrir eitt svæði í einu og merkja örnefni inn á loftmyndir og greina þau um leið og skipulag fyrir viðkomandi svæði er unnið.

⁹¹ Bjarni F. Einarsson, 1996.

⁹² Bjarni F. Einarsson, 1996.

⁹³ Fornleifanefnd, 1990.

Menningarminjar



Kort 4-1 Menningarminjar.

Þjóðleiðir – Innan þjóðgarðsins eru fornar þjóðleiðir. Þessar leiðir liggja á milli bæja á svæðinu, auk þess sem sumar þeirra voru nýttar til skreiðarferða. Hluti þessara leiða er nú orðinn óskýr, auk þess sem vörður eru sums staðar farnar að láta á sjá og þarfnast því lagfæringa.

Aðgerðir:

1. Halda þarf áfram skráningu minja innan þjóðgarðsins eftir því sem þörf er á og kanna hvar er þörf á endurskráningu minja vegna þess hversu þéttar þær eru.
2. Endurskoða eldri skráningar með nákvæmari staðsetningartækjum.
3. Meta þarf þá hættu sem stöðjar að minjunum, t.d. vegna rofs eða ágangs sjávar, og vinna að rannsóknar- og verndaráætlun í samræmi við þær niðurstöður.
4. Endurhlaða og viðhalda þekktum vörðum sem farnar eru að láta á sjá.
5. Kortleggja fornleifar innan þjóðgarðsins, þar með taldar fornar leiðir.
6. Varna þarf því að brunnarnir Fálki og Írskrabbunnur fyllist af sandi með árlegu eftirliti og mokstri.

7. Upplýsa þarf gesti þjóðgarðsins um menningarminjar með hóflegum skiltum, upplýsingum á Netinu og útgáfu sérstakra bæklinga um fornleifar.
8. Skipuleg skráning og greining örnefna inn á loftmyndir fari fram.

Samstarfsaðilar: Fornleifavernd ríkisins, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, háskólastofnanir.

4.5 Landslag

Markmið þjóðgarðsins er að tryggja vernd landslagsgerða og heilda og að upplifun ferðamanna á mikilfenglegu landslagi hans skerðist ekki.

Landslagsvernd er líklega skemmst á veg komin af verndun þeirra náttúruminja sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum. Þessa veiku stöðu má m.a. skýra með því að engin einhlít skilgreining er til á landslagi í íslenskum lögum. Ærin ástæða er til að auka veg landslagsverndar enda hafa viðhorfskannarnir sýnt að Íslendingar líta á landslag sem eitt helsta þjóðartákn landsins, auk þess sem það hefur óumdeilanlegt aðdráttarafl á erlenda ferðamenn.⁹⁴ Gildi landslags er aðallega sjónrænt og fagurfræðilegt og mat þess því huglægara og afstæðara en mat á öðrum náttúruminum.⁹⁵

Þau lög þar sem finna má ákvæði tengd landslagi og landslagsvernd eru lög um náttúruvernd nr. 44/1999, lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og þjóðminjalög nr. 107/2001. Til er evrópskur landslagssáttmáli en Ísland er ekki aðili að honum. Í sáttmálanum er lögð áhersla á að landslag sé nátengt sjálfvitund fólks og náttúru- og menningararfi þjóða.⁹⁶ Margir þættir setja svip á landslag. Jöklar og vatn móta t.d. meginlínur eða form landsins en gróður og ýmsar jarðmyndanir eða laus jarðlög geta ráðið mynstri, áferð og lit. Landslag á Íslandi er á margan hátt óvenjulegt á alþjóðavísu, t.d. er lítið um skóga og víðsýni mikil. Á tiltölulega litlu svæði geta verið bæði stórar sandsléttur, jöklar og fjallendi, grasi grónar hlíðar, eldfjöll og hraun. Þetta á sérstaklega við um eldvirk svæði landsins þar sem sjá má hvernig eldur, ís, vatn og vindur móta landið. Landslagsheildir á Íslandi eru oft stórgerðari en annars staðar, t.d. gígaraðir eða eldstöðvakerfi.⁹⁷ Birtuskilyrði eru einnig afar mismunandi og gera landslagið síbreytilegt.

Snæfellsnes mótast mjög af eldvirkni. Landslag í þjóðgarðinum einkennist af Snæfellsjökli, eldvörpum, úfnum hraunum, mismunandi strandgerðum og samspili lands og sjávar. Nánasta umhverfi Snæfellsjökuls mótast af framrás og hopun jökulsins með jökulgörðum og ógrónum urðum. Snæfellsjökull sjálfur er áberandi landslagsform á svæðinu en hann er vel sýnilegur langt að, m.a. frá höfuðborgarsvæðinu. Jökullinn hefur sérstakt aðdráttarafl á ferðamenn og því er mikilvægt að hann haldi ímynd sinni. Innan þjóðgarðsins má einnig finna menningarlandslag en til þess telst allt landslag þar sem ummerki mannsins sjást. Þessi landslagsgerð takmarkast við nánasta umhverfi þeirra bæja þar sem áður var búið innan þjóðgarðsins. Lítið hefur verið fjallað um gildi og verndun menningarlandslags hér á landi.⁹⁸

Landslag í þjóðgarðinum hefur mikið alþjóðlegt verndargildi. Ástæðuna má rekja til þess sem áður er nefnt að landslag á eldvirkum svæðum á Íslandi er sérstakt á heimsvísu.

Mikilvægt er að skipulag og uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn taki mið af umhverfinu og falli sem best inn í landslagið til að skerða ekki sjónrænt gildi þess.

⁹⁴ Umhverfisstofnun, 2003 (bls. 32).

⁹⁵ Umhverfisstofnun, 2003 (bls. 33).

⁹⁶ Umhverfisstofnun, 2003 (bls. 32).

⁹⁷ Umhverfisstofnun, 2003 (bls. 22, 29).

⁹⁸ Umhverfisstofnun, 2003 (bls. 36).

Aðgerðir:

1. Gerð verði úttekt á landslagi og það kortlagt með tilliti til sérstakrar landslagsheildar og/eða landslagsgerðar.
2. Við hönnun mannvirkja, s.s. vega, skilta og göngustíga, verði haft að leiðarljósi að þau falli vel að umhverfinu og skerði því ekki hughrif fólks af landslaginu.

Samstarfsaðilar: Fornleifavernd ríkisins, Snæfellsbær, Vegagerðin, hönnuðir mannvirkja.

5 Sértaekar aðgerðir sem stuðla að verndun

5.1 Vistkerfi

Markmið þjóðgarðsins er að vernda vistkerfi hans.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar um þjóðgarðinn⁹⁹ er óheimilt að flytja plöntur, fræ og dýr í þjóðgarðinn.

Gróðurfar

Nokkuð af plöntum sem ekki teljast til upprunalegs vistkerfis þjóðgarðsins voru fluttar inn á svæðið fyrir stofnun hans, til að mynda greni, elrir, lúpína og páskaliljur. Þessar jurtir eru að mestu bundnar við tvo staði, gróðurlund skammt frá Fögrubrekku og Þorskadali við Prestahraungötu norðan Blágilsvegjar í Eysteinsdal, auk þess sem þekktir eru tveir vaxtarstaðir lúpínu í þjóðgarðinum. Elri hefur verið plantað á nokkrum stöðum innan þjóðgarðsins, m.a. í Prestahrauni nærri afleggjara í Eysteinsdal. Sumarið 2003 var dreift grasfræi: sauðvingli, vallarsveifgrasi og hvítmára, í vegkanta nýs vegar við Gufuskála á þeim forsendum að sömu grastegundir væru á Gufuskálum. Sáningunni hefur þó verið haldið í lágmarki miðað við það sem almennt tíðkast og hefur henni verið sleppt á stórum svæðum þar sem ætla má að grenndargróður dreifi sér til vegkanta með tímanum. Sumarið 2004 var einungis dreift áburði en ekki fræjum í vegkanta.

Lúpína hefur verið rifin upp með rótum og fjarlægð undanfarin sumur (við Klofningsrétt og í gróðurlundi við Fögrubrekku). Aðrar tegundir hafa ekki verið fjarlægðar fram til þessa.

Dýralíf

Minkur hefur lifað villtur í íslenskri náttúru síðan á fjórða áratug síðustu aldar. Þrátt fyrir það hefur verið litið á mink sem aðskotadýr í íslensku vistkerfi. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til þess að minkurinn er talinn hafa skaðleg áhrif á fuglalíf. Meindýraeyðir Snæfellsbæjar hefur haft umsjón með minkaveiðum innan þjóðgarðsins frá stofnun hans. Stefnan er að halda minki í skefjum á sama hátt og verið hefur. Eins og sagt er nánar frá í kafla 4.3. fór fram á árunum 2006-2009 tilraunaverkefni á vegum umhverfisráðuneytisins um að útrýma mink á Snæfellsnesi og í Eyjafirði.

Kanínur verða sífellt algengari hér á landi og dæmi eru um að þær hafi valdið miklum skaða, til að mynda í Vestmannaeyjum. Lausar kanínur hafa sést í þjóðgarðinum. Stefna þjóðgarðsins er að eyða kanínum sem finnast enda tilheyra þær ekki íslensku vistkerfi.

Brugðist verði við því sem upp kann að koma og viðkemur innflutningi plantna, fræja eða dýra á svæðið.

Aðgerðir:

1. Stefnt er að því að eyða framandi plöntutegundum í þjóðgarðinum, t.d. lúpínu og elri og öðrum þeim framandi plöntutegundum sem kunna að nema land í þjóðgarðinum.
2. Mink verði haldið niðri á sama hátt og verið hefur (af meindýraeyði Snæfellsbæjar). Í verkefni á vegum umhverfisráðuneytisins er verið að gera tilaun til að útrýma mink á Snæfellsnesi.
3. Fjöldi refagrenja sé vaktadur og gripið verði inn í þyki ástæða til.

⁹⁹ Umhverfisráðuneytið, 2001.

Samstarfsaðilar: Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, Háskólasetur Snæfellsness, Vör – sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð, Snæfellsbær.

5.2 Búsetulandslag

Markmið þjóðgarðsins er að vernda búsetulandslag.

Á ákveðnum svæðum innan þjóðgarðsins hefur landslag mótast af búfjárbeit um aldir. Eftir að búskapur á svæðinu lagðist af um miðja síðustu öld hélt hrossa- og sauðfjárbeit áfram frá nærliggjandi bújörðum og frístundabændum og hestamönnum í kaupstöðum. Gera má ráð fyrir að sú beit hafi að nokkru leyti viðhaldið því búsetulandslagi sem skapast hefur í aldanna rás.



Mynd 5-1 *Víð túngarðshlíðin á Saxhóli.*

Lausaganga hrossa er bönnuð í Snæfellsbæ og hrossabeit hefur verið bönnuð innan þjóðgarðsins frá stofnun hans. Sauðfjárbeit er hins vegar heimil. Eftir stofnun þjóðgarðsins hefur beit dregist verulega saman og má því gera ráð fyrir að ásýnd landsins breytist (sína aukist) og rústir hverfi í gróður. Ljóst er að eigi að vernda þá ásýnd lands sem var ríkjandi á bújörðunum við stofnun þjóðgarðsins þarf að grípa til ráðstafana. Hægt væri að slá ákveðin svæði en einnig er hugsan-

legt að gera tilraunir með stýrða beit. Ráðstafanir af þessu tagi, beit eða sláttur, geta verið mjög kostnaðarsamar og mannaflsfrekar og því er nauðsynlegt að mynda skýra stefnu að undangengnum staðbundnum athugunum.

Aðgerðir:

Gerðar verði tilraunir til fimm ára með slátt á og við rústir á Saxhóli. Að þeim tíma loknum sé mótuð stefna um áframhald eða frekari aðgerðir.

Samstarfsaðilar: Fornleifavernd ríkisins, Snæfellsbær.

5.3 Frágangur efnistökusvæða

Lagfæra á sár í landslaginu eftir jarðefnanám.

Innan þjóðgarðsins eru ófrágengnar efnisnámur frá fyrri tíð, auk þess sem tekið hefur verið efni til vegagerðar innan þjóðgarðsins eftir stofnun hans. Gamlir námustaðir eru vikurnámið á Harðabala ofan Eysteinsdals, Rauðhóll, Saxhóll og Purkhólar. Við endurbætur á Útnesvegi undir Jökli var gengið frá gömlum námum. Fjallað er um efnistöku í kafla 8.3.

Aðgerðir:

1. Gengið verði frá vikurnámi austan Blágils með því að jafna úr haugum og köntum þegar vegur yfir á Jökulháls verður lagfærður.

Samstarfsaðilar: Vegagerðin, Snæfellsbær.

5.4 Frágangur sorpurðunarstaða

Markmið þjóðgarðsins er að gengið verði frá gömlum sorpurðunarstöðum.

Frágangur sorpurðunarstaða



Kort 5-1 Frágangur sorpurðunarstaða.

Fyrir stofnun þjóðgarðsins var sorp urðað og brennt innan marka hans. Um er að ræða þrjá staði: Sorpurðunarstaður er sunnan þjóðveggar nærri Gufuskálum, brennslustaður var á Gufuskálamóðum og rétt vestan við þann stað þar sem Móðulækur rennur í sjó fram var úrgangi varpað fram af þar til gerðum steiptum kanti og niður í fjöruna (sjá staðsetningu á korti 5.2). Vegurinn að sorpurðunarstaðnum nærri Gufuskálum hefur verið grafinn í sundur til að koma í veg fyrir að fólk fari þangað með rusl. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun¹⁰⁰ er frágangi ekki lokið en hann felst í því að hylja staðinn með jarðefnum. Byrjað var að urða sorp á staðnum seint á níunda áratug 20. aldar og stóð urðunin fram yfir árið 2000. Á staðnum má búast við að öll hugsanleg spilliefni séu urðuð því að þar voru bílar urðaðir og einnig spennar frá Lóranstöðinni á Gufuskálum en í þeim er efnið PCB. Athuga þarf hvort betra væri að grafa upp ruslið og flytja til förgunar í stað þess að hylja staðinn þannig að koma megi í veg fyrir hugsanlega

¹⁰⁰ Cornelis A. Meyles, munnleg heimild.

mengun út í jarðveginn. Nokkuð frá staðnum er vatnsból Gufuskála. Ekki sjást ummerki á Gufuskálamóðum eftir sorpbrennslustaðinn enda er staðurinn fullfrágenginn. Þar var almennu sorpi, bæði heimilissorpi og veiðarfærum, brennt frá því um 1990 og fram til ársins 2000. Talsvert er um stórgert og þungt rusl, t.d. bílgrindur og bílvélar, í fjörunni vestan Móðulækjar. Á þeim stað var rusli hent frá því um 1960 og fram yfir 2000. Sumarið 2004 var gert átak í að safna saman brotajárni í Snæfellsbæ en við það tækifæri var kannað hvort unnt væri að fjarlægja úrganginn í fjörunni með krana. Það var talið ófært án þess að af hlytist verulegt jarðrask. Nokkuð er um stærri hluti í gjótum meðfram ströndinni frá Gufuskálamóðum að Skarðsvík frá þeim tíma þegar sjálfsagt þótti að farga rusli hvar sem er. Hluti þess úrgangs er eflaust einnig sjórekinn eða hefur borist með vindi.

Landverðir hirða það rusl sem þeir finna og koma á sorphauga. Mörg svæði eru þó óaðgengileg og þyrfti að nota t.d. sexhjól til að hægt sé að hreinsa þau og fá fleira fólk til að vinna við það verk.

Frágangur gamalla sorpurðunarstaða stuðlar að verndun og einnig ber að tryggja að allri losun úrgangs á svæðinu sé hætt, að mengunarefni berist ekki út í umhverfið og að útlit landsins verði fært til fyrra horfs eins og hægt er.

Aðgerðir:

1. Lauslegt rusl, s.s. járnarusl, verði fjarlægt af gömlum sorpurðunarstöðum, þó ekki stöðum sem eru eldir en hundrað ára.
2. Áætlun verði gerð um hreinsun í þjóðgarðinum.
3. Plast, netadræsur og járn verði fjarlægðar úr fjörunni.
4. Gengið verði frá urðunarstað við Gufuskála. Skoðað verði hvort grafa þurfi upp ruslið og flytja á brott.

Samstarfsaðilar: Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Umhverfisstofnun, Snæfellsbær, Fornleifavernd ríkisins.

6 Útivist og ferðþjónusta

6.1 Yfirlit

Markmið þjóðgarðsins er að gestir njóti útiveru og afþreyingar í sátt við umhverfið og aðra gesti.

Langflestir gestir þjóðgarðsins koma þangað til að njóta náttúrunnar. Hvernig þeir kjósa að gera það er afar misjafnt. Sumir vilja fara í krefjandi gönguferðir en aðrir leggjast í fjöruna og hlusta á öldugjálfríð. Hingað til hefur útivist að mestu verið bundin við náttúruskoðun, gönguferðir, ferðir á Snæfellsjökul (vélvæddar ferðir og gönguferðir), fuglaskoðun og í takmörkuðum mæli hestaferðir og hellaskoðun. Fyrirséð er að með fjölgun ferðamanna aukist álag á einstaka staði og svæðið í heild. Ekki er heldur útilokað að í framtíðinni skapist ásókn á nýjum sviðum, þ.e. að ný tegund útivistar sæki á, s.s. skíðaiðkun.

Ferðþjónusta er sú atvinnugrein, það hagræna gildi, sem upp að vissu marki samræmist náttúruvernd. Til þess að svo verði áfram er nauðsynlegt að skipulag þjóðgarðsins og aðbúnaður sé í takt við þarfir ferðþjónustunnar og að ferðþjónustuaðilar og ferðamenn taki tillit til náttúrunnar. Fjölgun erlendra ferðamanna getur hvatt til betri og markvissari náttúruverndar enda er náttúra Íslands mikilvægasta auðlind ferðþjónustunnar.¹⁰¹ Vorið 2008 hlaut Þjóðgarðurinn ásamt sveitarfélögunum á Snæfellsnesi Earth Check umhverfisvottun fyrir umhverfisvæna starfsemi.

Flestir gestir vilja hafa ákveðna uppbyggingu og leiðbeiningar á þeim stöðum sem þeir heimsækja þó að sú aðstaða sem þeir sækjast eftir geti verið mismunandi. Nauðsynlegt er að koma upp lágmarksaðstöðu og upplýsingagiöf til þess að fólk hafi vitneskju um forsendur friðunar svæðisins. Tryggja þarf að aðstaða á fjölförnum stöðum sé þannig úr garði gerð að fjöldi ferðamanna skerði ekki upplifun annarra til að mynda vegna þrengsla á stígum eða bílastæðum o.s.frv. Mikilvægt er að þeir sem koma til þess að njóta náttúrunnar eða friðsældar fái notið hennar án of mikillar truflunar frá öðrum gestum þjóðgarðsins. Þessu má m.a. ná fram með því að hafa mismunandi þjónustustig á tilteknum svæðum.

Gestir þjóðgarðsins skiptast í heimamenn og innlenda og erlenda ferðamenn. Einnig má skipta gestum í tvo hópa, þá sem ferðast með leiðsögumanni og fólk á eigin vegum. Þróun ferðþjónustu hefur verið sú að ferðamönnum sem koma í skipulögðum hópferðum hefur fækkað á sama tíma og einstaklingum á eigin vegum hefur fjölgað. Þessi þróun leiðir til þess að ferðamenn geta betur ráðstafað tíma sínum í ferðinni, t.d. lengt dvöl ef veður er gott eða haft skamma viðdvöl eða jafnvel sneitt hjá viðkomandi landshluta ef illa viðrar. Ferðamenn á eigin vegum kalla að sumu leyti á annars konar þjónustu en hópferðamenn, t.d. er þörf þeirra fyrir upplýsingagiöf meiri en hópferðamanna sem eru í fylgd leiðsögumanns. Hin almenna tilhneiging er einnig sú að meðalaldur ferðamanna hækkar vegna lengri lífaldurs og lægri eftirlaunaaldurs. Eldri ferðamenn þurfa oft og tíðum betri og meiri aðstöðu eins og t.d. góða göngustíga og áningarstaði með bekkjum og borðum. Kannanir hafa sýnt að þeir ferðamenn sem koma til Íslands eru almennt vel menntaðir.¹⁰² Þetta gerir þær kröfur til okkar sem gestgjafa að við leggjum mikla áherslu á góðar upplýsingar og fræðslu um náttúrufar, menningu og sögu.

¹⁰¹ Umhverfissráðuneytið, 2002 (bls. 18).

¹⁰² Ferðamálaráð Íslands, 2005.

Mikilvægt er að hagsmunir mismunandi hópa séu tryggðir. Einstaklingar, hópar, heimamenn, Íslendingar, útlendingar, aldraðir, fatlaðir, hestamenn og göngufólk eru dæmi um mismunandi notendahópa sem að einhverju leyti hafa ólíkar þarfir.

Eini ferðaþjónustuaðilinn sem er með beina starfsemi innan þjóðgarðsins er fyrirtækið Snjófell, sem er með vélsleða- og snjóbílaferðir á Snæfellsjökul.

Þeir sem ferðast með loftförum skulu taka sérstakt tillit til þess að um þjóðgarð er að ræða. Þyrluflugmenn þurfa einkum að fara að með gát og að fljúga ekki lágt yfir svæði þjóðgarðsins nema í sérstökum tilvikum. Skriflegt leyfi þjóðgarðsins þarf þá að liggja fyrir. Einnig er fjallað um loftför í köflum 4.3 og 6.4.

Aðgerðir:

1. Þjónustustig ferðamannastaða innan þjóðgarðsins verði skilgreint.
2. Aðgengi fyrir alla er haft að leiðarljósi við uppbyggingu þjónustu í þjóðgarðinum.
3. Þeim sem bjóða upp á útsýnisflug verði bent á að fljúga ekki lágflug yfir þjóðgarðinum.

Samstarfsaðilar: Snæfellsbær, Ferðamálasamtök Snæfellsness, Ferðamálastofa, Ferilnefnd fatlaðra, Fornleifavernd ríkisins.

6.2 Aðstaða fyrir gesti – þjónusta

Markmið þjóðgarðsins er að aðstaða innan hans mæti þörfum gesta um leið og hún stuðlar að og tryggir verndun náttúru og menningarminja.

Aðstaða til að taka á móti gestum er í gestastofu á Hellnum. Á fimm ára afmæli þjóðgarðsins voru afhent verðlaun í hönnunarsamkeppni um þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi þar sem einnig verður hægt að taka á móti gestum (sjá umfjöllun í kafla 7.1 um umhverfisfræðslu og umhverfistúlkun). Vatnssalerni eru á Djúpalónssandi. Upplýsingaskilti eru á Djúpalónssandi, í Dritvík, Skarðsvík og við fiskbyrgin við Gufuskála, auk vegvísa við ákveðna staði og upphaf gönguleiða. Tjaldsvæði eru ekki innan þjóðgarðsins.

Stefna þjóðgarðsins er að þjónusta og atvinnustarfsemi sem krefst sérstakrar uppbyggingar sé fyrir utan mörk þjóðgarðsins. Með því móti er náttúrunni innan þjóðgarðsins hlíft við álagi sem skapast kann af ýmiss konar starfsemi og markmið þjóðgarðsins þannig best tryggð. Þessi stefna er hins vegar um leið mun líklegri til að stækka efnahagslegt áhrifasvæði þjóðgarðsins á þann hátt að fleiri geta notið þess auglýsingagildis sem þjóðgarðurinn hefur fyrir ýmsa atvinnustarfsemi, s.s. í ferðaþjónustu og verslun. Þetta er í samræmi við markmið Earth Check.

Mikilvægt er að ferðaþjónustuaðilar geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem því fylgir að reka þjónustu tengda þjóðgarði.

Nánar er fjallað um einstaka liði er varða þjónustu við gesti í köflunum hér á eftir: gönguleiðir, ferðir á Snæfellsjökul, fuglaskoðun, hestaferðir, hellaskoðun, tjaldsvæði, aðgengi fyrir alla, öryggi gesta og vinsæla viðkomustaði.

Aðgerðir:

1. Byggð verði upp aðstaða fyrir ferðamenn miðað við það þjónustustig sem ákveðið er á hverjum stað.
2. Þjóðgarðurinn kynni starfsemi sína fyrir ferðaþjónustuaðilum á Snæfellsnesi.
3. Gerð verði regluleg úttekt á ferðamennsku og þörfum ferðamanna til að unnt sé að bregðast við breytingum.


Samstarfsaðilar: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Ferðamálastofa, Ferðamálasamtök Snæfellsness, Ferðamálaásetur Íslands, einstakir ferðaþjónustuaðilar, Fornleifavernd ríkisins, háskólastofnanir.

6.3 Gönguleiðir

Markmið þjóðgarðsins er að tryggja umferð göngufólks í þjóðgarðinum án þess að náttúra og menningarmínjar beri skaða af.

Innan þjóðgarðsins er að finna gönguleiðir af ýmsum toga, bæði langar og stuttar. Langflestar leiðanna eru þess eðlis að þær henta til göngu dagpart eða heilan dag en mjög lítið er um að margra daga göngur séu stundaðar innan svæðisins. Margar gönguleiðanna eru gamlar þjóðleiðir sem liggja frá einum stað til annars. Til þess að komast hjá því að forfara bíla eða ganga sömu leið fram og til baka væri æskilegt að fjölga hringleiðum og tengingum á milli leiða.

Gönguleiðir



Kort 6-1 Gönguleiðir.

Verndun náttúrunnar er best tryggð með því að fjölförnustu gönguleiðir séu vel valdar með tilliti til náttúruvafars og að þær séu vel merktar þannig að göngumenn fylgi merktri slóð í stað þess að óþarfa rask myndist. Sömu atriði eru mikilvæg til þess að gönguleiðir nýtist gestum á fullnægjandi hátt. Æskilegt er að gönguleiðir séu merktar með upphafs-skilti með nafni leiðar og vegalengd og að fjölförnustu leiðir séu stikaðar. Stikun getur einnig átt rétt á sér á þjóðleiðum (jafnvel þó að þær séu varðaðar) því að upphaf og endir leiðar geta verið óljós eða margar slóðir legið hlið við hlið þó að leiðirnar sjálfar séu skýrar. Mikilvægt er að hafa í huga að stikun gönguleiða útheimtir vinnu og viðhald. Búið er að stika þær gönguleiðir innan þjóðgarðsins sem ætlunin er að stika. Mikilvægt er að koma upplýsingum um gönguleiðir á framfæri í sem fjölbreyttustu formi til gesta, þ.e. í formi bæklinga, á Netinu, í vefsja, í gestastofu o.s.frv.

Aðgerðir:

1. Leiðir verði GPS-mældar í samræmi við kort 6.1.
2. Fjölga þarf hringleiðum og huga að tengingum á milli leiða.
3. Koma upp skiltum við upphaf gönguleiða þar sem fram kemur nafn leiðar, vegalengd og áætlaður göngutími.
4. Greinargóðar gönguleiðalýsingar séu í bæklingum og vefsja þjóðgarðsins sem aðgengileg er á Vefnum. Þar komi m.a. fram lengd, hvort leiðin er stikuð, hversu erfið hún er o.fl.
5. Allar stikaðar leiðir séu gengnar og þeim haldið við snemmsumars ár hvert.

Samstarfsaðilar: Sjálfboðaliðar, Snæfellsbær, Fornleifavernd ríkisins.

6.4 Ferðir á Snæfellsjökul

Markmið þjóðgarðsins er að tryggja verndun náttúru Snæfellsjökuls og stuðla að sátt um umgengni og umferð á Jöklinum.

Í 15. gr. reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn segir: „Akstur vélknúinna ökutækja á jökli er háð leyfi þjóðgarðsvarðar.“¹⁰³ Fyrst eftir stofnun þjóðgarðsins var þó nokkuð haft samband við þjóðgarðsvörð vegna þessa. Af þeim sökum var gefin út tilkynning þar sem fram kom að för um jökulinn væri öllum heimil að því gefnu að sýnd væri tillitssemi. Fram til þessa hefur umferð á jöklinum því ekki verið takmörkuð þrátt fyrir reglugerðarákvæði.

Aðdráttarafli Snæfellsjökuls er mikið. Nálægð við höfuðborgarsvæðið gerir það að verkum að dagsferðir á Snæfellsjökul í góðu veðri á jeppum og vélsleðum eru vinsælar. Á sólríkum vordögum er mikil umferð og eru dæmi um að öngþveiti skapist við rætur jökulsins. Óumdeilt er að slysaætta skapast af umferð jeppa, vélsleða og göngufólks á jafn takmörkuðu svæði og vinsælasta útivistarsvæðið á Snæfellsjökli er. Við lausn þess vanda sem skapast vegna mikilar umferðar á jöklinum þarf að setta mörg ólík sjónarmið sem sum hver eru illsamræmanleg. Ljóst er að umhverfis- og öryggissjónarmið eru þau sjónarmið þar sem erfiðast er að slaka á kröfunum.

Nauðsynlegt er að skilgreina og skipuleggja þá starfsemi sem tengist jöklinum og eru tillögur í þá veru settar fram síðar í þessum kafla. Gera verður þá kröfu að ferðamenn geti upplifað svæðið á þann máta sem þeir óska svo fremi sem það eyðileggi ekki upplifun annarra á svæðinu. Má þar nefna sem dæmi að fyrir þá ferðamenn sem leggja á sig erfiða göngu upp á topp jökulsins er mikil röskun á þeim hughrifum sem sóst er eftir að hitta fyrir hóp jeppa eða annarra vélknúinna farartækja. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að jökulinn er fremur lítill og eykur það þau vandamál sem tengjast umferð.

¹⁰³ Umhverfisstofnun, 2001.

Ferðaþjónustufyrirtækið Snjófell býður upp á ferðir á snjótroðurum og vélsleðum upp á Snæfellsjökul. Fyrirtækið hefur verið með starfsemi á Snæfellsjökli síðan árið 1991. Reksturinn stjórnast mjög af árferði, þ.e. hversu lengi fram eftir sumri fært er á Jökulinn. Fyrirtækið Snjófell hefur fengið sérstakt leyfi til starfsemi sinnar frá Umhverfisstofnun eins og nauðsynlegt er skv. 17. gr. reglugerðar Þjóðgarðsins.

Vorið 2005 sóttist Skíðasamband Íslands eftir aðstöðu til æfinga á Snæfellsjökli. Tímabundið leyfi var veitt með því skilyrði að ekki yrði farið út í vegagerð eða annað rask og að öll tæki og ummerki yrðu fjarlægð eftir sumarið. Aðstöðunni var komið fyrir í norðaustanverðum jöklinum og sú aðkoma sem Snjófell notar frá Jökulhálsi síðsumars var nýtt. Skíðasambandinu þótti tilraunin takast vel.

Samkvæmt lið 12a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru m.a. skíðalyftur og skíðasvæði á verndarsvæðum og jöklum tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu.¹⁰⁴

Tilfinnanlegur skortur er á gönguleiðsögn á Snæfellsjökul. Brýnt er að úr því verði bætt til þess að mæta þörfum þeirra sem vilja ganga á jökulinn. Slíkar ferðir útheimta sérþekkingu og sérstakan útbúnað. Ekki er ráðgert að Þjóðgarðurinn sinni þessum þætti. Undanfarin þrjú ár hefur Þjóðgarðurinn þó boðið upp á næturgöngu á Jökulinn um sólstöður. Árið 2009 var ferðin í samstarfi við og í umsjón Ferðafélags Íslands. Ferðirnar hafa verið mjög vel sóttar og er ætlunin að halda áfram samstarfinu við Ferðafélagið.

Ljóst er að ásókn í ýmiss konar útivist á Snæfellsjökli mun aukast í framtíðinni. Því er mikilvægt að hafa skýra stefnu um vegagerð að jöklinum, umgengni og umferð og eins hvernig tekið skuli á óskum um starfsemi á eða við jökulinn. Við þá vinnu er ávallt nauðsynlegt að hafa í huga verndun náttúru Snæfellsjökuls og smæð hans. Ekki er leyfilegt að byggja upp varanlega aðstöðu við jökulinn, þ.e. sú aðstaða sem er leyfð verður að vera flytjanleg og afturhverf.

Um skeið hefur verið á döfnni að móta reglur um umferð á jöklinum. Vegna vinnu við verndaráætlunina var þann 7. mars 2005 haldinn opinn borgarafundur (samráðsfundur) þar sem almenningi og hagsmunahópum var boðið til umræðna um umferð og umgengni á Snæfellsjökli. Langflestir voru á því að setja þurfi reglur og ljóst væri að mismunandi hópar þyrftu að setta sig við ákveðnar takmarkanir. Erfiðast er að samræma sjónarmið göngumanna og þeirra sem ferðast um á vélknúnum ökutækjum. Eftirfarandi hugmyndir að reglum voru mótaðar eftir fundinn:

Hugmyndir að reglum um umferð á Snæfellsjökli:

- Frá 1. sept. til 15. maí er öllum, göngumönnum sem ferðamönnum á vélvæddum farartækjum, heimil för um jökulinn. Þríhyrnt svæði sem afmarkast af línu frá Dagverðará í topp Jökulsins, þaðan að Sæluhúsagíg, að vegi upp að skíðalyftu og á Jökulhálsveg er þó einungis ætlað göngu- og skíðafólki.
- Taka ber tillit til annarra ferðamanna og skulu vélknúin ökutæki ekki fara í troðaraslóðir fyrirtækisins Snjófells.
- Umferð jeppa er bönnuð frá 15. maí til 1. sept.
- Umferð annarra vélknúinna ökutækja er bönnuð frá 10. júní til 1. sept.
- Undanþágu frá ofangreindum takmörkunum hafa farartæki ferðaþjónustufyrirtækisins Snjófells og annarra hugsanlegra rekstraraðila. Fyrirtækið hefur leyfi til ferða á afmörkuðu svæði, sem tilgreint er í samningi, meðan aðstæður á jöklinum leyfa.
- Síðustu helgina í júní ár hvert er engin vélaumferð leyfð á jöklinum.

¹⁰⁴ Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

- Drepa skal á farartækjum þegar komið er upp og þannig dregið úr loft- og hávaðamengun.
- Loftförum er ekki leyft að lenda á eða við jökulinn nema í neyðartilvikum.
- Ferðafólk er hvatt til að ganga vel um jökulinn og skilja ekki eftir sig rusl.

Reglur þessar verða endurskoðaðar haustið 2012.

Aðgerðir:

1. Hafa eftirlit með að reglum um umferð og umgengni á Snæfellsjökli (sjá hér að ofan) sé fylgt.
2. Setja upp skilti við aðkomuleiðir að Snæfellsjökli með kortum og upplýsingum um þær reglur sem gilda um hann.
3. Reglur um umferð á Snæfellsjökli séu kynntar gestum þjóðgarðsins og á vettvangi útivistarfélaga.
4. Vinna leiðbeiningar um ferðir á jökul.
5. Í öryggisáætlun þjóðgarðsins verði áætlun vegna slysa á jökli og hugsanlegs eldgoss.

Samstarfsaðilar: Samtök útivistarfélaga (SAMÚT), Ferðaþjónustan Snjófell, Snæfellsbær, Ferðamálasamtök Snæfellsness, LÍV, 4x4, SKÍ, sýslumaður Snæfellinga, björgunarsveitin í Snæfellsbæ, Slysavarnafélagið Landsbjörg.

6.5 Fuglaskoðun

Markmið þjóðgarðsins er að veita gestum tækifæri til að njóta fuglalífs í þjóðgarðinum þannig að öryggi manna og næði fugla sé sem best tryggt.

Fuglaskoðun er skemmtan sem öll fjölskyldan getur tekið þátt í saman. Af ákveðnum fuglategundum eru sjófuglar langflestir í þjóðgarðinum. Má þar nefna ritu og svartfugl, sem víða er að finna í stórum hópum í sjávarhömrum við ströndina. Ákveðin hætta er á því að fólk fari fram á bjargbrúnir til þess að njóta fuglaskoðunarinnar en nauðsynlegt er að stuðla að öruggi gesta með uppbyggingu aðstöðu á ákveðnum stöðum.

Á Svalpúfu og Saxhólsbjargi eru staðir við sjávarhamra þar sem njóta má fuglaskoðunar. Við tjarnirnar í Beruvík má sjá ýmsar fuglategundir. Í nágrenni þjóðgarðsins, á Arnarstapa og Hellnum og við Rif, eru góðir fuglaskoðunarstaðir sem sjálfsagt er að benda gestum á.

Við Svalpúfu er æskilegt að leggja góðan göngustíg sem er fær öllum að bjarginu og gera þar sérútbúinn pall þaðan sem njóta má fuglaskoðunar. Fara þarf með sérstakri gát við Svalpúfu þar sem bjargið slútir fram yfir sig og því getur reynst erfitt að koma þar upp aðstöðu til fuglaskoðunar. Nauðsynlegt er að kynna sér vel hvernig slíkir pallar eru best útbúnir og hefur Fuglaverndarfélag Íslands gefið vilyrði fyrir ráðgjöf við það verkefni. Við Saxhólsbjarg er ekki um eins ákveðinn afmarkaðan stað til fuglaskoðunar að ræða og á Svalpúfu og því er ekki sama þörf fyrir uppbyggingu og þar. Í framtíðinni kann þó að verða nauðsynlegt að afmarka ákveðna staði til fuglaskoðunar á Nesbjargi og Saxhólsbjargi, t.d. við Hvalrauf og Skálasnaga. Á þessum slóðum sjást einnig oft smáhvalir.

Aðgerðir:

1. Koma upp aðstöðu til fuglaskoðunar á Svalpúfu, á Öndverðarnesi og í Beruvík.
2. Útbúa bækling um fuglaskoðun.

Samstarfsaðilar: Fuglaverndarfélag Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, háskólasetur Snæfellsness.

6.6 Hestaferðir

Markmið þjóðgarðsins er að stuðla að því að hestaferðir um hann viðhaldi á sjálfbæran hátt þjóðleiðum sem menningarminjum.

Innan þjóðgarðsins er fjöldinn allur af gömlum þjóðleiðum sem hverfa og tynast séu þær ekki notaðar. Má því segja að hestaferðir séu nauðsynlegar til þess að viðhalda þeim menningarminjum sem gamlar leiðir eru. Síðan þjóðgarðurinn var stofnaður hafa ekki margir hópar hestamanna farið um hann.

Reiðleiðir eru merktar inn á kort í bæklingi þjóðgarðsins og upplýsingar um þær eru í vefsíðunni sem aðgengileg er á Netinu. Hestaferðir njóta vaxandi vinsælda á meðal erlendra sem innlendra ferðamanna. Til þess að hestaferðir séu í sátt við náttúruna og aðra ferðamenn í þjóðgarðinum er nauðsynlegt að byggja upp aðstöðu fyrir hesta og hestamenn. Heppilegast er að leita eftir samstarfi við hestamannafélög og/eða vana hestamenn varðandi slíkt. Bent hefur verið á að við Klofningsrétt sé ákjósanlegur áningarstaður. Stefna þjóðgarðsins er að halda við núverandi þjóðleiðum í gegnum þjóðgarðinn en ekki byggja upp reiðleiðir með því að bera í þær sérstaklega. Hestaumferð mun því vera takmörkuð og hefur verið rætt um að hæfilegt sé að 200-250 hestar fari um svæðið á sumri. Hestamönnum ber að fara eftir ákveðnum umgengnisreglum um stærð hópa, hvernig riðið sé um svæðið, hvar sé áð o.s.frv. Bannað er að reka stóð í þjóðgarðinum og skulu hestar látnir lesta sig þegar riðið er í gegnum hann eftir þjóðleiðum.

Það er mikilvægt fyrir stjórnendur þjóðgarðsins að hafa sem gleggstar upplýsingar um umferð hesta um þjóðgarðinn. Í bæklingi þjóðgarðsins kemur fram að hestamenn eru bednir um að láta vita af ferðum sínum. Slík tilkynningarskylda er mikilvæg til þess að koma í veg fyrir að árekstrar skapist og hætta verði á að umhverfið verði fyrir tjóni af þeim sökum. Einnig er þá unnt að eiga samstarf við hestamenn um vöktun á hestaleiðum, þ.e. að þeir gefi upplýsingar um ástand leiða.

Eins og fram kemur í kafla 3.3 þá er mjög mikilvægt að samfella sé í uppbyggingu reiðleiða utan og innan þjóðgarðsins. Í því sambandi má nefna tengingu við Ingjaldshól að norðan og Búðir, Arnarstapa og Hellna að sunnan.

Aðgerðir:

1. Kortleggja og merkja reiðleiðir.
2. Kortleggja og merkja áningarstaði fyrir hesta.
3. Reglur um hestaferðir í þjóðgarðinum verða kynntar á heimsíðu hans og á vettvangi hestamanna. Hestamenn upplýstir um að leita þurfi leyfis hjá þjóðgarðsverði áður en þeir fara um þjóðgarðinn.
4. Umferð hesta um þjóðgarðinn er takmörkuð við 250 hross á sumri.

Samstarfsaðilar: Hestamannafélög í Snæfellsbæ, landsambönd hestamanna, Ferðamálasamtök Snæfellsness, Fornleifavernd ríkisins, Snæfellsbær, Vegagerðin.

6.7 Hellaskoðun

Markmið þjóðgarðsins er að vernda og kynna furðuveröld jarðmyndana neðanjarðar og stuðla að góðri umgengni um hella.

Eins og fram kemur í umfjöllun um jarðfræði (kafla 4.2) hafa hellar í þjóðgarðinum verndargildi enda eru nokkur hraun innan hans sérlega auðug af hellum. Sumir hellar eru viðkvæmir en aðrir eru grófgerðari og þola því umgang betur. Nokkrir hellar eru vel

þekktir og hafa jafnvel sagnfræðilega skírskotun, eins og Vatnshellir, þangað sem íbúar á Malarrífi sóttu vatn forðum. Mörg fleiri dæmi eru um að menn hafi nýtt hella, t.d. sem



Mynd 6-1 Hellaskoðun í Íshelli.

sauðabyrgi eða geymslustaði fyrir matvæli eða ólöglegt athæfi eins og brugg (Brugghellir). Hella í þjóðgarðinum hafa því ekki síður menningarlegt gildi en jarðfræðilegt og er því mikilvægt að vita hvar þeir eru til að glata ekki þeim menningarverðmætum sem í þeim felast.

Fram til þessa hafa hella ekki verið merktir sérstaklega, t.d. með stikum eða skiltum, að öðru leyti en því að örnefnaskilti er við Grashólshelli í Neshrauni og Eyvindarholu.

Að mati Hellarannsóknafélagsins ræður staðsetning mestu um hvaða hella er heppilegt að gera aðgengilega ferðafólki. Að mati félagsins er enginn hellir í þjóðgarðinum sem ekki væri hægt að gera aðgengilegan á forsendum verndargildis, sérstöðu eða hættu á skemmdum.

Umgangur um ákveðna hella er nokkur. Vatnshellir liggur mjög nærri þjóðveginum og þykir vel til þess fallinn að vera almenningi til sýnis og fræðslu. Að mati Hellarannsóknafélagsins og fleiri þurfti að bæta aðgengi að Vatnshelli með því að setja stiga í hann í stað kaðalsins sem þar var. Að auki er nauðsynlegt að gera ráðstafanir vegna gímalds sem er í botni hellisins og hætta gæti stafað af. Haustið 2009 var hafist handa við að bæta aðgengi að hellinum og unnu sjálfbodaliðar úr Snæfellsbæ veturinn 2009-2010 við að bæta aðgengi að honum. Voru það félagar úr Lionsklúbbi Nesþinga utan Ennis ásamt fleirum sem lögðu þar hönd á plóg. Umhverfisstofnun hefur kostað smíði hringstiga niður að hellismunnanum og húss yfir innganginum og Snæfellsbær smíði trappa niður í hellinn. Um ómetanlegt og viðamikil verkefni er að ræða sem hefur verið unnið nær eingöngu af sjálfbodaliðum að frumkvæði Árna B. Stefánssonar hellaskoðara og Hjörleifs Stefánssonar arkitekts. Með þessum ráðstöfunum verður eingöngu farið í hellinn undir leiðsögn. Einnig kemur til greina að bæta aðgengi að Íshelli í Purkhólahrauni en umferð að honum er nú þegar nokkur. Margir fleiri hella eru heimsóttir en ekki þykir ástæða til að gera frekari ráðstafanir vegna þeirra að svo stöddu.

Aðgerðir:

1. Ákveða hvort og þá hvaða hellum skuli lokað fyrir almennri umferð, í hverja megi fara í fylgd starfsmanna þjóðgarðsins og í hverja sé hættulaust að fara án fylgdar.
2. Vatnshellir og e.t.v fleiri hella verði gerðir aðgengilegir, þ.e. þeir merktir, gerðir göngustígar að þeim og sett upp skilti með upplýsingum um hellana og reglur fyrir hellaskoðara.
3. Gera bækling um hella og hellaskoðun og umgengni um þá. Leggja þarf áherslu á að dropsteinar eru sérstaklega verndaðir skv. lögum.

Samstarfsaðilar: Hellarannsóknafélag Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Náttúrustofa Vesturlands.

6.8 Tjaldsvæði

Markmið þjóðgarðsins er að tryggja að gestir þekki þar reglur sem gilda um gistingu í bonum.

Við stofnun þjóðgarðsins var ákveðið að ekki yrðu tjaldsvæði innan hans. Í 12. gr. reglugerðar þjóðgarðsins segir að: „Göngumönnum og hjólreiðamönnum er heimilt að tjalda í þjóðgarðinum að fengnu leyfi þjóðgarðsvarðar. Öðrum er bent á tjaldsvæði í

nágrenni þjóðgarðsins og gildir það jafnt um tjöld, tjaldvagna og hjólhýsi.“ Það sama á einnig við um húsbíla. Ástæða þess að ekki eru tjaldsvæði innan þjóðgarðsins er sú að erfitt er að byggja upp aðstöðu vegna vatnsskorts, auk þess sem ákveðið var að nýta bæri þau tjaldsvæði sem fyrir voru í nágrenni þjóðgarðsins og fara ekki í samkeppni við rekstraraðila þeirra. Öllum er ljóst að óhæft er að leyfa gistingu innan þjóðgarðsins án salernisaðstöðu. Að auki var hugsunin við stofnun þjóðgarðsins sú að heimamenn nytu góðs af þjóðgarðinum við uppbyggingu ferðapjónustu með rekstri tjaldsvæða á jafri hans. Vegna þessara aðstæðna er nauðsynlegt að góð tjaldsvæði séu í næsta nágrenni þjóðgarðsins.

Hingað til hefur sú leið verið farin að verði landverðir varir við tjöld gefa þeir sig á tal við gesti og gera þeim grein fyrir að ekki sé heimilt að tjalda. Umfang og landsvæði þjóðgarðsins er þess eðlis að útilokað er að hafa eftirlit með öllu svæðinu. Því er nauðsynlegt að byggja á fræðslu og upplýsingum og stuðla þannig að því reglur séu virtar.

Ljóst er að þróunin er sú að færri erlendir ferðamenn gista í tjöldum en áður og Íslendingar gera sífellt meiri kröfur til tjaldsvæða, þ.e. þeir ferðast í auknum mæli með fellihýsi eða hjólhýsi og gera kröfu um rafmagn o.s.frv. Því er erfitt að sjá að mögulegt verði að byggja tjaldsvæði sem uppfyllir nútímakröfur innan þjóðgarðsins. Að svo stöddu er því ekki stefnt á tjaldsvæði á svæðinu nema forsendur breytist verulega með tilliti til vatnsöflunar. Komi slíkar breytingar til væru helstu möguleikar á tjaldsvæðum innan þjóðgarðsins í framtíðinni á Malarrífi og hugsanlega í Beruvík við Klofningsrétt.

Snæfellsbær vinnur nú að því að bæta aðstöðu fyrir tjaldgesti bæði á Hellissandi og í Ólafsvík og mun það breyta miklu fyrir þjóðgarðinn og gesti hans.

Aðgerðir:

Koma þarf upplýsingum á framfæri til gesta um reglur um tjaldsvæði með upplýsingaskilti við þjóðgarðsmörk og þar sem þörf þykir.

Samstarfsaðilar: Snæfellsbær, ferðapjónustuaðilar.

6.9 Aðgengi fyrir alla

Markmið þjóðgarðsins er að valdir staðir innan hans séu þannig úr garði gerðir að sem flestir fái notið þeirra.

Við stofnun þjóðgarðsins var ákveðið að eitt af markmiðum hans væri að tryggja aðgengi fyrir alla. Þetta felur í sér að við uppbyggingu sé haft í huga að þeir sem af einhverjum orsökum eru hreyfihamlaðir eða á annan hátt fatlaðir eigi greiðan aðgang að völdum stöðum og fái notið náttúrunnar til jafns við þá sem heilbrigðir eru. Enn sem komið er getur enginn stígur innan þjóðgarðsins talist aðgengilegur fyrir alla. Það stendur til bóta á allra næstu misserum.

Vaxandi hlutfall ferðamanna eru aldraðir og því er nauðsynlegt að aðstaða sé þannig að hún nýtist þeim hópi sem best. Þetta felur í sér að stígar á fjölsóttustu stöðunum næst þjóðveginum séu þannig að fólk með skerta hreyfigetu komist auðveldlega um þá, þ.e. þeir séu lagðir bundnu slitlagi eða pöllum.


Á Djúpálónssandi er ráðgert að gera stíg færan öllum upp á hæð við bílastæðið þaðan sem gott útsýni er yfir fjöruna og hafið. Í skipulagi Gufuskálasvæðisins eru stígar breiðir og þeir lagðir þétu efni. Einnig var gert ráð fyrir því að bílastæði við Gufuskálavör og áningarstaður séu þannig staðsett að fólk geti notið útsýnisins yfir hafið og minjasvæðið án þess að þurfa að ganga alveg niður í fjöru.

Við opnun gestastofunnar á Hellnum sumarið 2004 var allur texti þar þýddur á blindraletur. Bæklingur þjóðgarðsins er einnig til á blindralettri. Auk þess hefur verið gerð

ferlilýsing um gestastofuna í samráði við ráðgjafa Sjónstöðvar Íslands. Ætlunin er að blindraletur verði á sem flestum skiltum í þjóðgarðinum.

Linda Björk Hallgrímsdóttir gerði í B.S.-ritgerð sinni úttekt á aðgengi fatlaðra í þjóðgördum á landinu og tók hún þjóðgarðinn Snæfellsjökul sérstaklega fyrir. Að hennar mati er hægt að gera ýmsa staði innan þjóðgarðsins vel aðgengilega fyrir alla. Velja þurfi úr þá staði því að ekki sé hægt að koma til móts við alla hópa um fullkomið aðgengi í þjóðgördum.¹⁰⁵ Linda kannaði nokkra staði og flokkaði þá eftir aðgengi. Aðra B.S.-ritgerð þar sem fjallað er sérstaklega um aðgengi fatlaðra skrifaði Þórunn Edda Bjarnadóttir. Í ritgerð sinni tók hún fyrir aðgengi að völdum stöðum og var Djúpalónssandur einn þeirra staða. Í ritgerðinni bendir hún á ýmsar leiðir til úrbóta m.a. betra og þéttara undirlag, hvíldarbekki og breiðari stíga.¹⁰⁶ Stúgar fyrir fatlaða þurfa að vera 1,80 - 2 metrar á breidd og bílastæði sem sérstaklega er merkt fötludum þarf að vera 4 metrar á breidd.

Aðgengi hreyfihamlaðra, mat á nokkrum stöðum



Kort 6-2 Aðgengi hreyfihamlaðra, mat á nokkrum stöðum.¹⁰⁷

¹⁰⁵ Linda Björk Hallgrímsdóttir, 2005.

¹⁰⁶ Þórunn Edda Bjarnadóttir, 2005.

¹⁰⁷ Linda Björk Hallgrímsdóttir, 2005.

Aðgerðir:

1. Aðgengi fyrir alla sé haft að leiðarljósi við uppbyggingu aðstöðu innan þjóðgarðsins. Á vissum svæðum verði sérstaklega hugað að góðu aðgengi.
2. Þjóðgarðurinn verði kynntur sérstaklega fyrir blindum og aðstandendum þeirra.

Samstarfsaðilar: Sjálfsbjörg, Sjónstöð Íslands, Blindrafélagið, Landssamband eldri borgara, Snæfellsbær.

6.10 Öryggi gesta

Markmið þjóðgarðsins er að öryggi gesta sé sem best tryggt.

Þjóðgarðurinn sinnir öryggi gesta með þrennum hætti. Hann leitast við að tryggja að aðbúnaður sem þjóðgarðurinn setur upp skapi ekki hættu (t.d. að þrepum sé haldið við), að vara við hættu, t.d. við bjargbrúnir, og að landverðir kunni skyndihjálp og þeim sé ljóst hvernig bregðast eigi við beri slys að höndum. Í lengri ferðum eru landverðir með talstöðvar meðferðis.

Þess má geta að á síðustu árum hafa landverðir oftast en áður orðið vitni að því að fólk óð út í sjó við Djúpalónssand og lagðist jafnvel til sunds. Í samstarfi við Slysavarnadeildina Helgu Bárðardóttur er unnið að því að setja upp björgunarhringi og viðvörðunarskilti við Djúpalónssand og í Skarðsvík.

Þrátt fyrir að þjóðvegur (Útnesvegur) liggja í gegnum þjóðgarðinn hefur gsm-símasamband verið stopult innan hans. Hætt er við að fólk geri sér ekki grein fyrir sambandsleysinu og öðlist því falskt öryggi. Sambandið var bætt sumarið 2009 með nýjum sendum en nokkuð er misjafnt hvort samband næst eftir því hvaða símafyrirtæki á í hlut.

Öryggisáætlun fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul verður unnin í samstarfi við björgunarsveitina í Snæfellsbæ og aðra aðila er málið varðar.

Við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands vann Kate Taylor Smith vákort fyrir Snæfellsjökul¹⁰⁸. Hættur sem stafa ef eldsumbrotum í jöklinum þarf að skilgreina í öryggisáætlun.

Aðgerðir:

1. Reglur um hvernig bregðast skuli við slysum verði kynntar landvörðum, m.a. í landvarðahandbók.
2. Starfsmenn þjóðgarðsins sækja námskeið í skyndihjálp.
3. Landverðir hafi ávallt lágmarksbúnað til skyndihjálpar með sér.
4. Varúðarskilti og björgunarhringir verða settir upp á völdum stöðum.
5. Öryggisáætlun fyrir þjóðgarðinn verður unnin og síðan uppfærð árlega.
6. Fylgst verði með því að gsm-samband verði bætt innan þjóðgarðsins.

Samstarfsaðilar: Umhverfisstofnun, björgunarsveitin í Snæfellsbæ, Slysavarnafélagið Landsbjörg, sýslumaður Snæfellinga, lögregla.

6.11 Vinsælir viðkomustaðir


Markmið þjóðgarðsins er að uppbygging á aðstöðu innan hans fullnægi þörfum gesta um leið og hún tryggir verndun náttúru og menningarminja.

¹⁰⁸ Kate Taylor Smith o.fl., 2007.

Við uppbyggingu fyrir útivist og ferðþjónustu er nauðsynlegt að hafa í huga að aðstaða fyrir ferðamenn eða ágangur þeirra má aldrei skerða verndargildi viðkomandi svæðis, með öðrum orðum, þá hefur verndun náttúrunnar ávallt forgang fram yfir hagsmuni ferðamanna. Til þess að auðvelda skipulag og framkvæmdir innan þjóðgarðsins er honum skipt í tíu svæði.

Allar framkvæmdir sem hugað verður að innan þjóðgarðsins verða metnar með tilliti til laga um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal leita leyfis Umhverfisstofnunar og auk þess skal leita umsagnar sveitarfélagsins til framkvæmda samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

Vinsælir viðkomustaðir



Kort 6-3 Vinsælir viðkomustaðir.

Fyrir ferðamenn eru ýmsar hættur innan þjóðgarðsins eins og annarsstaðar á landinu. Má þar nefna jökulinn, hraungjótur, fjörur og sjávarhamra. Nauðsynlegt er að vara við hættum á stöðunum og tryggja öryggi svo sem kostur er. Öryggisáætlun fyrir þjóðgarðinn verður unnin sbr. kafla 6.10.

Í umfjöllun um hvert svæði fyrir sig er fjallað um núverandi ástand, hvernig ástandið verður ef ekkert er að gert og framtíðaráform. Svæðin eru eftirfarandi: Snæfellsjökull,

Gufuskálar, Öndverðarnes, Eysteinsdalur, Saxhóll – Djúpudalir, Beruvík, Hólahólar, Djúpalónssandur – Dritvík, Purkhólhraun, Svalþúfa – Lóndrangar – Malarrif.

Snæfellsjökull


Núverandi staða – Hingað til hafa ekki verið takmarkanir á umferð á Snæfellsjökli. Fjallað er um umferð og umgengni á Snæfellsjökli í kafla 6.4.

Engar aðgerðir – Fram til þessa hefur ekki verið unnið í skipulagsmálum á svæðinu. Mikilvægt er að huga að framtíð svæðisins áður en umferð eykst enn frekar. Verði ekkert að gert mun rask halda áfram að aukast.

Framtíðaráform – Eins og greint er frá í kafla 6.4 hafa verið sett fram drög að reglum um umferð og umgengni á Snæfellsjökli. Aðkoma og merkingar þurfa að vera skýrar og þar þurfa m.a. að koma fram settar reglur. Setja þarf upp aðkomuskilti við Jökulhálsveg þar sem reglur um umferð koma fram og varað verður við hættum sem fylgja ferðum á jökla. Ekki er leyfilegt að byggja upp varanlega aðstöðu við jökulinn, þ.e. sú aðstaða sem leyfð yrði þarf að vera afturkræf og hægt að flytja á brott. Ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins heimilaði fyrir sitt leyti rekstraraðila Snjófells að gera nýjan veg að jöklinum með því skilyrði að almenningi væri heimil för um veginn og að gengið yrði frá þeim stað sem Snjófell hefur notað norðan megin á jöklinum þegar líða tekur á sumarið. Vegurinn var lagður sumarið 2009, er um 400 metra langur og liggur upp af Sandkúlu, mitt á milli Geldingafells og Háháls (sjá kafla 3.4). Einnig ályktaði ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins jákvætt um að lengja mætti Blágilsveg ofan Eysteinsdals þannig að hann færi nær jöklinum og þar yrði gert bílastæði og göngustígur að jökuljaðrinum. Skipulagsstofnun úrskurðað um að sú framkvæmd þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum og sá Snæfellsbær um vegaf framkvæmdirnar haustið 2009.

Gufuskálar

Núverandi staða – Vegna sögu og fornminja eru Gufuskálar einn merkasti staðurinn í Þjóðgarðinum. Margar minjar á litlu svæði, þ.e. fjöldi fiskbyrgja í hrauninu, Gufuskálavör, Írskrabrunnur og fleiri rústir, skapa svæðinu sérstöðu innan Þjóðgarðsins og á landsvísu. Fram til þessa hefur uppbygging á Gufuskálasvæðinu takmarkast við merkingu staða, stikun leiða og upplýsingaskilti Þjóðminjasafnsins við fiskbyrgin frá því fyrir stofnun Þjóðgarðsins. Árið 2004 var unnið heildarskipulag af Gufuskálasvæðinu þar sem gert er ráð fyrir stígum, skiltum, bílastæðum og áningarborðum og er byrjað að vinna samkvæmt því. Við gerð skipulagsins var aðgengi fyrir alla haft sérstaklega að leiðarljósi og ætlunin er m.a. að texti á skiltum verði á blindraletri. Sumarið 2008 kannaði Lilja Björk Pálsdóttir fornleifafræðingur verbúdaleifar á Gufuskálum¹⁰⁹. Veturinn 2008-2009 hrundi hluti Írskrabrunns. Nauðsynlegt er að endurhlaða brunninn og vinna Umhverfisstofnun og Fornleifavernd ríkisins saman að því verkefni.



Mynd 6-2 Fiskebyrgi við Gufuskála.

Engar aðgerðir – Þegar hefur verið tekin ákvörðun um að breyta núverandi aðstöðu á svæðinu til betra horfs og er vinna við það hafin.

Framtíðaráform – Vegspottar að Írskrabrunni og Gufuskálavör voru lagfærðir veturinn 2006 og bílastæði gerð við enda þeirra. Bundið slitlag var lagt sumarið 2008. Í framhaldi er ætlunin að leggja göngustíga og koma upp fræðsluskiltum samkvæmt skipulagi. Með uppbyggingu má ætla að aðdráttarafl svæðisins aukist um leið og verndun þeirra minja

¹⁰⁹ Lilja Björk Pálsdóttir o. fl., 2009.

sem þar er að finna er betur tryggð. Með þessum framkvæmdum verður svæðinu sýnd sú virðing sem það á skilið.

Öndverðarnes

Núverandi staða – Þótt Öndverðarnes sé utan þjóðvegjarins í gegnum þjóðgarðinn er umferð ferðamanna þar mikil. Bundið slitlag var lagt á veginn að Skarðsvík sumarið 2008. Á góðviðrisdögum er mjög fjölmennt í Skarðsvík, auk þess sem Öndverðarnes og fuglabjörgin við Skálasnaga og Nesbjarg eru vinsæl. Stigi frá bílastæði og niður í Skarðsvík var settur upp vorið 2005 og áningarborð 2007. Bílastæði eru of lítil og þröng á Öndverðarnesi og í Skarðsvík þrátt fyrir að þau hafi verið lagfærð nýlega. Vegur að Skálasnagavita hefur verið lagfærður og bílastæði gert nálægt vitanum. Við Öndverðarnesveg er bílastæði og merkingar hafa verið settar upp við upphaf gönguleiða um Öndverðarneshóla. Umferð um gönguleiðina er ekki mikil.

Engar aðgerðir – Ljóst er að aukin umferð á Öndverðarnesvegi í framtíðinni mun skapa ófremdarástand á viðkomustöðum á svæðinu verði ekkert að gert. Á þetta við um alla þrjá viðkomustaðina, þ.e. Skarðsvík, Öndverðarnes og Skálasnaga.

Framtíðaráform – Bæta þarf aðstöðu í Skarðsvík s.s. með salerni, áningarborði og útigri. Bæta þarf bílastæði við Skarðsvík og Öndverðarnes. Gönguleiðin um Öndverðarneshóla er viðkvæm og verður öll uppbygging unnin með verndun svæðisins í huga. Fylgjast þarf vel með því hvernig göngustígar þróast og ef landið fer að láta á sjá þarf að bregðast við með því t.d. að bera áburð á stígana. Vara þarf við hætum við ströndina og setja upp björgunarhring t.d. í Skarðsvík.

Eysteinsdalur - Harðibali

Núverandi staða – Vegurinn í Eysteinsdal og upp með Blágili er nokkuð grófur auk þess sem úr veginum rennur á hverju vori. Frá veginum er fjöldi styttri og lengri gönguleiða. Stikaðar leiðir eru um Rauðhól, að Klukkufossi, á Hreggnasa, að Snekkjufossi og á Sjónarhól. Sumar þessara leiða þarfnast lagfæringa, auk þess sem hægt er að fjölga merktum gönguleiðum á svæðinu. Við Harðabala, ofan Eysteinsdals, er unnt að aka upp undir Jökul upp með Blágili. Frá Harðabala er vegslóði yfir á Jökulháls. Núverandi umferð um veginn er óveruleg og þar er því að finna vannýtt tækifæri til útivistar. Skíðasamband Íslands hefur óskað eftir því að aðstaða til skíðaiðkunar verði á svæðinu upp af Harðabala en sambandið var þar með bráðabirgðaáðstöðu sumarið 2005. Samkvæmt lið 12a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru skíðasvæði á verndarsvæðum og jöklum tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu.¹¹⁰



Mynd 6-3 Göngubrú yfir Móðulæk í Eysteinsdal.

Engar aðgerðir – Eysteinsdalur og svæðið ofan hans er minna heimsótt en aðrir vinsælir viðkomustaðir sem hér eru nefndir. Þrátt fyrir það er ljóst að aukinn fjöldi ferðamanna mun skapa meira álag á svæðinu eins og annars staðar. Af þeim sökum þarf í framtíðinni að byggja þar upp frekari aðstöðu, t.d. útskot, til að stuðla að verndun svæðisins.

Framtíðaráform – Unnið hefur verið að því að laga tengingu á milli Eysteinsdalsvegjar og leiðarinnar yfir á Jökulháls. Samfara þessum framkvæmdum verður gengið frá

¹¹⁰ Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

vikurnámu með því að slétta úr haugum og jafna kanta. Lagfæra þarf stíg að Klukkufossi. Setja þarf útskot við upphaf gönguleiða og á vinsælum viðkomustöðum. Ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins tók vel í hugmyndir um skíðasvæði upp af Harðabala en þær eru undir því komnar að hugsanlegt skíðasvæði stangist ekki á við mat á umhverfisáhrifum.

Saxhóll – Djúpudalir

Núverandi staða – Við bæinn Saxhól eru miklar rústir frá því að þar var búið. Hluti rústanna er sýnilegur frá vegi en stór hluti þeirra er rétt handan túngarðsins, t.d. rétt, náttthagi o.fl. Auk þess má sjá móta fyrir kirkju og kirkjugarði.

Í Saxhól er sár eftir malarnám. Nokkuð algengt er að menn gangi upp á gíginn enda er hann fagurlega formaður. Sumarið 2004 var sett upp lágreist varnargirðing til að varnar því að gengið væri hringinn um gígbarminn og þannig unninn skaði á jarðmynduninni. Sumrin 2008 og 2009 voru settar járnröppur í stíginn sem liggur upp á Saxhól og auðvelda þær mikið gönguna. Setja þarf fleir slíkar tröppur.

Í og við Djúpudali er fjölbreytt gróðurfar og gott berjaland. Akstursleiðir að staðnum eru illa afmarkaðar og þarf að bæta úr því.

Sumarið 2005 var Hólastígur frá Saxhóli að Gufuskálum stikaður og brú byggð yfir Móðulæk. Bílastæði var gert á mótis við brúna.

Engar aðgerðir – Hætta er á að aðkoma að Djúpudölum láti á sjá, þ.e. að óþarfa rask skapist vegna óskipulegrar aðkomu.

Framtíðaráform – Bærinn Saxhóll hentar vel til kynningar á fornum búskaparháttum enda eru þar miklar og fallegar minjar (m.a. hleðslur) mjög nærri þjóðveginum. Æskilegt væri að setja upplýsingaskilti um staðinn við bílastæði en einnig væri hægt að útbúa fræðslustíg með áherslu á sögu staðarins og búskaparhætti fyrri tíma. Mögulegt er að ganga betur frá bílastæði við gíginn Saxhól, til að mynda með skýrari afmörkun. Sárið í gígnum eftir efnisnám er þess eðlis að erfitt er að lagfæra það og því væri farsælla að nota það sem dæmi um efnistöku liðinna tíma. Uppi á Saxhóli verður sett sjónskífa sumarið 2010. Bæta þarf aðgengi að Djúpudölum með skýrum aðkomuleiðum og áningarstöðum. Útafkeyrsla verði lagfærð til þess að hægt sé að halda gamla þjóðveginum opnum enda er hann mikið notaður á berjatímanum. Vegna fjölbreytts gróðurfars í Djúpudölum er kjörið að koma þar upp fræðslustíg um gróður.

Beruvík

Núverandi staða – Tveir vegslóðar liggja í átt til sjávar á Beruvíkursvæðinu, annars vegar að Klofningsrétt og hins vegar langleiðina að Nýjubúð og eru bílastæði við enda þeirra. Að auki er bílastæði við upphaf gönguleiðarinnar út á Öndverðarnes, Nesgötu. Í Beruvík er mikill fjöldi rústa frá þeim tíma þegar þar var enn búið. Þar er mest áberandi steypa bæjarhúsið í Nýjubúð en auk þess sjást fornleifar við bæina Hellu, Helludal og Garða. Búið er að stíka hringleið um svæðið og setja niður staura við stöku rúst en gert er ráð fyrir að setja lítil útskýringarskilti á þá. Í Beruvík er Klofningsrétt en þaðan var góður stígur upp á malarkambinn en af honum var gott útsýni yfir víðáttumiklar fjörur. Stígurinn er nú horfinn og þarf að laga hann. Sunnan Beruvíkurbæjanna var bærinn Litlalón og þar skammt frá er hraunhöllinn og álfakirkjan Gyðjarsteinn. Í átt að Litlalóni liggur vegslóði sem endar í bleytusvæði, afleggjari frá veginum að Klofningsrétt. Einnig liggja slóðar til fjalls úr Beruvík. Leiðin niður á Eyrar hefur verið GPS-mæld og stikuð.

Engar aðgerðir – Erfitt er að koma í veg fyrir utanvegaakstur þar sem slóðar og bílastæði eru illa skilgreind.

Framtíðaráform – Í Beruvík er mögulegt að gera búsetu og búsetuháttum fyrri tíma skil. Við Klofningsrétt er ákjósanlegur staður fyrir áningarstað með grillaðstöðu o.fl. Þar er þó ekki auðvelt að fá vatn til salerna en leiða mætti það úr Beruvíkurlæknum. Slóðinn í átt að

Litlalóni verði áfram opinn en bílastæði gert við enda hans áður en komið er að bleytusvæði sem Beruvíkurlækurinn myndar nálægt ströndinni. Yfir votlendið yrði smíðuð lág göngubrú, eins konar plankar. Brýnt er að loka vel þeim slóðum og -akstursföllum sem eru utan vega og afmarka vel þá vegi sem áfram verða í notkun. Bílastæði var gert neðan við Nýjubúð og mun það nýtast fyrir þá sem ætla að skoða rústirnar. Til þess að gestir njóti slíkrar heimsóknar er nauðsynlegt að koma fyrir upplýsingum á bílastæðinu og einnig við einstakar rústir.

Til fjalls á svæðinu er gert ráð fyrir að tveir slóðar verði opnir í framtíðinni, annars vegar upp með Beruvíkurlæknum og hins vegar spölkorn upp með hraunkantinum á móts við veg sem liggur niður að Hrafnabjörgum/Flæðivík.

Öðrum slóðum verður lokað og ekki er ætlunin að fjölga vegum á svæðinu. Bera þarf áburð og e.t.v. sá einæru rýgresi í lokaða slóða.

Hólahólar

Núverandi staða – Nokkuð er um að Hólahólar og Hólavogur séu heimsóttir. Hægt er að aka inn í Berudal í Hólahólum en þar eru ummerki um að ekið hafi verið upp í hlíðar gígsins. Nauðsynlegt hefur reynst að afmarka bílastæði í dalnum þar sem nokkur dæmi voru um akstur upp í hlíðar gígsins sumarið 2005 og aftur sumarið 2008. Sumarið 2004 var stíkuð hringleið frá Hólavogi um bæjarrústir Hólahóla og til sjávar. Skemmtileg gönguleið er frá Hólavogi og yfir í Dritvík og á Djúpalónssand og var hún stíkuð sumarið 2006. Borið hefur verið í veg niður með Hrafnabjörgum í Flæðivík og þar er lítið bílastæði. Aðstaðan er þó ófullnægjandi fyrir hópferðabíla. Við Fögrubrekkur er afleggjari frá aðalvegi sem annars vegar liggur í lykku, þ.e. frá aðalvegi og að honum aftur um gróskumiklar berjabrekkur, og hins vegar að gróðurlundi.

Engar aðgerðir – Núverandi aðstaða við Hólahóla og nágrenni er miðuð við tiltölulega fáa ferðamenn. Fyrirséð er að ferðamannastraumur í þjóðgarðinum mun aukast í framtíðinni og því er nauðsynlegt að bæta aðstöðu, t.d. með bættum merkingum.

Framtíðaráform – Setja þarf upp skilti til að merkja gönguleiðir frá Flæðivík/Hólahólum. Einnig er nauðsynlegt að huga vel að vegum, útskotum og bílastæðum við Fögrubrekkur. Berudalur verði lokaður fyrir bílaumferð en hægt verði að halda þar ýmiss konar samkomur. Bílastæði yrði fyrir utan gíginn, þannig staðsett að bílar sjáist ekki þegar inn í gíginn er komið.

Purkhólahraun

Núverandi staða – Meðal þekktra hella í Purkhólahrauni eru Íshellir og Vatnshellir og að þeim hafa troðist göngustígar. Mikill fjöldi annarra hella er á svæðinu (sjá umfjöllun í kafla 4.2). Um Purkhólahraun liggur vörðuð gönguleið/reiðleið frá jadhri Háahrauns, Háahraungata. Göngustígur hefur verið lagður að jarðfallinu Bárðarbóli.

Engar aðgerðir – Ljóst var að væri ekkert að gert myndi áframhaldandi átroðningur við hella leiða til þess að verndargildi þeirra, og vísindalegt, rýrnaði.

Framtíðaráform – Til þess að gestir þjóðgarðsins fái notið þeirrar neðanjarðarveraldar sem finna má í þjóðgarðinum er nauðsynlegt að velja úr hella til að gera aðgengilega. Veturinn 2009-2010 var unnið að því að gera Vatnshelli aðgengilegan og verður hann opnaður almenningi til skoðunar sumarið 2010 (sjá kafla 6.8 um hellaskoðun). Gera þarf stíg að Bárðarbóli færan öllum.

Djúpalónssandur og Dritvík

Núverandi staða – Djúpalónssandur er fjölsóttasti staðurinn í þjóðgarðinum. Fjaran sjálf hefur há þölmörk en aðkoman að sandinum þyrfti að vera mun betri til þess að allir hópar ferðamanna fái notið staðarins. Sumrin 2003 og 2004 var unnið að endurbótum á

aðstöðu fyrir ferðamenn. Salerni voru sett upp á vegum Ferðamálastofu, auk þess sem göngustígar hafa verið lagfærðir af sjálfboðaliðum BTCV og Sjálfboðaliðasamtökum um náttúruvernd. Ferðamálastofa hugðist ljúka framkvæmdum við Djúpalónssand og leggja góðan stíg öllum færan frá bílastæðinu og upp á Djúpalónshól þar sem sér yfir sandinn. Bílastæðið á staðnum er þegar orðið alltof lítið og það verður til þess að öngþveiti skapast þegar gestir eru margir á björtum sumardögum. Búið er að setja björgunarhring á Djúpalónssandi en borið hefur á því að fólk vaði út í sjóinn og leggist jafnvel til sunds. Varúðarskilti verða sett upp við bílastæðið.

Gönguleiðin yfir í Dritvík er vinsæl enda er leiðin stutt (1 km) að þessum sögufræga útgerðarstað. Rof sjávar leiðir til þess að flytja hefur þurft stíginn frá jaðrinum og upp í hraunið. Stígurinn er nokkuð grófur og því einungis fyrir vel göngufært fólk.

Nokkuð er um að fólk taki með sér steina, svokallaðar Djúpalónsperlur, af sandinum og hefur borið á því að magnið sé óhóflegt. Ætla má að fjöldi gesta á Djúpalónssandi sé yfir 100.000 manns á ári. Taki hver einstaklingur með sér 100 g af steinum er magnið samtals um tíu tonn á ári.

Frá Sandhólum norðan Djúpalónssands liggur merkt gönguleið um hraungötu í Dritvík. Að Sandhólum liggur vegur frá þjóðvegi sem erfitt hefur reynst að halda í góðu ástandi vegna ágangs vatns í rigningu og leysingum. Frá bílastæði við Sandhóla liggur slóði inn í hraunið.



Mynd 6-4 Frá Djúpalónssandi.

Engar aðgerðir – Aðstaðan sem nú er á Djúpalónssandi er hætt að geta annað þeim gestafjölda sem þangað kemur og því ljóst að grípa þarf til aðgerða. Göngustígar sem ekki hæfa notendahópi staðarins geta ógnað öryggi gesta og of lítil aðstaða (t.d. þröngir stígar og of fá bílastæði) getur skert ánægju þeirra.

Framtíðaráform – Nauðsynlegt er að stuðla að því að Djúpalónssandur sé aðgengilegur öllum hópum ferðafólks, þ.m.t. öldruðum og fötluðum. Ljóst er að stígurinn niður á sandinn þarf að vera þannig úr garði gerður að hann þoli mikla umferð og sé sem flestum fær, þrep jöfn og slitsterk. Stækka þarf bílastæðið frá því sem nú er og ljúka þarf við að ganga frá svæðinu í kringum salerni. Leggja þarf góðan stíg upp á hæðina þaðan sem gott útsýni er yfir sandinn. Setja þarf upp skemmtileg og skiljanleg skilti sem benda gestum á að steinataka er bönnuð. Nauðsynlegt er að finna varanlega lausn á staðsetningu og gerð vegar að Sandhólum og gera þar bílastæði. Finna þarf leið til að loka og græða upp slóða sem liggja frá bílastæði við Sandhóla. Fylgjast þarf vel með landbroti meðfram göngustígnum á milli Djúpalónssands og Dritvíkur.

Svalpúfa og Lóndrangar, Malarrif

Núverandi staða – Svalpúfa og Lóndrangar eru með vinsælli viðkomustöðum í Þjóðgarðinum. Algengast er að fólk leggi bílum sínum á bílastæði við Svalpúfu og gangi fram á Þufubjarg þar sem sjá má fjölda sjófugla, auk tilkomumikils útsýnis til Lóndranga og sjávar. Sumarið 2008 var nýtt og gott bílastæði gert við Svalpúfu. Stígurinn frá veginum að bjarginu er það mikið genginn að sár hefur myndast í svörðinn. Nokkuð er um að fólk gangi frá Þufubjargi að Lóndröngum. Á þeirri leið, í Drangsvogi, eru minjar um útgerð fyrri tíma en frá Lóndröngum er skemmtileg leið að Malarrifi.

Á Malarrifi er starfsmannafélag Siglingastofnunar með sumarhús í gömlu bæjarhúsunum, auk þess sem félagið hefur afnot af vélarhúsi. Þjóðgarðurinn hefur hins vegar fjárhúsin á sinni könnu og er hluti þeirra nýttur sem geymsla og vinnuaðstaða. Þjóðgarðurinn hefur hag af góðu samstarfi við Siglingastofnun, t.d. með því að bjóða upp á heimsókn í vitann.

Engar aðgerðir – Þolmörkum göngustíga að Svalpúfu er þegar náð og ef ekkert er að gert mun átroðningur fara enn frekar út fyrir ásætlanleg mörk.

Framtíðaráform – Setja þarf upplýsingaskilti um sögu og jarðfræði svæðisins við bílastæðið á Svalpúfu. Leiðin að bjarginu er stutt og þægileg og er þetta því kjörinn staður til að gera aðgengilegan fyrir alla. Til þess þarf að leggja aflíðandi stíg úr varanlegu efni frá bílastæði og fram á Þufubjarg og hugsanlega að útbúa þar fuglaskoðunarstað í samráði við Fuglaverndunarfélag Íslands. Leggja ber einfaldari stíg milli Svalpúfu, Lóndranga og Malarrifs.

Í tengslum við vegagerð um Útnesveg var slitlag lagt á veginn að Malarrifi og bílastæði afmarkað við fjárhúsin. Einnig var náma á bak við fjárhúsin löguð og mótaðar hæðir í kringum slétt svæði til að skapa skjóð. Svæðið er hugsað sem hluti af fræðslusvæði fyrir börn og sem áningarstaður. Utan við það er bílastæði. Gert er ráð fyrir að gestir Þjóðgarðsins, svo og sumardvalarfólk Siglingastofnunar, muni leggja bílum sínum við fjárhúsin þaðan sem góðar gönguleiðir lögju að Malarrifsvita, fjörunni og Lóndröngum. Þó væri mögulegt fyrir dvalargesti að aka að íbúðarhúsinu með farangur. Æskilegt er að bílastæði við fjöruna verði lokað, þar sem bílar festast gjarnan í lausri möl, eða það gert betra með þéttu undirlagi. Ýmsar hugmyndir hafa komið upp varðandi hlutverk fjárhúsanna, m.a. sú að þar geti ferðamenn snætt nesti innandyra þegar veður er vont. Vandamálið er hins vegar að ekkert vatn er á staðnum en e.t.v. má leysa það í náinni framtíð.

7 Kynning, fræðsla og samstarf

7.1 Umhverfisfræðsla og umhverfistúlkun

Markmið þjóðgarðsins er að efla vitund fólks um gildi náttúruverndar með því að bjóða gestum hans upp á lifandi og skemmtilega fræðslu sem byggð er á aðferðafræði umhverfistúlkunar. Stefnt er að því að hægt verði að taka sérstaklega á móti skólahópum og öðrum hópum og fræða þá um náttúru og sögu svæðisins með markvissum hætti.

Fræðsla er ekki eingöngu tæki til að miðla þekkingu og vera „skemmtun“ heldur einnig stjórnæki sem nota má meðvitað m.a. til að ná fram markmiðum náttúruverndar. Umhverfistúlkun er ákveðið form fræðslu sem hægt er að nýta til þess.

Umhverfistúlkun (nature interpretation/environmental interpretation) höfðar til skynjunar og upplifunar þátttakenda. Takmarkið er að fólk njóti þess að vera úti í náttúrunni hvert á sinn hátt og skilji samspil ólíkra þátta í náttúrunni og mikilvægi náttúru- og umhverfisverndar. Lykillinn er að örva fólk til að sjá undur náttúrunnar og njóta þeirra. Þannig er leitast við að fólk kynnist náttúrunni á þann hátt að augu þess opnast fyrir ýmsu því merkilega sem í henni býr, fái áhuga á að skilja hana og taka tillit til hennar.



Mynd 7-1 Í gestastofu.

Möguleikar þjóðgarðsins til að sinna fræðslu og umhverfistúlkun eru góðir. Undanfarin ár hefur verið boðið upp á reglulega dagskrá frá miðjum júní og fram í miðjan ágúst. Sumarið 2004 var bætt við sérferðum sem sérstaklega voru sniðnar að þörfum heimamanna og tókust þær með miklum ágætum. Tekið er á móti skólum og sérhópum ef þess er óskað og hægt er að koma því við.

Með opnun gestastofu þjóðgarðsins á Hellnum í júlí 2004 breyttist aðstaða til upplýsingagjafar og móttöku gesta. Gestastofan hefur hlotið mjög góðar viðtökur en þar er boðið upp á lifandi og skemmtilega fræðslu um þjóðgarðinn og náttúruvernd. Í gestastofu er gagnvirk upplýsingaveita (vefsjá) með upplýsingum um ýmsa málaflokka sem

koma svæðinu við. Vefsjáin er aðgengileg á Netinu. Unnin hefur verið 9 mínútna kynningarkvikmynd um þjóðgarðinn og nágrenni sem sýnd er í gestastofu.

Landvarsla er einungis tímabundið sumarstarf og því er óhjákvæmilegt að nokkur endurnýjun sé í röðum landvarða. Af þeim sökum er nauðsynlegt að til sé aðgengilegt fræðsluefni fyrir landverði um svæðið og fróðleikur um gönguferðir í fastri sumardagskrá. Landverðir sem hafa verið í verknámi hjá þjóðgarðinum hafa unnið góðar handbækur um einstök svæði og almenn handbók um starfsemi þjóðgarðsins var unnin vorið 2008.

Æskilegt er að kennsluefni fyrir grunnskóla og framhaldskóla sé til í þjóðgarðinum. Slíkt efni auðveldar starfsmönnum þjóðgarðsins að taka á móti hópum. Stefnt er að því að í framtíðinni verði settur á laggirnar náttúru- og útiskóli að tilstuðlan þjóðgarðsins.

Heimasíða þjóðgarðsins er hjá www.umhverfisstofnun.is. Ljóst er að núverandi heimasíða er ófullnægjandi og leiðin að upplýsingum um þjóðgarðinn er flókin. Æskilegt er að þjóðgarðurinn verði með eigin heimasíðu þar sem fróðleikur um svæðið, starfsemi þjóðgarðsins, dagskrá, námsefni, yfirlit yfir rannsóknir og fleira væri aðgengilegt. Til þess að heimasíðan nýtist sem best er nauðsynlegt að starfsmenn þjóðgarðsins geti sjálfir séð

um að setja inn efni á síðuna. Þjóðgarðurinn er með síðu á Fésbókinni (Facebook) og þar eru settar inn ýmsar tilkynningar og fróðleikur.

Aðgerðir:

1. Unnin verði fræðsluáætlun fyrir þjóðgarðinn.
2. Sumardagskrá þjóðgarðsins sé vel auglýst þannig að sem flestir nýti sér hana. Jafnframt verði tekið á móti sérhópum eftir því sem mögulegt er.
3. Kappkostað skal að gestastofan sé lifandi móttökustaður fyrir gesti þjóðgarðsins, munir þar verði uppfærðir og nýjungum bætt við.
4. Fræðsluefni fyrir landverði verði safnað markvisst og gert aðgengilegt fyrir starfsmenn.
5. Kynna þjóðgarðinn fyrir skólum.
6. Útbúa verkefni fyrir skólahópa.
7. Þjóðgarðurinn verði með sýnilegri heimasíðu en nú er.

Samstarfsaðilar: Umhverfisstofnun, skólar, Námsgagnastofnun, Náttúrustofa Vesturlands, Slysavarnafélagið Landsbjörg.

7.2 Auglýsingar

Markmið þjóðgarðsins er að stefna í auglýsingum sé skýr þannig að þær skili sem bestum árangri og fjármagn nýttist sem best.

Þjóðgarðurinn kynnir starfsemi sína að langmestu leyti með fréttatilkynningum um viðburði og starfsemi og með ókeypis tilkynningum í viðburðadagatölum á Netinu. Einblöðungum þar sem sumardagskrá þjóðgarðsins og gestastofa eru kynnt er dreift til ferðaþjónustuaðila og upplýsingamiðstöðva á Vesturlandi. Auk þess eru dagskrá þjóðgarðsins og fréttir af starfseminni birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Annars konar auglýsingar, þ.e. sem fela í sér kostnað, eru t.d. auglýsingar í kynningarbæklingum og blöðum, til að mynda um opnunartíma gestastofunnar.

Stefna þjóðgarðsins í auglýsingum er að þjóðgarðurinn auglýsi þar sem sýnt þyki að auglýsingar komi að gagni. Fé til auglýsinga er tekið af rekstrarfé þjóðgarðsins en Umhverfisstofnun borgar auglýsingar fyrir þjóðgarðinn í undantekningartilvikum þegar um sérstaka viðburði sem tengjast Umhverfisstofnun er að ræða. Þjóðgarðurinn kaupir að jafnaði ekki styrktarlínur enda er ekki til þess ætlast að þjóðgarðurinn styrki aðra starfsemi.

Aðgerðir:

1. Hjá þjóðgarðinum er lögð áhersla á að kynna starfsemi sína með fréttatilkynningum og stuttum fréttum. Þjóðgarðurinn birti reglulega fréttir af starfsemi sinni, dagskrá, framkvæmdum, nýjungum í gestastofu o.fl. í staðarblöðum á Snæfellsnesi, sem og á Vesturlandi öllu.
2. Dagskrá með upplýsingum um sumarstarfið verði dreift á ferðamannastaði og upplýsingamiðstöðvar á Vesturlandi og í Reykjavík. Dagskráin verði á heimasíðu þjóðgarðsins.
3. Vanda þarf vel valið þegar greiða þarf fyrir auglýsingar.

Samstarfsaðilar: Ferðaþjónustuaðilar á Vesturlandi, Framkvæmdaráð Snæfellsness.

7.3 Þátttaka heimamanna

Markmið þjóðgarðsins er að virkja samfélagið á staðnum til þátttöku í starfsemi og uppbyggingu þjóðgarðsins.

Þjóðgarðinum er mikilvægt að eiga gott samstarf við heimamenn, einstaklinga, félagsamtök, skóla og sem flesta aðra aðila á Snæfellsnesi. Margir heimamenn búa yfir mikilli staðarþekkingu. Með góðu samstarfi fær þjóðgarðurinn aðgang að viskubrunni heimamanna og virðing þeirra fyrir þjóðgarðinum og náttúruvernd eykst. Þjóðgarðurinn lítur á svæðið frá Stykkishólmi að norðan og frá Vegamótum að sunnan sem sitt heimasvæði. Auglýsingar um viðburði sem ætlaðir eru heimamönnum eru auglýstir í staðarblöðunum á þessu svæði. Dagskráin er einnig kynnt í miðlum, prent- og netmiðlum, sem eiga við um allt Vesturland.

Sumarið 2004 var í fyrsta skipti mótuð dagskrá sem sérstaklega var ætluð heimamönnum. Um var að ræða kvöldferðir með áherslu á búsetusögu og voru þær vel sóttar af þeim sem búa næst þjóðgarðinum. Heimamenn hafa einnig lagt mikið af mörkum í vinnu fyrir þjóðgarðinn og verið duglegir við að heimsækja gestastofuna.

Stefna þjóðgarðsins er að kaupa þjónustu í heimabyggð sé þess nokkur kostur.

Aðgerðir:

1. Á hverju sumri verði dagskrárliðir sem eru sérsniðnir að heimamönnum.
2. Dagskrá verði sérstaklega kynnt heimamönnum, t.d. með auglýsingum á opinberum stöðum og pistlum í staðarblöðum.
3. Þjóðgarðurinn stuðli að og viðhaldi góðum tengslum við frjáls félagsamtök á svæðinu.
4. Þjóðgarðurinn hafi frumkvæði að því að kynna félagsamtökum og skólum þá þjónustu sem þjóðgarðurinn hefur upp á að bjóða.

Samstarfsaðilar: Frjáls félagsamtök á Snæfellsnesi, skólar.

8 Hagrænt gildi

8.1 Yfirlit

Markmið þjóðgarðsins er að sú starfsemi sem leyfð er í þjóðgarðinum skerði hvorki verndargildi hans né ímynd.

Við stofnun þjóðgarðs verður breyting á eðli efnahagslegar nýtingar á viðkomandi svæði. Tilgangur þjóðgarðs leiðir af sér að allri annarri starfsemi en náttúruvernd og ferðaþjónustu sem samræmist henni eru sett ákveðin takmörk. Með stofnun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls opnuðust hins vegar nýir möguleikar á nýtingu á svæðinu, t.d. varðandi ferðaþjónustu. Auglýsingargildi þjóðgarðsins fyrir Snæfellsnes sem heild er einnig ótvírætt s.s. í tengslum við ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu. Áður var hráefnisnáma á svæðinu, ef svo má að orði komast, þar sem jarðefni voru tekin í starfsemi annars staðar. Það að um þjóðgarð er að ræða getur verið takmarkandi fyrir ýmsar tegundir atvinnustarfsemi og nú er t.d. efnistaka háð leyfi þjóðgarðsins. Vegagerðinni hefur þó verið heimilað að taka efni til vegagerðar innan þjóðgarðsins. Hrossabeit og lausaganga hrossa er bönnuð en sauðfjárbreit hefur verið heimiluð fram til þessa. Kvikmyndataka undir eftirliti hefur verið leyfð innan þjóðgarðsins. Nauðsynlegt er að skýrar reglur gildi um hvaða hagrænu not af þjóðgarðinum eru heimil og með hvaða skilyrðum.

8.2 Leyfisveitingar

Markmið þjóðgarðsins er að leyfisveitingar fylgi skýru og gegnsæju ferli og að reglur um þær séu aðgengilegar.

Atvinnustarfsemi og samkomuhald í þjóðgarðinum er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Það sama gildir um aðra starfsemi sem ekki flokkast undir hefðbundna útivist og ferðaþjónustu. Nauðsynlegt er að leyfisveitingar fylgi skýru og gegnsæju ferli.

Þegar sótt er um leyfi vegna t.d. efnistöku, kvikmyndunar, ferða með hesta, útilistsýninga eða rannsókna snýr viðkomandi sér ýmist beint til þjóðgarðsins eða Umhverfisstofnunar. Endanleg ákvörðun um leyfi er hjá Umhverfisstofnun en ef erindið er minniháttar afgreiðir þjóðgarðsvörður það.

Ef umsóknin varðar fornleifar á einhvern hátt skal viðkomandi snúa sér til Fornleifaverndar ríkisins.

Aðgerðir:

Reglur um leyfisveitingar liggja fyrir og séu aðgengilegar á heimasíðu þjóðgarðsins/Umhverfisstofnunar. Umsóknareyðublöð verði á heimasíðunni.

Samstarfsaðilar: Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins, leyfisumsækjendur.

8.3 Jarðefnanám


Markmið þjóðgarðsins er að vernda jarðmyndanir, þar með talin laus jarðefni.

Frágangur náma hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum og hefur víða verið gert átak í að laga gömul námusár. Innan þjóðgarðsins eru nokkur ummerki eftir nám jarðefna sem ganga þarf betur frá (sjá kafla 5.3).

Frá stofnun þjóðgarðsins hefur efni verið tekið innan hans til vegagerðar í þjóðgarðinum sjálfum. Efnið hefur annars vegar verið notað í endurnýjun Útnesvegar fyrir Jökul og

hins vegar í styrkvegi innan þjóðgarðsins. Að auki var sprengt úr sjávarhömrum við Malarrif til notkunar í hafnargarða á Arnarstapa.

Jarðefnanám



Kort 8-1 Jarðefnanám.

Vegna uppbyggingar Útnesvegjar fyrir Jökul sóttist Vegagerðin eftir efnisnámi innan þjóðgarðsins og samþykkti ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins það. Ástæða þess að ákveðið var að heimila efnisnámið var fyrst og fremst kostnaður. Talið var unnt að sættast á ákveðin svæði þar sem landi hafði þegar verið raskað eða þegar um árfarvegi er að ræða sem reynslan sýnir að fyllast aftur. Þessir staðir eru þeir sömu og efni hefur verið sótt í hingað til: gamalt námasvæði í árfarvegi ofan vegar við Hólahóla, vikurhaugar við Móðulæk frá því að vikur var unninn uppi við Jökul og farvegur Móðulækjar. Einnig var sæst á að taka mætti efni úr hrygg sem gengur norður frá fjárhúsum á Malarrifi en hluti hans var raskaður. Þá var veitt leyfi til að taka hraunhól sem liggur nálægt Útnesvegi. Alls gerði Vegagerðin ráð fyrir að efnismagnið yrði 81.500 m³. Á korti 8.1 eru efnistökuastaðirnir sýndir. Í tengslum við lagningu bundins slitlags á Útnesvegi hefur þjóðgarðurinn óskað eftir því að aðrir vegir innan þjóðgarðsins verði einnig lagðir bundnu slitlagi. Með því ætti þörf á efnistöku að minnka verulega.

Nokkuð er um að einstaklingar óski eftir leyfi til grjótnáms í fjörum þjóðgarðsins. Til að byrja með var tekin ákvörðun um leyfi í hvert skipti en sumarið 2004 var ákveðið að taka

alfarið fyrir grjótnám innan þjóðgarðsins. Í undantekningartilvikum, þegar um verkefni í almannaþágu er að ræða og sýnt þykir að grjótnámið hafi ekki áhrif á lífríkið, er hugsanlegt að það yrði leyft. Tilvikin yrðu athuguð í hvert sinn.

Aðgerðir:

1. Einungis er heimilt að taka efni úr farvegi Móðulækjar til viðhalds á vegum innan þjóðgarðsins.
2. Heimilt verður að veita leyfi fyrir grjótnámi á Malarrífi vegna viðhalds á höfninni á Arnarstapa.
3. Önnur efnistaka verður óheimil.

Samstarfsaðilar: Vegagerðin, Snæfellsbær.

8.4 Búfjárbæit – sauðfjárbæit

Markmið þjóðgarðsins er að heimila takmarkaða sauðfjárbæit á svæðinu.

Í 19. gr. reglugerðar um þjóðgarðinn segir að lausaganga hrossa sé óheimil í þjóðgarðinum en það sama gildir í Snæfellsbæ. Í reglugerðinni segir að kveðið skuli á um lausagöngu sauðfjár í verndaráætlun. Fram til þessa hefur sauðfjárbæit verið leyfð en kindur á svæðinu tilheyra aðallega frístundabændum á Hellissandi. Fjöldi sauðfjár innan þjóðgarðsins hefur verið óverulegur og er því ekki um ofbæit að ræða. Í ljósi þess er stefna þjóðgarðsins sú að sauðfjárbæit verði áfram leyfð innan þjóðgarðsins. Eigi að taka alfarið fyrir bæit þýðir það stórfelldar aðgerðir við að girða land. Ætla má að um 250 kindur haldi sig við eða innan þjóðgarðsins, með lömbum eru það um 750 fjár. Aukist sauðfjárbæit áskilur þjóðgarðurinn sér rétt til að bregðast við á viðeigandi hátt, þ.e. með takmörkunum. Lagt er til að búíð sé að smala fé úr þjóðgarðinum fyrir fyrsta nóvember.

Aðgerðir:

1. Sauðfjárbæit er leyfileg innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Aukist bæitin frá því sem er árið 2010, þannig að hætta sé talin á að hún hafi áhrif á gróðurfar, verður bæit takmörkuð.
2. Fylgjast þarf með þróun beitar og fjölda sauðfjár og setja ítölu ef með þarf.
3. Ekki er leyfilegt að reka eða aka fé að þjóðgarðsmörkum eða inn í hann til að sleppa því lausu.
4. Vetrarbæit er ekki leyfð innan þjóðgarðsins og skal vera búíð að smala fé fyrir fyrsta nóvember ár hvert.
5. Meta þarf beitarþol og burðargetu svæðisins.

Samstarfsaðilar: Snæfellsbær.

8.5 Eggjataka

Markmið þjóðgarðsins er að viðhalda þeirri gömlu menningararfleifð sem felst í eggjatúslu án þess að viðkomu bjargfugla á svæðinu sé hætta búin.

Í aldanna rás var sótt í björgin eftir eggjum og fugli. Jörðin Saxhóll átti Saxhólsbjarg en bændur í Beruvík fengu einnig að nýta bjargið.

Þegar þjóðgarðurinn var stofnaður hafði um nokkurt skeið tíðkast að björgunarsveitin Björg á Hellissandi færi eftir fyrsta varp og tíndi egg úr Saxhólsbjargi til fjáröflunar. Auk þess hafa nokkrir einstaklingar tekið egg til eigin nota árum saman. Dregið hefur úr eggjatökunni á undanförunum árum og er hún nú óveruleg. Rökin fyrir því að eggjataka

var leyfð eftir stofnun Þjóðgarðsins eru þau að um viðhald menningararfleifðar sé að ræða.

Hugsanlegt væri að bjóða upp á vorferð í Saxhólsbjarg til eggjatúslu í samráði við björgunarsveitir. Í ferðunum myndi magn eggja takmarkast við þá þátttakendur sem kæmu í ferðina. Þar sem bjargfugli hefur fækkað undanfarin ár skv. fuglatalningu eru slíkar ferðir ekki á döfinni að svo stöddu.

Aðgerðir:

1. Skipulögð verði vöktun fugla innan Þjóðgarðsins og áætlun gerð um hófstilla nýtingu fuglabjarga í Þjóðgarðinum.
2. Þeir sem sækja egg í björgin skulu hafa samband við Þjóðgarðinn og gefa upp hve mörg egg eru tekin, hvar þau eru tekin og af hvaða tegund þau eru.

Samstarfsaðilar: Björgunarsveitin í Snæfellsbæ, Náttúrustofa Vesturlands, háskólasetur Snæfellsness.

8.6 Kvikmyndun

Markmið Þjóðgarðsins er að aðeins sé leyfð sú kvikmyndun sem tryggt er að skaði hvorki verndargildi hans né ímynd.

Sífelld færast í vöxt að innlendir og erlendir kvikmyndagerðarmenn sækist eftir leyfi til kvikmyndatöku í íslensku landslagi. Búast má við því að þessi ásókn aukist enn frekar í framtíðinni.

Eins og fram kemur í kafla 8.2 um leyfisveitingar ber að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar fyrir kvikmyndatöku en eftirlit er í höndum Þjóðgarðsins. Skilyrði fyrir leyfi er að tryggt sé að umstangið við kvikmyndunina skerði ekki verndargildi á viðkomandi stað. Þjóðgarðurinn metur út frá eðli og umfangi verkefnisins hvort nauðsynlegt sé að hafa fulltrúa Þjóðgarðsins til eftirlits á staðnum. Eftirlitið er greitt af leyfishafa í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Aðgerðir:

1. Upplýsa fyrirtæki um reglur varðandi kvikmyndatöku í atvinnuskyni.
2. Kvikmyndagerðarmenn skulu afla tilskilinna leyfa áður en kvikmyndataka hefst. Sjá kafla 8.2.
3. Eyðublöð vegna kvikmyndatöku verða aðgengileg á heimasíðu.

Samstarfsaðilar: Umhverfisstofnun, leyfishafar.

8.7 Þjónusta

Markmið Þjóðgarðsins er að tryggja að gott samstarf sé við þá aðila sem eru með starfsemi í Þjóðgarðinum og að þjónustan samræmist markmiðum Þjóðgarðsins.

Vitar

Innan Þjóðgarðsins eru þrjár vitar á vegum Siglingastofnunar: Malarrifsviti, Svörtuloftaviti (Skálasnagaviti) og Öndverðarnesviti. Þjóðgarðurinn sækist eftir samstarfi við Siglingastofnun um kynningu á vitum innan Þjóðgarðsins. Með því að fræða gesti um gildi vita fyrir sjósókn nýtist þessi þjónusta á margþættari hátt en áður.

Starfsmannaaðstaða Siglingastofnunar á Malarrífi

Á Malarrífi er starfsmannafélag Siglingastofnunar með sumarhús í gömlu bæjarhúsunum, auk þess sem félagið hefur afnot af vélarhúsi. Þjóðgarðurinn hefur hins vegar fjárhúsin á

sinni könnu og er hluti þeirra nýttur sem geymsla og vinnuaðstaða. Samkomulag um húsin á Malarrífi var undirritað af umhverfisráðherra og samgönguráðherra við stofnun Þjóðgarðsins en árinu áður hafði Siglingastofnun gert samkomulag við starfsmannafélagið um afnot þess af húsunum. Með vaxandi starfsemi er æskilegt að Þjóðgarðurinn fái full yfirráð yfir húsakosti á Malarrífi en ljóst er að svo verður ekki í náninni framtíð. Húsin þar eru t.d. góður kostur sem bústaður landvarða og í tengslum við fræðslustarf.

Starfsemi á Gufuskálum

Slysavarnafélagið Landsbjörg er með fjölbreytta starfsemi á Gufuskálum. Samtökin hafa byggt upp góða aðstöðu með fullkominni gístaðstöðu, kennsluáðstöðu og æfingasvæði í rústabjörgun. Aðstaðan er að langmestu leyti nýtt af samtökunum sjálfum. Slysavarnafélagið Landsbjörg býður upp á unglínganámskeið á sumrin en auk þess hafa grunnskólahópar gist í húsnaðinu á vorferðalögum.

Þjóðgarðurinn og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa hag af samstarfi sínu á milli. Þjóðgarðurinn hefur leigt húsnaði fyrir starfsmenn sína á Gufuskálum að sumrinu til og einnig fyrir námskeiðahald.

Hjá Þjóðgarðinum er áhugi á því að koma á fót náttúru- og útiskóla þar sem tekið yrði á móti skólahópum og öðrum hópum sem vilja fræðast um náttúru og sögu svæðisins og landsins. Hægt væri að tengja þá fræðslu við útivist og björgunarstörf. Á Gufuskálum er aðstaða fyrir slíkan skóla fyrir hendi.

Aðgerðir:

1. Komið verði á samstarfi um nýtingu vita og annarra mannvirkja fyrir fræðslustarfsemi Þjóðgarðsins.
2. Þjóðgarðurinn kanni grundvöll fyrir samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg um aukna starfsemi á Gufuskálum þar sem áhersla yrði lögð á fræðslu um náttúru, menningarminjar, náttúruvernd og útivist s.s. fyrir skóla eða hópa eldri borgara.

Samstarfsaðilar: Siglingastofnun Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Fornleifavernd ríkisins.

8.8 Minnisvarðar

Markmið þjóðgarðsins er að minnisvarðar innan hans séu sem fæstir.

Síðan Þjóðgarðurinn var stofnaður hefur verið settur upp einn minnisvarði í honum, minnisvarði um hjónin Guðrúnu Jónsdóttur og Sigurð Magnússon. Er hann í gróðurlundi nærri Fögrubrekkum þar sem þau stunduðu gróðursetningu en Sigurður beitti sér einnig fyrir bættum samgöngum fyrir Jökul. Fleiri fyrirspurnir hafa borist um að reisa minnisvarða en ekki orðið úr því.

Fornleifavernd ríkisins hefur sett sér ákveðin viðmið varðandi minnisvarða. Samkvæmt þeim er stofnunin alfarið á móti því að settir séu upp minnisvarðar við friðlýstar og/eða verndaðar fornminjar. Hjá Fornleifavernd ríkisins hefur verið samþykkt að á slíkum stöðum sé hægt að fallast á að setja lítil fræðsluskilti og skal gerð þess og texti borinn undir Fornleifavernd ríkisins. Skiltunum skal síðan valinn staður í samráði við stofnunina.

Stefna Þjóðgarðsins er að minnisvarðar innan hans eigi að vera sem fæstir. Ef leyfi er veitt þarf staðsetning minnisvarða að vera mjög vel ígrunduð. Nauðsynlegt er að staðsetningin sé á þann veg að aðgengi að minnisvarða sé greitt þannig að hvorki skapist rask né að skemmdir verði á jarðmyndunum við uppsetningu hans eða þegar fólk skoðar hann. Efnisval minnisvarða þarf að vera í samráði við Þjóðgarðinn og þess gætt að þeir verði ekki til lýta í landslaginu. Setja þarf reglur um af hvaða tilefni reisa megi

minnisvarða innan þjóðgarðsins og hvernig þeir skuli líta út. Taka má mið af því að minnisvarðar séu reistir í minningu einhvers sem hefur haft mikla þýðingu fyrir þjóðina eða Snæfellsnes sem heildar eða vegna sérstaks atburðar.

Aðgerðir:

1. Setja skal reglur um hvernig minnisvarða megi reisa í þjóðgarðinum og af hvaða tilefni.
2. Vegna minnisvarða við fornminjar skal leita leyfis hjá Fornleifavernd ríkisins.

Samstarfsaðilar: Fornleifavernd ríkisins.

9 Rannsóknir og vöktun

9.1 Rannsóknir

Markmið þjóðgarðsins er að stuðla að rannsóknum á svæðinu og tryggja að skrá yfir rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar sé til á aðgengilegu formi, svo og að nýjar rannsóknir um svæðið berist þjóðgarðinum.

Þó nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á jarðfræði eldstöðvarinnar Snæfellsjökuls. Hins vegar vantar tæmandi rannsóknir á gróðurfari, fuglum, smádyrum, fjörum, hellum, fornleifum og örnefnum. Mjög mörg áhugaverð rannsóknarefni er að finna innan þjóðgarðsins, bæði á sviði náttúrufræða og menningarminja. Auk þjóðgarðsins er Fornleifavernd ríkisins leyfisveitandi þegar rannsóknir á fornleifum eru annars vegar.

Æskilegt er að þjóðgarðurinn stuðli að rannsóknum og eigi gott samstarf við þá aðila sem hafa hug á rannsóknum innan hans, jafnt stofnunum og háskólum landsins sem áhugamannafélögum.

Samkvæmt reglugerð þjóðgarðsins eiga þeir sem stunda rannsóknir innan þjóðgarðsins að fá leyfi til þess. Veiting slíks leyfis felur í sér að þjóðgarðinum berist honum að kostnaðarlausu niðurstöður viðkomandi rannsókna. Gott samstarf þarf að vera við þá sem stunda rannsóknir og æskilegt væri að þjóðgarðurinn gæti komið með óskir um viðbætur við þær rannsóknir sem fyrirhugaðar eru. Brögð hafa verið að því að ekki hafi verið sótt um leyfi og rannsóknarskýrslur hafi ekki skilað sér og er því nauðsynlegt að koma á fót ferli sem leiðir til þess að niðurstöður berist þjóðgarðinum.

Þeir sem rannsóknirnar stunda skulu hafa í huga að um þjóðgarð er að ræða og gæta þess að öll vinna í kringum rannsóknirnar sé vistvæn og í samræmi við reglur þjóðgarðsins.

Aðgerðir:

1. Stuðlað verði að samstarfi við rannsakendur og reynt að tryggja að niðurstaða rannsókna berist þjóðgarðinum.
2. Á heimasíðu þjóðgarðsins verði eyðublað sem rannsakendur fylli út þegar sótt er um leyfi til rannsókna. Á blaðinu komi fram þau ákvæði sem gilda um rannsóknir innan þjóðgarðsins.
3. Safnað verði upplýsingum um fyrri rannsóknir og niðurstöður þeirra, og þær skráðar í gagnagrunn. Yfirlitið sé aðgengilegt á heimasíðu þjóðgarðsins á Netinu.
4. Þeir sem stunda rannsóknir innan þjóðgarðsins skulu senda niðurstöður þeirra til þjóðgarðsins, honum að kostnaðarlausu.
5. Stuðla skal að því að háskólanemar geti stundað rannsóknir í sínu fagi innan þjóðgarðsins og að þær nýtist þjóðgarðinum.

Samstarfsaðilar: Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, Hafrannsóknastofnun, Fornleifavernd ríkisins, háskólar o.fl.

9.2 Vöktun

Markmið þjóðgarðsins er að vakta lífríki og náttúruminjar í þjóðgarðinum í samstarfi við fagstofnanir. Einnig er stefnt að því að þjóðgarðurinn afli eigin gagna um þau mál sem varða rekstur og framtíð þjóðgarðsins, t.d. í tengslum við ferðaþjónustu, s.s. með því að vakta þolmörk göngustíga og aðra þætti sem hafa áhrif á upplifun ferðamanna.



Frá stofnun þjóðgarðsins hefur verið reglubundin vöktun á fjölda refagrena í ábúð á vegum Náttúrustofu Vesturlands. Á sumrin sjá landverðir um daglegt eftirlit á svæðinu og gæta þess að gestir fylgi reglum þjóðgarðsins. Sumarið 2002 sáu landverðir um talningu ferðamanna á Djúpalónssandi með sjálfvirkum tækjabúnaði í eigu Ferðamálastofu.

Mynd 9-1 Ferlaufungur.

Mikilvægt er fyrir þjóðgarðinn að fylgst sé með þróun lífríkis og álags á náttúruna af völdum gesta með vöktun á ýmsum þáttum. Til þess að vöktunin skili tilskildum árangri þarf hún að vera reglubundin og skrásett. Hún þarf að vera vel skipulögð og markmiðin með henni þurfa að vera skýr, skilvirk, raunhæf, tímasett og mælanleg. Einnig þarf að vera ljóst fyrir fram hvernig bregðast eigi við ef breytingar skila ekki tilætluðum árangri, t.d. ef stígum er lokað en fáir fara eftir því. Nauðsynlegt er að skipulag vöktunar sé í samráði við fagaðila á hverju sviði, þ.e. Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands, Fornleifavernd ríkisins og stofnanir á sviði ferðamála, s.s. Ferðamálastofu, Ferðamálasets Íslands eða ferðamálafræðinga.

Þeir þættir sem nauðsynlegt er að vakta eru: fuglar, refur, minkur, plöntur á válista, göngustígar, fjöldi og viðhorf ferðamanna, breytingar á jöklinum og ástand jarðfræði- og menningarminja. Starfsmenn þjóðgarðsins eru færir um að vera með ákveðið eftirlit og einnig að vakta suma þætti samkvæmt leiðbeiningum sérfræðinga en öðrum þáttum þurfa sérfræðingar á viðkomandi sviði að sinna. Gera þarf ráð fyrir fjármagni til vöktunar þegar gerð er kostnaðaráætlun fyrir þjóðgarðinn.

Aðgerðir:

1. Gerð verði vöktunaráætlun í samráði við fagaðila. Vakta þarf fugla, ref, mink, plöntur, válistategundir, göngustíga, fjölda og viðhorf ferðamanna, breytingar á jöklinum og ástand jarðfræði- og menningarminja.
2. Fjöldi ferðamanna sé talinn reglulega, t.d. á Djúpalónssandi og öðrum stöðum þar sem þess er talin þörf.

Samstarfsaðilar: Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hellarannsóknafélagið, Jöklarannsóknafélagið, Náttúrustofa Vesturlands, Fuglaverndarfélag Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Vegagerðin, Ferðamálastofa, Ferðamálasetur Íslands.

10 Framkvæmd verndaráætlunar

10.1 Starfsfólk og stjórnun

Stór hluti þeirra verkefna sem talin eru nauðsynleg samkvæmt verndaráætluninni eru unnin af starfsmönnum þjóðgarðsins. Eftir umfangi einstakra framkvæmda eru þau ýmist framkvæmd af landvörðum, sjálfbodaliðum, ráðgjöfum eða verktökum. Við ýmis verkefni er samstarf við stofnanir eða stjórnáætlun nauðsynlegt.

Allar framkvæmdir sem hugað verður að innan þjóðgarðsins verða metnar með tilliti til laga um mat á umhverfisáhrifum.

10.2 Fjármögnun

Fjárlög

Markmið þjóðgarðsins er að fjárframlög séu í samræmi við skyldur hans.

Þar sem verndaráætlunin gildir í tíu ár er óhentugt að hafa tölur um fastar fjárveitingar í henni. Heppilegra er að gerð sé grein fyrir tölum sem koma rekstri þjóðgarðsins við í fjárhagsáætlun sem endurskoðuð er ár hvert. Engu að síður skal hér gerð grein fyrir fjárhagsstöðu þjóðgarðsins hingað til.

Fjárhagsgrunnur þjóðgarðsins var 10 milljónir króna árin 2001-2005. Sá grunnur var of lágur og í fjárlögum fyrir árið 2006 hækkaði grunnurinn um 3 milljónir króna. Við stofnun þjóðgarðsins var ekki gert ráð fyrir ákveðinni upphæð í framkvæmdir. Vorið 2002 ákvað umhverfisráðuneytið að veita þjóðgarðinum 3,5 milljónir króna til að setja upp gestastofu á Hellnum. Gert var ráð fyrir að rekstur hennar, þ.e. húsaleiga og starfsfólk, kostaði 3,5 milljónir króna á ári. Árið 2003 var fastur starfsmaður ráðinn til þjóðgarðsins og gert var ráð fyrir stöðu hans í fjárveitingum. Á fjárukalögum fyrir árið 2004 komu 10 milljónir króna tímabundið í hlut þjóðgarðsins. Árið 2005 var gert ráð fyrir að næstu þrjú árin yrði 25 milljónum króna varið til að byggja upp gestastofur í þjóðgördunum Snæfellsjökli og í Jökulsárgljúfrum. Af þeirri upphæð komu fjórar milljónir króna í hlut þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Á fjárlögum fyrir árið 2008 var gert ráð fyrir að 50 milljónir króna rynnu næstu fjögur ár í byggingu þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi. Er það afar brýnt verkefni sem nýtast mun mörgum. Búið er að hanna húsið en öðrum framkvæmdum hefur verið frestað vegna ástands í efnahagsmálum þjóðarinnar. Á fjárlögum fyrir árið 2010 voru tíu milljónir króna settar í framkvæmdir innan þjóðgarðsins og verður þeim varið í nokkur stór verkefni. Síðustu ár hefur um 30 milljónum króna verið veitt í rekstur þjóðgarðsins á ári.

Nauðsynlegt er að fjárframlög séu með þeim hætti að hægt sé að sinna þeim skyldum sem honum ber, bæði hvað varðar náttúruvernd og ferðaþjónustu. Eins og staðan er í dag þarf að hækka fjárframlög til þjóðgarðsins sérstaklega þar sem mikil uppbygging á sér stað s.s. við lagningu stíga og merkingu gönguleiða.

Aðgerðir:

Unnið skal að því að fjárframlög til þjóðgarðsins verði hækkuð þannig að hann geti sinnt þeim skyldum sem honum ber.

Samstarfsaðilar: Umhverfisráðuneyti.

Styrkir og kostun

Markmið þjóðgarðsins er að nýta þær fjármögnunarleiðir sem mögulegar eru hverju sinni til að efla starfsemi þjóðgarðsins.

Ferðamálastofa fjármagnaði og stóð fyrir framkvæmdum við salerni á Djúpalónssandi. Þjóðgarðurinn hefur sótt um styrki til fleiri verkefna til Ferðamálastofu en frá árinu 2004 hefur að jafnaði ekki verið veitt styrkjum til friðlýstra svæða. Þjóðgarðurinn hefur sótt um styrki til fleiri aðila en án mikils árangurs. Undantekning er að Vegagerðin hefur veitt þjóðgarðinum styrki vegna byggingar og viðhalds á styrkvegum innan þjóðgarðsins. Þá hafa menningarráð Vesturlands og menningarsjóður Sparisjóðs Ólafsvíkur veitt þjóðgarðinum styrki til ákveðinna verkefna. Þjóðgarðurinn hefur verið í nokkrum stórum samstarfsverkefnum og hafa þau hlotið styrki frá Vaxtarsamningi Vesturlands og Impru, nýsköpunarmiðstöð.

Aðgangur að gestastofunni er ókeypis en borið hefur á því að fólk vilji láta fé af hendi rakna til styrktar starfseminni. Til þess að taka við slíkum framlögum hefur verið settur upp baukur í gestastofu. Ætlunin er að féð renni til ákveðinna verka, s.s. til kaupa á hlutum fyrir gestastofuna. Hingað til hefur hvorki verið tekið gjald fyrir gönguferðir né ferðir eða kynningar fyrir sérhópa. Vilji fólk greiða fyrir slíka þjónustu er því bent á styrktarbaukinn í gestastofu.

Sum einkafyrirtæki hafa styrkt ýmis sérverkefni á vegum ríkisins og hefur það verið nefnt kostun. Eðlilegt er að þjóðgarðurinn nýti sér þessa fjármögnunarleið við einstök verkefni. Nauðsynlegt er að setja sérstakar reglur um hver skilyrðin eru fyrir slíkri kostun, t.d. hvernig kostunaraðila er getið, hvaða verkefni koma til greina, hvenær má taka við fé, frá hverjum o.s.frv.

Aðgerðir:

1. Ávallt verði sótt um þá styrki sem mögulegir eru til fjármögnunar á einstökum verkefnum í þjóðgarðinum.
2. Mótaðar verði skýrar reglur um styrki og kostun einkaaðila í þjóðgarðinum.

10.3 Endurskoðun verndaráætlunar

Gildistími verndaráætlunarinnar er tíu ár en hana ber að endurskoða eftir fimm ár og gera þar breytingar eða viðauka sem þurfa þykir. Með verndaráætluninni fylgir framkvæmdaáætlun og verkefnaáætlun þar sem fram kemur forgangsröðun verkefna og hver vinnur viðkomandi verk. Verkefnaáætlunin er endurskoðuð árlega um leið og fjárhagsáætlun er gerð.

10.4 Forgangsröðun

Meginverkefni þjóðgarðsins á næstu misserum eru eftirtalin verkefni:

- Byggð verði upp nauðsynleg aðstaða á fjölsóttustu stöðum innan þjóðgarðsins, þ.m.t. aðgengi fyrir alla á völdum stöðum. Vinna á Djúpalónssandi og við Gufuskála er komin vel á veg og þarf að ljúka framkvæmdum þar. Enn á eftir að leggja göngustíga og setja upp fræðsluskilti. Einnig þarf að ljúka vinnu við Hólastíg, sem byrjað var á árið 2005, og setja þar upp fræðsluskilti og gönguleiðaskilti. Við Svalpúfu er nauðsynlegt að leggja góðan göngustíg og setja upp fræðsluskilti.
- Aðrir staðir þar sem setja þarf fræðsluskilti og gönguleiðaskilti á næstunni eru á Öndverðarnesi, við Skálasnaga, í Beruvík, við Rauðhól og við Hólahóla.
- Laga þarf gönguleiðina upp á Saxhól.
- Setja aðkomuskilti við mörk þjóðgarðsins bæði að sunnan- og norðanverðu. Á því yrðu m.a. upplýsingar um umgengni innan þjóðgarðsins.

- Setja skilti við Jökulhálsveg að sunnan og að norðan þar sem tilgreindar eru þær reglur sem gilda á jöklinum.
- Vinna áfram að byggingu þjóðgarðsmiðstöðvar.
- Kanna viðhorf ferðamanna til þjóðgarðsins.
- Gera áætlun um vöktun á göngustígum þjóðgarðsins og byrja að fylgjast með álagi á þá reglubundið.
- Rannsaka og skrá lífverur í fjörum þjóðgarðsins en hjá þjóðgarðinum er lögð sérstök áhersla á að efla fræðslu um sjóinn og lífið sem honum tengist.
- Vinna fræðsluefni fyrir börn og unglinga til að nota þegar hópar koma í þjóðgarðinn.
- Írskrabraunn þarf að lagfæra og endurhlaða.

11 Heimildir

- Auglýsing um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda nr. 184/1978, Stjórnartíðindi B.
- Bjarni F. Einarsson, 1996: Fornleifaskrá fyrirhugaðs þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi. Bráðabirgðaskrá. Reykjavík, Þjóðminjasafn, fornleifaskráning.
- Bjarni Reykr Kristjánsson, 2003: Jarðvatn á utanverðu Snæfellsnesi, M.S.-ritgerð, 99 bls.
- Björn Hróarsson, 1990: *Hraunbellar á Íslandi*. Reykjavík, Mál og menning, 174 bls.
- Bornaechaea, P.G. & Arnþór Garðarsson, 2006. *Fuglabjörg á Snæfellsnesi árið 2005*. *Blíki* 27: 4 bls.
- Department of Conservation and Land Management for the Marine Parks and Marine Parks and Reserves Authority and National Parks and Nature Conservation Authority, 1999: *Management Plan - Swan Estuary Marine Park and Adjacent Nature Reserves 1999-2009*. Perth, Western Australia,
- Ferðamálaráð Íslands, 2005: *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum 2005*.
- Fornleifanefnd, 1990: *Skrá um friðlýstar fornleifar – fyrsta útgáfa*, 71 bls.
- Hafrannsóknastofnun, 2007: *Lífriki fjöru í þjóðgarðinum Snæfellsjökli*, 11 bls.
- Hákon Ásgeirsson, 2010. Orsök viðkomubrests hjá ritu Rissa tridactyla í þremur vörpum á Snæfellsnesi. B.S. ritgerð, Umhverfiseild, Landbúnaðarháskóli Íslands. 25 bls.
- Kate Taylor Smith, Freysteinn Sigmundsson og E. Sturkell, 2007: Palaeoenvironmental reconstruction as a tool in hazard assessment: a case study at Snæfellsjökull, veggspjald.
- Landmælingar Íslands (heimasíða):
<http://www.lmi.is/landmaelingar.nsf/pages/markmid.html>
- Lilja Björk Pálsdóttir, Magnús Á Sigurgeirsson, Astrid Daxböck og David Stott, 2009: *Fornleifakönnun á verbúðaleifum á Gufuskálum, Snæfellsnesi, bráðabirgðaskýrsla*, 46 bls.
- Linda Björk Hallgrímsdóttir, 2005: Aðgengi fatlaðra að þjóðgördum á Íslandi, B.S.-ritgerð, 35 bls.
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- Lög um Náttúrufræðistofnun nr. 60/1992.
- Lög um náttúruvernd nr 44/1999.
- Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996: *Válisti 1 – Plöntur*. Reykjavík, 82 bls.
- Norræna ráðherranefndin, 2000: Geodiversitet i nordisk naturvård, 150 bls.
- Oddur Sigurðsson, 1998: *Jöklabreytingar 1930-1960, 1960-1990 og 1994-1995*. *Jökull*, 46, 6 bls.
- Oddur Sigurðsson, 2004: *Jöklabreytingar 1930-1960, 1960-1990 og 2002-2003*. *Jökull*, 54, 9 bls.
- Umhverfisráðuneytið, 2001: *Reglugerð um þjóðgarðinn Snæfellsjökul*, nr. 568.
- Umhverfisráðuneytið, 2002: *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020*, 82 bls. Reykjavík, umhverfisráðuneytið.
- Umhverfisstofnun, 2003: *Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*, 291 bls. Reykjavík, Umhverfisstofnun.

Viðauki IV Jarðfræði

Viðauki V Lífríki.

Viðauki VI Menningarminjar.

Þjóðminjalög nr. 107/2001.

Þórunn Edda Bjarnadóttir, 2005: Aðgengi fatlaðra að níu náttúruverndarsvæðum, B.S.-
ritgerð, 42 bls.

12 Fylgiskjal 1 Athugasemdir sem bárust vegna verndaráætlunar

Árið 2007 voru drög að verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls send til umsagnar margra líkt og fram kemur í kafla 1.3 í Samantekt um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Einnig voru þau aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar og lágu frammi á opinberum stöðum á Snæfellsnesi. Áður höfðu þau verið yfirfarin af fáum aðilum.

Eftirfarandi sendu inn athugasemdir, annað hvort bréflega eða í tölvupósti:

Björn Hróarsson

Björgunarsveit S.L. í Snæfellsbæ

Ferðamálaásetur Íslands

Gunnar Njálsson

Siglingastofnun Íslands

Sjálfsbjörg

Skipulagsstofnun

Snæfellsbær

Starfsmenn náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar

Sæmundur Kristjánsson

Athugasemdirnar voru skannaðar inn og eru eftirfarandi:

Sæl Guðbjörg ... og takk fyrir sendinguna

Sé að hellaumfjöllunin í skýrslunni er að mestu byggð á bók minni Hraunhellar á Íslandi frá 1990.

Bendi á að í nóvember 2006 kom út bókin Íslenskir hellar þar sem finan má mun ítarlegri umfjöllun um hraunhella innan þjóðgarðsins heldur en í gömlu bókinni enda hún að verða 17 ára.

Að mínu viti hefur Vatnshellir sérstöðu á landsvísu vegna stærðar sinnar (lofthæðar) og gerðar.

Þá er Langiþróngur númer 118 í röð lengstu hraunhella jarðarinnar og þrettándi lengsti hraunhellir á Íslandi og í hópi þeirra sem eru um eða yfir kílómetri á lengd.

Annars ekkert annað en að fagna þeim aðgerðum sem stefnt er að varðandi hella í þjóðgarðinum.

"Í jarðfræðiumfjöllun í viðauka I við verndaráætlunina eru þekktustu hellarnir nafngreindir í umfjöllun um ákveðin hraun."

Þennan viðauka tókst mér ekki að finna í skýrslunni.

Á blaðsíðum 47 og 48 er þessa setningu að finna:

"Margir fleiri hellar eru heimsóttir, til að mynda í Saxhólshrauni, en ekki þykir ástæða til að gea frekari ráðstafanir vegna þeirra að svo stöddu."

Nú er eftir því sem ég best veit aðeins einn hellir þekktur í Saxhólshrauni. Sá heitir Saxi og um 14 metra djúp hola sem erfitt er að siga niður í og ekki á færi nema vel útbúinna einstaklinga. Í Saxa hafa því ekki margir komið og setningin því ekki að öllu leyti rétt. En með því að sleppa innskotssetningunni (, til að mynda í Saxhólshrauni,) er þetta orðið bæði gott og rétt.

Annars bara til hamingju með verndaráætlunina

Bestu kveðjur

Björn Hróarsson
898 3021
bjorn@ritverk.is
www.ritverk.is

Björgunarsveit S. L. í Snæfellsbæ

Hellissandi, 14. mars 2007

Ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls,
Formaður, dr. Árni Bragason

Björgunarsveitin hefur fengið upplýsingar um að í drögum að Verndaráætlun 2007–2017 fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul sé tillaga um að hafna þeirri ósk okkar að heimilt verði að leggja akfæran veg frá bílastæði við Garða niður á Eyrar í Beruvík.

Þetta eru okkur mikil vonbrigði og treystum við því að þessi málsmeðferð verði ekki látin ná fram að ganga. Að tala um það að “stórgrýti verði fjarlægt þannig að hægt sé að fara leiðina í neyð” sýnir mikið skilningsleysi og vanþekkinu.

Að auðvelda umferð og sýta leið þar sem koma þarf björgunartækjum á strandstað án ökutækja getur verið aðgerð til farsællar björgunar og einnig spurning um líf eða dauða.

Um þetta svæði dugar ekkert annað en ofaníborinn vegur, vegur sem auðvelt væri að lagfæra og halda við á meðan að og ef þungaumferð þyrfti að fara þar um.


Hjálagt sendum við kort frá Siglingamálastofnun sem sýnir hina miklu umferð skipa vestan við Snæfellsnes í janúarmánuði 2007.

Við boðsendum þetta bréf á fund ráðgjafarnefndar Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Bréfið er sent til formanns nefndarinnar og þess óskað að það verði kynnt nefndarfólki.

Að lokum áréttum við beiðni okkar til ráðgjafarnefndar Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls að nefndin samþykki nú á fundi sínum að akfær vegur verði lagður frá bílastæðinu við Garða niður á Eyrar í Beruvík.

Virðingarfyllst,

F.h. Björgunarsv. S. L. í Snæfellsbæ



Davíð Óli Axelsson

**Umsögn um Verndaráætlun Snæfellsjökuls
UST 20070400017/mik**


Umsagnaraðili: Ferðamálaásetur Íslands

Uppbygging og viðhald þjóðgarða er afar stórt verkefni, sem snertir ekki einungis náttúruvernd, heldur einnig byggða- og atvinnuþróun. Þjóðgarður sem þessi getur þannig aukið gjaldeyristekjur af ferðamennsku og að verulegur hluti þeirra tekna komi inn í byggðarlögin sem næst þjóðgarðinum liggja í gegnum aukna atvinnu og þjónustu. Reynsla annarra landa af stofnun þjóðgarða sýnir að viðbrögð og viðhorf íbúa nærsamfélaganna geta ráðið miklu um þau efnahagslegu áhrif sem þar verða. Samhliða rekstri þjóðgarðsins þarf því að afla greinargóðra grunnupplýsinga um viðhorf íbúa, sem og um stöðu ferðaþjónustunnar á svæðinu, þ.e. vakta samfélagsáhrif þjóðgarðsins til lengri tíma. Vill Ferðamálaásetur því draga fram og leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þjóðgarðsins fyrir ferðaþjónustu á svæðinu, sem hætta er á að geti misfarist ef ekki er vandað til verka.

Ferðamálaásetur Íslands hefur eftirfarandi athugasemdir og tillögur varðandi verndaráætlunina.

- a) Bent er á að framtíðar mörk þjóðgarðsins ættu að liggja um Fróðarheiði (bls. 2) og er tekið heilshugar undir það. Eins og staðan er nú eru mörkin utan um aðeins hálf til svæðið ef tekið er tillit til megin aðdráttaraflsins; eldfjallsins Snæfellsjökuls.
- b) Áhersla á aðgengi að öllum merkjum stöðum þjóðgarðsins er mikilvægt en gæta verður þó að því að ekki skapist vandamál vegna umferðar. Aðgengi þarf að stýra og tryggja að leiðir myndi t.d. hringi sem hægt er að koma upp einstefnu á. Er hér átt við akstursleiðir, líkt og bent er á með göngustíga (bls. 42).
- c) Á bls 41 og 44-45 er talað um möguleika skíðaiðkunar. Ekki er talið ráðlegt að mæla með slíkri uppbyggingu þar sem hún myndi skaða ímynd jökulsins og ekki vera vænleg til frambúðar í ljósi hops hans.
- d) Sú stefna að hljóta vottun frá Green Globe er allrar virðingar verð en þar sem ekkert virk eftirlit er með framfylgd Green Globe staðla er slík vottun staðlaus stafur á Íslandi.
- e) Benda má á að til fjármögnunar má bjóða uppá gönguferðir undir leiðsögn gegn gjaldi. Væri þannig hugsanlega hægt að stýra flæði betur sem og hafa nokkurn arð af.
- f) Varðandi kort 6-1 er spurt hvort þær gönguleiðir sem þar eru merktar og er ekki fyrirhugað að stíka, hvort þær verði gerðar sýnilegar með öðrum hætti. Talið er ráðlegt að gera það til að beina ferðafólki á ákveðnar brautir t.d. með því að útbúa handhægt gönguleiða kort með merktum erfiðleika stigum (sbr. kort 6.2).

F.h. Ferðamálaáseturs Íslands



Dr. Edward H. Huijbens
Forstöðumaður

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Drög að verndaráætlun

Ábendingar

Sent af Gunnari Njálssyni
Grundarfirði

Djúpalónssandur og Dritvík

Eftir að hafa lesið drög að verndaráætlun yfir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og sannfærst um að margt áhugavert er að gerast á þessu svæði, staldra ég við á einum stað sem er mér hugleikinn. Þessi staður er Djúpalónssandur og Dritvík. Ég hef ekki farið þangað oft, en hann er mjög áhugaverður og margt í drögunum sem kemur honum til góða.

Frá Dritvík inn í Djúpalónssand er gönguleið og það hefur þurft að færa hana innar vegna þess að það hrynur úr hamraveggjunum. Í drögunum segir í kafla 6.3. Ákveðin hætta er á því að fólk fari fram á bjargbrúnir til að njóta fuglaskoðunarinnar, en nauðsynlegt er að stuðla að öryggi gesta með uppbyggingu aðstöðu á ákveðnum stöðum og bent á: Svalþúfu, Saxhólsbjarg, Öndverðanes og Beruvík.

Þetta er þarfaverk að mínu áliti, en ég bendi á að fjölga þessum stöðum seinna meir.

Í kafla 6.10. er talað um að sá aðbúnaður sem þjóðgarðurinn seti upp, skapi ekki hættu. Æskilegt er að vara við hættu, t.d. við bjargbrúnir o.s.frv. og það er yfirleitt ekki gsm samband í þjóðgarðinum og brýnt er að bæta úr því.

Ég vil gera ábendingu um svæðið sem er Dritvík og Djúpalónssandur. Æskilegt er að gönguleiðin þarna á milli sé gerð mjög örugg og sett upp varúðarskilti svo ekki fari á milli mála að ferðafólk skilji að leiðin er hættuleg þar sem hún liggur á bjargbrún. Æskilegt er að hún sé færð nógu langt frá brún. Mikið hrynur úr hömrum. Ég fór fyrir ári síðan með unglunga í Dritvík. Þeir voru að klifra og klöngrast mjög tæpt, sérstaklega í klettarönum vestur af Dritvíkinni sem skaga út í sjóinn og það var illmögulegt að stjórna þeim. Ég vil benda á það, að ef einhver dettur í sjóinn þarna, mun ekki lifa það af, vegna þess að það er mikið dýpi við klettana og ekki hægt að koma neinni björgun við.

Þetta svæði vestur af Dritvíkinni er mjög hættulegt að mínu áliti og það er æskilegt hvort ekki sé ráðlegt að koma í veg fyrir að fólk fari þarna. Það væri ráðlegt að setja upp bjarghringi á nokkrum stöðum með löngu tógi.

Í Dritvík er slysavarnarskýli með ónýtri neyðartalstöð. Mikilvægt er að bæta úr því.

Einnig er athugandi hvort ekki sé ráðlegt að hafa þarna á þessu svæði starfandi vörð sem myndi leiðbeina og aðstoða ferðafólki á svæðinu.

Með fyrirfram þökk.

Gunnar Njálsson

Grundarfirði.



SIGLINGASTOFNUN

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
Klettsbúð 7
360 Snæfellsbær

Kópavogi, 12.04.2007
Tilv. 306
HG

Efni: Drög að verndaráætlun fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökull

Siglingastofnun Íslands á og rekur þrjá vita innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, þ.e. að Malarrífi, Svörtuloftum og Öndverðarnesi. Einnig eru tvö hús, íbúðarhús og vélahús, á Malarrífi í eigu Siglingastofnunar.

Við stofnun þjóðgarðsins var gert samkomulag milli Siglingastofnunar og Náttúruverndar ríkisins. Fyrir hönd stofnananna undirrituðu samgönguráðherra og umhverfisráðherra samkomulagið að Malarrífi þann 28. júní 2001 og var það síðan innfært í þinglýsingarbók sýslumanns þann 14. ágúst sama ár. Fyrsta grein samkomulagsins hljóðar svo: *“Samgönguráðherra f.h. Siglingastofnunar afhendir umhverfisráðherra f.h. Náttúruverndar ríkisins, annars vegar jörðina Malarrífi í Snæfellsbæ og hins vegar jörðina Öndverðarnesi í Snæfellsbæ til umsýslunar og vörslu fyrir þjóðgarð á utanverðu Snæfellsnesi. Um er að ræða allt land ofangreindra jarða með öllum gögnum og gæðum sem jörðunum fylgja og fylgja ber með nánari skilmálum, sem tilgreindir eru í samkomulagi þessu. Undanskilið er þó íbúðarhús og vélahús á Malarrífi, og vitar á Malarrífi og Öndverðarnesi.”* Við gerð þessa samkomulags lá fyrir samkomulag sem Siglingastofnun Íslands, með samþykki samgönguráðuneytisins, hafði gert við starfsmannafélag Siglingastofnunar Íslands þann 7. febrúar 2000 um afnot starfsmannafélagsins af íbúðarhúsi og vélarhúsi á Malarrífi til orlofsdvalar.

Með vísan til framanritaðs gerir Siglingastofnun Íslands þá athugasemd, að í verndaráætlun Umhverfisstofnunar skuli ekki við það miðað að staðið verði við samkomulagið milli stofnana okkar frá 2001, sem undirritaða er af æðstu ráðamönnum þeirra, þ.e. ráðherrum samgöngu- og umhverfismála. Á nokkrum stöðum í drögum að verndaráætluninni svo sem á bls. 58 og 64 segir að þjóðgarðurinn sækist eftir fullum afnotum af húsakosti á Malarrífi. Siglingastofnun leggur til að þessar setningar verði felldar út úr drögnum.


Siglingastofnun hefur rekið vita á landssvæði þjóðgarðsins í hartnær eina öld en fyrsti vitinn á Öndverðarnesi var byggður árið 1909. Undirritaður er á því að áframhaldandi starfsemi Siglingastofnunar innan þjóðgarðsins auki frekar en hitt gildi þjóðgarðsins. Því er ekki fallist á það sjónarmið sem kemur fram á bls. 57 að óheppilegt sé að utanaðkomandi aðilar séu með



aðstöðu innan Þjóðgarðsins (í verndaráætluninni virðist litið á Siglingastofnun sem utanaðkomandi aðila) og að það fyrirkomulag hafi hamlandi áhrif á mögulega uppbyggingu Þjóðgarðsins.

Siglingastofnun er sammála því álitum sem kemur fram í drögum að verndaráætluninni að Þjóðgarðurinn hafi hag af góðu samstarfi við Siglingastofnun, t.d. með því að bjóða upp á heimsóknir í vita. Af hálfu Siglingastofnunar Íslands er forsenda slíks samstarfs að Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull standi við fyrirnefnda gerða samning við Siglingastofnun Íslands.

f.h. Siglingastofnunar Íslands


Hermann Guðjónsson
siglingamálastjóri

Guðbjörg Gunnarsdóttir
Þjóðgarðsvörður
Klettsbúð 7
360 Snæfellsbæ

Reykjavík 10. apríl 2007

Efni: Aðgengi að Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Ég undirrituð hef kynnt mér drög að verndaráætlun fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul samkvæmt þeim gögnum sem send voru til okkar 3. apríl s.l.

Í kaflanum um aðgengi fyrir alla er talað um að stefnt verði að því gera göngustígana aðgengilega fyrir alla.

Ég vil ítreka að það er mikið atriði fyrir fatlaða að hafa góðan aðgang að náttúrunni eins og aðrir Íslendingar.

Bílastæði fyrir fatlaða þurfa að vera lágmark 4 metrar og almennir göngustígar 2 metrar.

Með góðri kveðju,

Kolbrún Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar,
landssambands Fatlaðra

From: stefan@skipulag.is
To: gudbjorg@ust.is
cc: hafdis@skipulag.is, frida@skipulag.is

Date: 18 April, 2007 08:46
Subject: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, verndaráætlun

Sæl Guðbjörg

Skipulagsstofnun fagnar verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul sem stofnunin fékk senda til umsagnar. Skipulagsstofnun hefur ekki haft tæk á því að grandskoða áætlunina en þar sem um er að ræða áætlun um m.a. vegagerð sem er tilkynningarskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og gert er ráð fyrir því að umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun staðfesti áætlunina á formlegan hátt telur Skipulagsstofnun að ganga þurfi úr skugga um hvort áætlunin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 106/2006

Kveðja

Stefán Thors

Athugasemdir vegna umferðar á Jökul:

Reglur um umferð á Snæfellsjökli:

- Frá 1. sept. til 15. maí er öllum, göngumönnum sem ferðamönnum á vélvæddum farartækjum, heimil för um jökulinn hvar sem er.
Athugasemd: Nú þekki ég jökulinn ekki mjög vel en þýðir þetta að þegar það er harðfenni en góð birta þá er göngufólk aldrei í forgangi ?
- Umferð jeppa er bönnuð frá 15. maí til 1. sept.
- Umferð vélsleða er bönnuð frá 10. júní til 1. sept.
Beiðni hefur komið frá Snæfellsbæ um að dagsetning breytist til 10. júlí.
Athugasemd: þá er eins hægt að sleppa reglunum um vélsleða því það fer enginn gangandi á jökulinn eftir 10. júlí.
Athugasemd: hafa sömu tímasetningar fyrir jeppa og vélsleða – 1. júní.
Einfaldara að hafa sömu reglu.
- Undanþágu frá ofangreindum takmörkunum hafa farartæki ferðaþjónustufyrirtækisins Snjófells og annarra hugsanlegra rekstraraðila. Fyrirtækið hefur leyfi til ferða á afmörkuðu svæði, sem tilgreint er í samningi, meðan aðstæður á jöklinum leyfa.
- Síðustu helgina í júní ár hvert er engin vélaumferð leyfð á jöklinum.
- Drepa skal á farartækjum þegar komið er upp og þannig dregið úr loft- og hávaðamengun.
- Ferðafólk er hvatt til að ganga vel um jökulinn og skilja ekki eftir sig rusl.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.

Tilmæli um breytingar á verndaráætlun.

Í áætluninni í kafla 3.4 Vegir. er tvennt sem ég bið eindregið um að skoðað verði betur áður en farið verður í framkvæmdir.

Annars vegar hvort æskilegt er að halda opnum akstursslóðanum ofan Útnesvegur uppmeð hrauninu gengt veginum að Hrafnabjörgum, þar er landið sérlega viðvæmt og engan vegin er hægt að skilgreina endimörk þess slóða fyrr en jókulhlíðin sjálf og hraunið hindrar að ekki sé lengra ekið.

Annað. Nauðsynlegt hlýtur að vera að unnin verði heildstæð áætlun um aðkomumöguleika björgunarsveitanna með sinn búnað bæði til fjalla og í fjöru í þjóðgarðinum, meta verður hvað er líklegra til árangurs björgun úr lofti eða af landi áður en farið verður að leggja vegi að sérsökum svæðum til björgunarstarfa. Þegar kominn er vegur niður í Eyrar er búið að snúa í andhverfu því sem friðlýst var árið 2001. Ég set fram þessi tilmæli því í þjóðgarðinum finnst mér vera nauðsynlegt að til sé svæði þar sem heyrir hinn eini sanni tónn í náttúrunni, **þögnin**.

Með vinsemd
Sæmundur Kristjánsson Rifi.

13 Fylgiskjal II Reglugerð um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul

REGLUGERÐ um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Reglugerð þessi er um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, Snæfellsbæ, sem stofnaður var 28. júní 2001.

Um Þjóðgarðinn gilda ákvæði 51. og 52. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og ákvæði reglugerðar þessarar eftir því sem þau geta átt við.

II. KAFLI

Stjórn Þjóðgarðsins.

2. gr.

Náttúruvernd ríkisins fer með stjórn Þjóðgarðsins. Henni til ráðgjafar starfar ráðgjafanefnd sem umhverfisráðherra skipar með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórnar, Fornleifaverndar ríkisins, Ferðamálasamtaka Snæfellsness og Náttúruverndar ríkisins til að fara með málefni sem varða rekstur og skipulag. Fulltrúi Náttúruverndar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

3. gr.

Náttúruvernd ríkisins ræður Þjóðgarðsvörð til að fara með daglegan rekstur Þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður skal gera tillögu til Náttúruverndar ríkisins um rekstur hans í samræmi við verndaráætlun og staðfest skipulag.

Náttúruvernd ríkisins setur Þjóðgarðsverði erindisbréf. Þjóðgarðsvörður skal vera búsettur í húsnæði Þjóðgarðsins í Snæfellsbæ.

III. KAFLI

Mörk Þjóðgarðsins.

4. gr.

Mörk Þjóðgarðsins eru þessi:

Á sunnanverðu Snæfellsnesi liggja mörk Þjóðgarðsins í norður frá Gjafavík í austurjaðar Háahrauns í landi Dagverðarár og fylgir jaðri hraunsins í punkt $x=274554$ og $y=481631$ og þaðan í punkt $x=274067$ og $y=482377$ og áfram í punkt $x=274234$ og $y=484118$ við jökuljaðarinn. Þaðan fylgja mörkin jaðri jökulsins meðfram Kvíahnúki norður fyrir Geldingafell í gegnum eftirfarandi punkta ($x=275177$ og $y=484730$, $x=275809$ og $y=485869$, $x=275881$ og $y=486776$, $x=275972$ og $y=487881$, $x=275870$ og $y=488522$, $x=275458$ og $y=489452$, $x=275454$ og $y=489704$, $x=275511$ og $y=490306$, $x=275333$ og $y=490563$). Frá þessum punkti liggja mörkin til vesturs í

gegnum punkt $x=273551$ og $y=490386$ að punkti $x=272078$ og $y=489890$. Úr þeim punkti fylgja mörkin austurmörkum Gufuskálalands til sjávar. (Hnit eru gefin í Lambert keiluvörpun, ISN93.) Mörk þessi eru í samræmi við samþykkt aðalskipulag Snæfellsbæjar.

Þjóðgarðinum tilheyra ekki tvö svæði innan ofangreindra marka. Annars vegar er um 25 ha svæði sunnan Gufuskála, sbr. afmörkun á meðfylgjandi uppdrætti, og hins vegar þríhyrnt svæði á jörðinni Einarlóni sem afmarkast af hnitapunktunum A; N $64^{\circ} 46,053'$ og V $23^{\circ} 52,233'$, sem er við gatnamót þjóðveggar nr. 574 og vegslóða í átt að Djúpalónssandi og fylgir línu þaðan til vesturs, sem dregin væri með vegöxl vegslóða að hnitpunkti B; N $64^{\circ} 45,200'$ og V $23^{\circ} 53,718'$ við bílastæði, bein lína þaðan í hnitpunkt C; N $64^{\circ} 44,991'$ og V $23^{\circ} 53,995'$, við Kerlingu og með strandlínu til suðurs að hnitpunkti D; N $64^{\circ} 44,373'$ og V $23^{\circ} 50,652'$ og þaðan bein lína í framangreindan hnitpunkt A við gatnamótin, sbr. afmörkun á meðfylgjandi uppdrætti.

Mörkin eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur gesta.

5. gr.

Þjóðgarðurinn er opinn gestum allt árið.

Heimilt er þjóðgarðsverði að loka þjóðgarðinum fyrirvaralaust og gera mönnum að hverfa burt ef að steðjar vá. Sama gildir, ef þjóðgarðsvörður telur að dvöl manna geti spillt lífríki eða jarðmyndunum.

6. gr.

Gangandi fólki er heimil för um þjóðgarðinn. Fylgt skal merktum gönguleiðum, en annars hefðbundnum gönguleiðum sem við verður komið eða þá fyrirmælum starfsmanna þjóðgarðsins.

7. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum.

Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorpílátum, enda er óheimilt að fleygja úrgangi eða grafa hann.

8. gr.

Óheimilt er að flytja plöntur, fræ og dýr í þjóðgarðinn. Verndun lífríkis svæðisins skal taka mið af alþjóðlegum samningum eins og samningi um líffræðilega fjölbreytni og samningi um verndun villtra plantna og dýra og búsvæða þeirra í Evrópu.

9. gr.

Í þjóðgarðinum er bannað að hrófla við menningarminjum.

10. gr.

Notkun skotvopna er bönnuð í þjóðgarðinum og óheimilt er að kveikja eld á víðavangi.

11. gr.

Óheimilt er að vera með gæludýr, svo sem hunda og ketti, laus í þjóðgarðinum.

12. gr.

Göngumönnum og hjólréiðamönnum er heimilt að tjalda í þjóðgarðinum að fengnu leyfi þjóðgarðsvarðar. Öðrum er bent á tjaldsvæði í nágrenni þjóðgarðsins og gildir það jafnt um tjöld, tjaldvagna og hjólhýsi.

13. gr.

Öll umferð með hesta um þjóðgarðinn er óheimil nema á merktum reiðleiðum og afmörkuðum áningarstöðum enda liggi leyfi þjóðgarðsvarðar fyrir.

14. gr.

Öll umferð reiðhjóla er óheimil utan akvega, bílastæða og reiðhjólaleiða.

15. gr.

Umferð á vélknúnum ökutækjum í þjóðgarðinum er ferðamönnum aðeins heimil á vegum og bílastæðum. Akstur vélknúinna ökutækja á jökli er háð leyfi þjóðgarðsvarðar.

16. gr.

Skylt er gestum í þjóðgarðinum að hlíta fyrirmælum þjóðgarðsvarðar og landvarða starfsmanna hvað snertir umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum.

Nú brýtur maður ákvæði reglugerðar þessarar, og er þjóðgarðsverði og landvörðum þá heimilt að vísa honum úr þjóðgarðinum.

V. KAFLI

Starfsemi í þjóðgarðinum.

17. gr.

Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimilt í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndar ríkisins. Ferðapjónusta innan þjóðgarðsins skal skipulögð á grundvelli sjálfbærrar ferðamennsku.

18. gr.

Mannvirkjagerð, efnistaka og hvers konar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndar ríkisins.

19. gr.

Lausaganga hrossa er óheimil í þjóðgarðinum. Í verndaráætlun skal kveðið á um lausagöngu sauðfjár.

20. gr.

Rannsóknir á náttúrufari og menningarminjum í þjóðgarðinum eru háðar leyfi Náttúruverndar ríkisins.

VI. KAFLI

Lokaákvæði.

21. gr.

Náttúruvernd ríkisins ræður landverði að fengnum tillögum þjóðgarðsvarðar og setur þeim starfsreglur. Þeim skulu fengin sérstök auðkenni og skilríki, er sanni heimildir þeirra til framkvæmdar á reglugerð þessari og fyrirmælum þjóðgarðsvarðar.

Náttúruvernd ríkisins ræður aðra starfsmenn að fengnum tillögum þjóðgarðsvarðar.

22. gr.

Náttúruvernd ríkisins skal gera tillögu að verndaráætlun og landnotkun fyrir þjóðgarðinn sem ráðherra staðfestir.

23. gr.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar að fenginni umsögn Náttúruvernd.

24. gr.

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál samkvæmt þessari grein skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. júní 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigurður Á. Þráinsson.



